LYDÍA ANGELÍKA OG SVANHVÍT HELGA
*Öræfastúlkur út til Kaupmannahafnar*
• ferðir • bílar • veiði • heimili • golf
allt Í MIÐJU BLAÐSINS



Í SUMARSKAPI
*Smíðavellir opnaðir víða um borgina*
Sérblað um sumarið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG





Next
bæklingurinn fylgir blaðinu í dag!

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT

11. júní 2008 — 157. tölublað — 8. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

## MIÐVIKUDAGUR



### Barátta ber árangur

Elín Guðrún Gunnlaugsdóttir miðborgarbúi segir íbúa ánægða með breyttan lokunartíma á Vegamótum og Ölstofunni.

FÓLK 30

### Hvolpar pappírstígranna

Einar Már Jónsson skrifar um hvernig arfleifð franskra maóista og hippa birtist í endurminningum barna þeirra nú á dögum.

Í DAG 14



### Aðhald neytenda skiptir öllu máli

Neytendasamtökin eru fimmtíu og fimm ára.

TÍMAMÓT 16

### Lottomatica á sigurbraut



Jón Arnór og félagar í Lottomatica Roma unnu mikilvægan sigur í gær.

ÍÞRÓTTIR 26

## VEÐRIÐ Í DAG




**HIÐ BESTA VEÐUR** í dag verður vestlæg eða breytileg átt. Skýjað með köflum en léttskýjað víða um vestanvert landið. Hætt við þokulofti með ströndum. Hiti 10-16 stig, hlýjast í uppsveitum.

VEÐUR 4




# Nýr oddviti vill aðrar áherslur í húsafriðun

**Hanna Birna Kristjánsdóttir segir það vel geta verið að pólitísk áhætta fylgi því að taka við oddvitastöðu Sjálfstæðisflokksins. Hún vill nýja hugsun í húsafriðunarmálum og hafnar leið Vegagerðarinnar varðandi lagningu Sundabrautar.**

**BORGARMÁL** „Það er full samstaða innan borgarstjórnar að fara gangaleiðina. Við erum öll sammála um að það sé besta leiðin og viljum þannig fara aðra leið en Vegagerðin hefur lagt til,“ segir Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins. Hún segir það vel geta verið að í því felist pólitísk áhætta að taka við oddvitastöðu flokksins af Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni á þessum tímapunkti.

„Það má vel vera, en ég er reiðubúin að taka þá áhættu. Maður nær aldrei árangri án þess að taka áhættu og ef við náum betri árangri í Reykjavík og fyrir Reykvíkinga, þá er sú áhætta sannarlega þess virði. Góðum árangri í stjórnmálum fylgir oftar en ekki áhætta og mér datt aldrei í hug að skorast undan því að taka þetta að mér,“ segir Hanna Birna um nýtt hlutverk sitt innan Sjálfstæðisflokkis.

Skipulagsmál eru Hönnu Birnu hugleikin þegar rætt er um málefni borgarinnar. Hún segir afdráttarlaust að vilji sinn sé að gangaleið Sundabrautar verði farin og hafnar ódýrari leið Vegagerðarinnar.

Spurð um uppbygginguna í Geldinganesi segir Hanna að byggð muni ekki rísa þar í nánustu framtíð, sérstaklega í ljósi efnahagsástandsins. Hún vill einnig aðrar áherslur í húsafriðunarmálum.

„Ég held að við ættum að fara úr þeim farvegi að tala alltaf um húsfriðun og tala frekar um borgar- og hverfisvernd. Ég held að það sé farsælli leið en að fókusera alltaf á einstök hús.“

Hanna Birna segir jafnframt að borgarfulltrúar allra flokka hafi gert mistök í átökum innan borgarinnar á undanförnum misserum. Hún leggur „alla áherslu á að endurvinna það trúnaðartraust sem við virðumst hafa að einhverju leyti glatað meðal borgarbúa. Við eigum fjölmörg sóknarfæri og ég mun nýta þau.“

**- shá /** **sjá fréttaviðtal síðu 8**



**FIMASTUR FUGLA** Þessir hrafnar á athafnasvæði Björgunar höfðu ýmislegt við það að athuga að ljósmyndari Fréttablaðsins skyldi líta við hjá þeim og vörðu laup sinn með krunki. Hrafninn er stærstur spörfugla á Íslandi og fyrstur íslenskra fugla til að hefja varp en varp- og ungatímabil hans stendur frá byrjun apríl og fram í miðjan júní. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vonast til að lánardrottnar nái samkomulagi um fjármögnun Nýsis:

# Samninga leitað vegna Nýsis

**VIÐSKIPTI** Heildarskuldir fasteigna- og þróunarfélagsins Nýsis eru ekki undir fimmtíu milljörðum og þar af eru um tíu til fimmtán milljarðar án beinna veða, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Sérstök kröfunefnd fjallar nú um eignir og skuldir Nýsis, en það hefur átt í miklum lausafjárerfiðleikum að undanförnu. Félagið fékk greiðslufrest á afborgunum í upphafi mars síðastliðins og gerði í byrjun apríl samning við Landsbankann um aðstoð við sölu á eignum, öflun nýs hlutafjár og fjárhagslega endurskipulagningu lána.

Landsbankinn hefur haft forystu um aðgerðir til að leysa úr þeirri stöðu sem upp er komin, enda langstærsti kröfuhafinn. Hefur bankinn viðrað með óformlegum hætti hugmyndir til annarra kröfuhafa, það er flestra annarra banka og fjármálastofnana í landinu, tilboð um lúkningu óveðsettra skulda með nokkrum afföllum. Enn ber nokkuð í milli, en aðilar segjast þó vongóðir um að saman muni ganga. Nokkur gangur mun hafa verið í viðræðum síðustu daga eftir að fyrstu tilboðum var alfarið hafnað. Nú er á borðinu tilboð upp á að ljúka málinu með greiðslu 40-50 prósenta krafna. Sú tala gæti þó hækkað eitthvað frekar við samningaborðið, eigi samkomulag að nást.

Viðmælendur Markaðarins telja að það sé sameiginlegt markmið alls bankakerfisins að náist saman, því Nýsir sé fjarri því eina fyrirtækið sem glími við greiðsluerfiðleika um þessar mundir. Mikilvægt sé að bregðast á ábyrgan hátt við þeirri stöðu, enda sé mikið í húfi.

**- bih /** **sjá Markaðinn**



**MEÐ MIÐANN GÓÐA** Ásgeir Þór og Alexandra Katrín. Ef afmælisdagur hennar hefði verið með á miðanum – 23 – væru þau nú að fagna 260 milljónum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ásgeir Þór Davíðsson:

## Vann 9 milljónir króna í lottó

**FÓLK** „Það vantaði eina tölu. Þá hefði ég fengið 260 milljónir,“ segir Ásgeir Þór Davíðsson veitingamaður. Hann vann níu milljónir í Víkingalottói sem í var dregið 21. maí. „Ég nota afmælisdaga. En það er erfitt að ná öllum tölum á einn miða þegar maður á 7 börn, 3 barnabörn og 4 barnsmæður. Og einhverra hluta vegna var afmælisdagur dóttur minnar hennar Alexöndru Katrínar – 23 – ekki á miðanum. Þá hefði ég verið með allar tölur réttar.“

**- jbg /** **sjá síðu 30**

Fræðsluefni seðlabanka:

## Andrés önd og peningastefnan

**VIÐSKIPTI Eftir því sem fólkið í landinu er upplýstara um skynsamlega peningastjórnun, því líklegra er að almenningur styðji slíka stjórnun og verði á móti rangri stjórnun, segir Ragnar Árnason, prófessor við Háskóla Íslands.**

**Margir seðlabankar hafa farið þá leið að útbúa kennsluefni til að auka læsi almennings á fjármál og skilning á peningastefnu seðlabanka. Seðlabanki Bandaríkjanna hefur til dæmis gefið út myndasögur í anda Andrésar andar. Aðrir seðlabankar hafa útbúið tölvuleiki eða sett á fót vefsíðu um hagfræði á mannamáli.**

**- bþa /** **sjá Markaðinn**



**SPURNING DAGSINS**



*Þorleifur, varstu þarna milli Stormskers og Báru?*

„Nei, eiginlega frekar milli Stormskers og Sibbu.“

Hjónin Þorleifur Ásgeirsson og Sigurbjörg Pétursdóttir unnu nótt í Lennon-svítunni í happdrættisvinning í Liverpool-för hundrað Íslendinga á vegum FTT. Sverrir Stormsker dvaldi næturlangt með hjónunum í svítunni.

Eigandi Svefns og heilsu er afar ósáttur við vinnubrögð Akureyrarbæjar:

# Eignarnám fyrir einkaaðila

**AKUREYRI** „Þetta er pólitík í sinni verstu mynd,“ segir Sigurður Matthíasson, eigandi Svefns og heilsu, sem nýlega komst yfir samkomulag sem Akureyrarbær gerði við Smáratorg ehf. um stækkun verslunarmiðstöðvarinnar Glerártorgs á Akureyri.

Akureyrarbær beitti eignarnámi svo af stækkun verslunarmiðstöðvarinnar gæti orðið. Meðal eigna sem teknar voru er hús sem hýsti verslanir Sigurðar; Svefn og heilsu og Húsgögnin heim. Sigurður segist hafa átt um fjögur þúsund fermetra verslunar- og lagerhúsnæði auk lóða á því sem hann kallar dýrmætasta verslunarsvæði Akureyrar. Bærinn hafi tekið lóðirnar eignarnámi og afhent þær samkeppnisaðila hans.



**VERSLUNARMIÐSTÖÐIN GLERÁRTORG** Akureyrarbær beitti eignarnámi vegna stækkunar á verslunarmiðstöðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN

Sigurður segist ætla aftur með málið í dóm því samkomulagið hafi ekki verið opinbert þegar bætur fyrir eignarnám voru ákveðnar. „Þá var litið svo á að Akureyrarbær stæði fyrir þessum framkvæmdum en það er greinilegt á þessu samkomulagi að einkaaðili stóð á bak við þetta.“

„Eignarnám er alltaf þrautalending“, segir Sigrún Björg Jakobsdóttir, bæjarstjóri á Akureyri. Hún segir þau hjá Akureyrarbæ hafa gert sitt ítrasta til að semja svo ekki þyrfti að koma til eignarnáms. „Ég skil vel gremju Sigurðar yfir þessu. Hann rak ágætis verslun en til þessa hefði ekki þurft að koma hefði hann viljað semja við okkur.“ - ovd

Lækkun í Kauphöll Íslands:

# Vísitalan ekki lægri í tæp 3 ár

**VIÐSKIPTI** Úrvalsvísitalan hefur ekki verið lægri síðan um miðjan október árið 2005.

Úrvalsvísitalan lækkaði um 1,99 prósent í Kauphöll Íslands í gær og stóð í 4.512 stigum í lok dags. Til samanburðar fór vísitalan hæst í 9.016 stig þann 18. júlí síðast liðinn. Lækkunin á tæpu ári nemur 49,6 prósentum. Frá áramótum hefur úrvalsvísitalan hins vegar lækkað um 29 prósent.

Lækkun úrvalsvísitölunnar nú er meiri en þegar netbólan sprakk um síðustu aldamót. Lækkunin nam þá 47,2 prósentum á einu og hálfu ári. - bþa

# Ólafur Skúlason biskup látinn

Herra Ólafur Skúlason biskup lést á mánudag, 78 ára að aldri.



Ólafur fæddist í Birtingaholti í Hrunamannahreppi 29. desember 1929, sonur hjónanna Sigríðar Ágústsdóttur og Skúla Oddleifssonar. Hann lauk prófi frá guðfræðideild HÍ árið 1955. Ólafur starfaði meðal annars sem prestur í Norður-Dakota í Bandaríkjunum og þjónaði við Bústaðasókn í aldarfjórðung. Árið 1989 var Ólafur kjörinn biskup og gegndi þeirri stöðu til ársins 1997. Hann var sæmdur stórkrossi hinnar íslensku fálkaorðu árið 1992.

Eftirlifandi eiginkona Ólafs er Ebba Guðrún Brynhildur Sigurðardóttir. Eiga þau þrjú börn og sjö barnabörn.

Trump fyrir rétti í Skotlandi:

# Ver áform um lúxusgolfvöll

**SKOTLAND, AP Bandaríski auðkýfingurinn Donald Trump kom fyrir rétt í Skotlandi í gær vegna áforma sinna um að byggja lúxusgolfvöll í landinu.**

**Trump vill byggja „heimsins besta golfvöll“ um 19 kílómetra frá Aberdeen. Þar eiga einnig að vera lúxusíbúðir og hótel. Hluti vallarins á að rísa á svæði þar sem er sjaldgæft dýralíf. Umhverfisverndarsinnar hafa því mótmælt áformunum harðlega. Ferðaþjónustuaðilar og Alex Salmond, fyrsti ráðherra skosku heimastjórnarinnar, eru hins vegar fylgjandi framkvæmdinni.** - þeb

# Pabbi fastur á Spáni

**Tíu ára stúlka bíður eftir að hitta föður sinn í fyrsta sinn í eitt og hálft ár. Upprunakönnun á sakavottorði hans tefur útgáfu dvalarleyfis, þrátt fyrir að hann hafi dvalið hér margsinnis áður. „Mannréttindabrot,“ segir móðir stúlkunnar.**

**FÓLK** María Celeste Bravo Herrera er tíu ára og hefur ekki hitt argentínskan pabba sinn í eitt og hálft ár. Til stóð að hann kæmi til landsins í byrjun sumars og dveldi hér með dóttur sinni yfir sumartímann. Hann hefur hins vegar setið fastur á Spáni í um tvær vikur þar sem tafir hafa orðið á útgáfu atvinnu- og dvalarleyfis honum til handa.

„Henni finnst skrítið að pabbi hennar megi ekki koma til Íslands,“ segir Eyja Líf Sævarsdóttir, móðir Maríu, sem segist hafa staðið í eilífu stappi við Útlendingastofnun undanfarin ár vegna þess hversu örðugt hefur reynst fyrir barnsföður hennar að komast til landsins. „Það er alltaf eins og maður sé að reyna að fá gefins líffæri hjá þeim.“



**PABLO BRAVO HERRERA**

Faðirinn, Pablo Bravo Herrera, hefur komið til landsins alls átta sinnum á síðustu ellefu árum. Áður bjó hann hér í fimm ár. Hann hefur jafnan starfað hér til að geta borgað Íslandsferðirnar, enda eru þær dýrar á argentínsku verðlagi.

Hingað til hefur yfirleitt tekið um tvo mánuði fyrir Pablo að fá atvinnu- og dvalarleyfi, en í þetta sinn fékk Eyja tilkynningu frá Útlendingastofnun um að sakavottorð hans hefði verið sent í upprunakönnun og því yrðu tafir á útgáfu leyfisins.

Eyja undrast að skyndilega þurfi að kanna bakgrunn manns sem hafi komið hingað margoft og öll gögn liggi fyrir um. „Maðurinn ætti frekar að fá orðu frá þjóðinni fyrir að hugsa svona vel um hennar ríkisborgara,“ segir hún.



**BÍÐA EFTIR PABBA** Eyja Líf hefur að eigin sögn þurft að standa í eilífu stappi við Útlendingastofnun undanfarin ár. Maríu finnst skrítið að pabbi fái ekki að koma til Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

María ætlar með föður sínum til Argentínu um mitt sumar og setjast þar á skólabekk í hálft ár. Útlit er fyrir að Pablo fái hins vegar ekki atvinnu- og dvalarleyfi fyrr en eftir að skólinn ytra hefst og því þarf hann líklega að koma hingað fljótlega sem ferðamaður. Hann verður þá af launum sem hann ætlaði að nota til að greiða ferðina.

Eyja bendir á að íslenska ríkið hefði hag af að fá manninn til landsins, þar sem hann myndi þá greiða hér skatt og þar að auki meðlag sem ríkið greiðir Eyju annars. Eyja telur að verið sé að brjóta mannréttindi á dóttur hennar. „Yfirvöld eiga að greiða leiðina fyrir foreldra sína að vera með börnum sínum,“ segir hún.

Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna, vildi ekki tjá sig um málið sem slíkt en benti á sjöundu grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að börn eigi rétt á því að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra.

Engin svör fengust frá Útlendingastofnun vegna málsins í gær.

stigur@frettabladid.is



**FLUGVÉLIN ALELDA** Súdanska sjónvarpið sýndi björgunarmenn berjast við eldinn í flugvélinni. NORDICPHOTOS/AFP

Yfir hundrað manns látnir:

# Mannskætt flugslys í Súdan

**SÚDAN Súdönsk farþegaflugvél brotnaði í tvennt og varð alelda eftir að henni hlekktist á í lendingu á flugvellinum í Khartoum, höfuðborg Súdans, síðdegis í gær.**

**Talið er að 203 menn hafi verið í vélinni þegar hún rann út af flugbrautinni í lendingu í þrumuveðri sem gekk yfir Khartoum í gær. Súdanskir fjölmiðlar segja að yfir 100 manns hafi látist í slysinu. Þá er haft eftir yfirvöldum í Súdan að flugvélin sé í eigu Sudan Airways og að hún hafi verið að koma frá Amman í Jórdaníu.** - ovd

Prestastefna hófst í gær:

# Ræða innri mál kirkjunnar

**TRÚMÁL** Prestastefna hófst klukkan sex í gær með messu í Dómkirkjunni í Reykjavík.

Um 130 prestar og djáknar eru skráðir til þátttöku á prestastefnu en fundirnir fara fram í Seljakirkju í Reykjavík. Aðalefni prestastefnu eru samþykktir um innri málefni kirkjunnar. Þessar samþykktir snúa að framkvæmd mála, svo sem skírn og fermingu, sem Þjóðkirkjan fékk sjálf fullt forræði yfir með lögum um Kirkjuráð árið 1932. Prestastefnu lýkur á morgun. - ovd

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

➔ flugfelag.is

Flugfrakt

Sækjum og sendum
– hratt og örugglega
á hagstæðu verði.




**Til/frá Reykjavík**
Akureyri 8-12 ferðir á dag
Egilsstaðir 5-7 ferðir á dag
Ísafjörður 2-3 ferðir á dag
Vestmannaeyjar 2-3 ferðir á dag

Aðeins eitt símtal í 570 3400 og málið er afgreitt.

Umboðsmaður barna vonsvikinn yfir auglýsingum í Sjónvarpinu

# Augljóslega beint að börnum

**FJÖLMIÐLAR** Umboðsmaður barna, Margrét María Sigurðardóttir, lýsir vonbrigðum sínum með Ríkisútvarpið varðandi auglýsingu sem birtist í hálfleik Evrópukeppninnar í fótbolta á mánudaginn. Auglýsingin, sem var fyrsta auglýsing í leikhléi, er frá skyndibitakeðjunni McDonald's. Í henni kemur fram að með barnaboxum fylgi spjöld með myndum af stjörnum Evrópumótsins.



**UMBOÐSMAÐUR BARNA** Margrét María Sigurðardóttir.

Í útvarpslögum er kveðið á um að í auglýsingum megi hvorki „hvetja börn til þess að kaupa vöru eða þjónustu með því að notfæra sér reynsluleysi þeirra eða trúgirni“ né „hvetja börn til þess að telja foreldra sína eða aðra á að kaupa vöru eða þjónustu sem auglýst er“.

Margrét segir að hún „geri ákveðnar gæðakröfur til Ríkisútvarpsins sem birting auglýsingarinnar standi ekki undir.“ Við það bætir hún að ekki fari á milli mála að auglýsingu um barnabox sé beint að börnum.

Magnús Ögmundsson framkvæmdastjóri Lystar ehf. segist „ekki sjá að þessi auglýsing brjóti í bága við lögin“. Þegar haft var samband við Einar Loga Vignisson hjá auglýsingadeild Ríkisútvarpsins var fátt um svör og neitaði hann að láta hafa nokkuð eftir sér um málið.



**BARNABOXIN AUGLÝST** Framkvæmdastjóri Lystar ehf. segir auglýsingarnar löglegar.

Talsmaður neytenda, Gísli Tryggvason, sagði birtingu auglýsingarinnar „vera fullt tilefni til að koma á heildarsátt á milli hagsmunaaðila eins og auglýsingamiðla, auglýsenda, framleiðenda, almannasamtaka og ekki síst neytenda“. - hþj

capacent

# NÁMSKEIÐ CAPACENT HAUSTIÐ 2008 - SKRÁNING HAFIN!

## LENGRI NÁMSKEIÐ

| | |
|---|---|
| ● Grunnþættir í mannauðsstjórnun. | Hefst 26. ágúst |
| ● Fjármál stjórnandans. | Hefst 27. ágúst |
| ● Leiðtoginn – samskiptahæfni. | Hefst 9. september |
| ● Stjórnun og forysta í skólaumhverfi. | Hefst í september |
| ● Stjórnendur framtíðar. | Hefst 9. október |
| ● Leiðtoginn – samskiptahæfni á Akureyri. | Hefst 25. september |
| ● Fjármál stjórnandans á Egilsstöðum. | Hefst 2. október |

## STYTTRI NÁMSKEIÐ

| | |
|---|---|
| ● Framkoma og tjáning. | Hefst 16. september |
| ● Stefnumótun - grunnnámskeið. | Hefst 17. september |
| ● Starfsmannasamtöl. | Hefst 1. október |
| ● Sala og söluhæfni. | Hefst 6. október |
| ● Að stjórna jafningjum. | Hefst 22. október |
| ● Verkefnastjórnun – grunnnámskeið. | Hefst 18. nóvember |

Skráning og nánari upplýsingar hjá Capacent,
namskeid@capacent.is eða í síma 540 1000.

www.capacent.is



NÁMIÐ SEM ÞÚ NOTAR Í VINNUNNI

MARÍA ELLINGSEN, LEIKSTJÓRI, LEIKKONA &
ÞJÁLFARI HJÁ CAPACENT.

## GENGIÐ 10.06.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 76,44 | 76,8 |
| Sterlingspund | 149,54 | 150,26 |
| Evra | 118,43 | 119,09 |
| Dönsk króna | 15,875 | 15,967 |
| Norsk króna | 14,848 | 14,936 |
| Sænsk króna | 12,726 | 12,8 |
| Japanskt jen | 0,7146 | 0,7188 |
| SDR | 123,47 | 124,21 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

152,8753

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hvergerðingur segir ekki nóg að lækka eigin áhættu tjónþola á skjálftasvæðinu:

# Bráðabirgðalögin eru ekki nóg

**JARÐSKJÁLFTI** „Ég hefði viljað fá þetta alveg burt. Þetta er neyðaraðstoð,“ segir Sigurgeir Ingimundarson, íbúi í Hveragerði, um bráðabirgðalög viðskiptaráðherra sem lækka lágmark eigin áhættu tjónþola á skjálftasvæðinu á Suðurlandi úr 85 þúsund krónum í 20 þúsund.

Breytingin nær til þeirra sem aðeins urðu fyrir innbústjóni. Lágmarkið helst 85 þúsund fyrir þá sem urðu fyrir tjóni á húseignum. Sigurgeir er ósáttur við að fólk þurfi að bera tjón sitt að hluta sjálft, þegar Viðlagatrygging er hugsuð til að koma fólki til aðstoðar í neyð og sjóðurinn myndaður úr skattfé.

Eigin áhætta tjóns er fimm prósent, sem þýðir að tjónþolar þurfa að greiða samanlagt minnst fimmtíu milljónir úr eigin vasa fyrir hvern milljarð sem heildartjónið eftir skjálftann nemur. Ásgeir Ásgeirsson hefur sagt að tjónið nemi milljörðum, og þar af sé stór hluti vegna húseigna.

Sigurgeir segist enn vera búinn undir annan stóran skjálfta á svæðinu. Snarpir eftirskjálftar hafa verið tíðir undanfarið, og síðast í fyrramorgun skók skjálfti upp á 3,5 á Richter Sunnlendinga fram úr rúmunum. Fyrr um nóttina hafði skjálfti upp á þrjá á Richter riðið yfir. Sigurgeir segir íbúa flesta enn á varðbergi vegna þessa. - sh



**TJÓN** Gríðarmikið tjón varð í skjálftanum, ekki síst á innbúi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kjarnorkuver í Svíþjóð:

## Hryðjuverkarannsókn hætt

**SVÍÞJÓÐ, AP** Sænska lögreglan hefur hætt rannsókn á því hvort tveir menn hafi ætlað að koma fyrir sprengju í kjarnorkuverinu í Oskarshamn í Svíþjóð.

Tveir menn voru handteknir vegna málsins í síðasta mánuði, en agnir af meintu sprengiefni fundust í plastpoka sem annar þeirra var með. Báðir voru mennirnir starfsmenn í kjarnorkuverinu. Lögregla tilkynnti hins vegar á mánudag að ekki hefði tekist að sannreyna að efnisagnirnar sem fundust hafi verið sprengiefni. Rannsókninni hefur því verið hætt. - þeb



**KOSIÐ** Patsy Dan Rodgers, íbúi Toryeyjar, var einn þeirra fyrstu sem greiddu atkvæði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosið um Lissabonsáttmála:

## Mjótt á munum

**ÍRLAND, AP Örlög hinnar metnaðarfullu uppfærslu stofnsáttmála Evrópusambandsins, sem ýmist er kölluð umbóta- eða Lissabonsáttmálinn, eru nú í höndum kjósenda á Írlandi. Á morgun fer fram þjóðaratkvæðagreiðsla um sáttmálann og benda skoðanakannanir til þess að mjótt geti orðið á mununum.**

**Írar eru eina aðildarþjóð ESB sem fær að kjósa um fullgildinguna; í öllum hinum ESB-löndunum 26 er samþykki þjóðþinganna látið nægja. Sáttmálinn getur ekki tekið gildi fyrr en öll aðildarríkin hafa fullgilt sáttmálann, og því geta þær 2,8 milljónir manna sem eru á kjörskrá á Írlandi haft afdrifarík áhrif á framtíð sambandsins alls og hinna 500 milljóna íbúa þess.** - aa

# Óskýrt hvernig á að framfylgja lögunum

**Fyrirtækjaskrá kannar hvort sakborningar í Baugsmálinu þurfi að hætta í stjórnum fyrirtækja. Lögin eru skýr, en óskýrt hvernig á að framfylgja þeim enda hefur ekki reynt á það fyrr. Hægt að beita dagsektum fylgi stjórnir ekki lögum.**

**BAUGSMÁL** „Þetta er til skoðunar, við viljum frekar flýta okkur hægt en vera með einhvern flumbrugang,“ segir Skúli Jónsson, forstöðumaður fyrirtækjaskrár.

Hjá fyrirtækjaskrá er nú kannað hvort sakborningar sem hlutu dóm í Baugsmálinu þurfi að víkja úr stjórnum fyrirtækja.

Ákvæði eru í lögum um hlutafélög og einkahlutafélög um að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar megi ekki hafa hlotið dóm fyrir lögbrot í atvinnurekstri.

Hæstiréttur dæmdi í síðustu viku Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformann Baugs Group, í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir bókhaldsbrot. Þá var Tryggvi Jónsson, fyrrverandi forstjóri Baugs, dæmdur í tólf mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir bókhaldsbrot og fjárdrátt.

Í kjölfar dóms Hæstaréttar gætu Jón Ásgeir og Tryggvi þurft að víkja úr stjórnum í þrjú ár. Jón Ásgeir er stjórnarformaður Baugs Group, 365, FL Group, BG Aviation, F-Capital og Milton. Þá situr hann í stjórn 101 Capital. Tryggvi situr í stjórnum um það bil fimm fyrirtækja. Þau eru öll lítil og ekkert þeirra er skráð á markað.

Tryggvi segist ekki farinn að skoða hvort hann muni víkja úr stjórnum vegna dómsins. Ekki náðist í Jón Ásgeir vegna málsins.

„Lögin eru í sjálfu sér alveg skýr; ef stjórnarmaður missir hæfi sitt hvílir sú skylda á öðrum stjórnarmönnum að efna til kjörs nýs stjórnarmanns,“ segir Skúli.

„Lögin eru í sjálfu sér alveg skýr; ef stjórnarmaður missir hæfi sitt hvílir sú skylda á öðrum stjórnarmönnum að efna til kjörs nýs stjórnarmanns,“ segir Skúli.



**STJÓRNARSETA Í UPPNÁMI** Þeir Jón Ásgeir Jóhannesson (til vinstri) og Tryggvi Jónsson gætu þurft að víkja úr fjölmörgum stjórnum vegna dóms Hæstaréttar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í lögum er tilgreint að stjórn beri að kjósa nýjan mann í stjórn í stað þess sem hlaut dóm, sé varamaður ekki til staðar. Það segir Skúli að megi túlka sem svo að þeim sem dóminn hlaut beri að segja af sér. Ekki sé fyllilega ljóst hvernig framfylgja eigi lögunum, enda hafi ekki reynt á það með þessum hætti fyrr.

„Þetta eru viðkvæm mál og við viljum stíga varlega til jarðar í þessu. Við erum ennþá að meta hvort og þá hvernig við bregðumst við. Við lítum svo á að stjórnir félaganna sem þarna um ræðir beri mikla ábyrgð,“ segir Skúli.

Ef stjórn vanrækir skyldur sínar samkvæmt lögum getur fyrirtækjaskrá beitt dagsektum þar til lögum er framfylgt. Eftir því sem næst verður komist hefur ekki verið sett reglugerð þar sem upphæð dagsekta er tilgreind.

brjann@frettabladid.is

### HÆGT AÐ FRESTA ÞAR TIL Á AÐALFUNDI

Í lögum um hlutafélög og einkahlutafélög segir:

„Ef starfi stjórnarmanns lýkur áður en kjörtímabili er lokið eða hann uppfyllir ekki lengur skilyrði [...] til þess að geta verið í stjórn og enginn varamaður er til þess að koma í hans stað hvílir sú skylda á hinum stjórnarmönnunum að efna til kjörs nýs stjórnarmanns [...]. Ef kjörið heyrir undir hluthafafund er þó unnt að fresta kjöri nýs stjórnarmanns til næsta aðalfundar þar sem stjórnarkjör skal fara fram [...].“

Stjórnmál í Simbabve:

## Þreifingar um þjóðstjórn

**SIMBABVE, AP Þjóðstjórn kann að vera góð lausn fyrir Simbabve. Þetta sagði aðstoðarráðherra í stjórn Roberts Mugabe Simbabveforseta í gær er hann brást við óstaðfestum fréttum um að viðræður um stofnun slíkrar þjóðstjórnar væru komnar í gang.**



**ROBERT MUGABE**

**Bright Matonga, aðstoðarráðherra upplýsingamála, sagði að hann gæti ekki staðfest fregnir þess efnis að stjórnarflokkurinn, ZANU-PF, hefði hafið þreifingar um að deila völdum með stjórnarandstöðunni. Hálfur mánuður er nú uns Mugabe og Morgan Tsvangirai, áskorandi hans úr röðum stjórnarandstæðinga, mætast í úrslitaumferð forsetakosninga.** - aa

Sögusafnið í Stokkhólmi:

## Byggir stærsta víkingasafnið

**SVÍÞJÓÐ** Sögusafnið í Stokkhólmi er langt komið með fyrirætlanir um að byggja og opna víkingasafn við hlið aðalsafnsins og verða fyrirætlanirnar kynntar sænsku ríkisstjórninni á næstunni. Víkingasafnið verður hið stærsta sinnar tegundar í heimi, að sögn Dagens Nyheter.

„Við finnum að það er mikil eftirspurn. Þess vegna finnst okkur þetta mikilvægt,“ segir Lars Amréus, safnstjóri Sögusafnsins. „Ætlunin er að byggja gagnvirknimiðstöð þar sem víkingurinn er í brennidepli.“

Svíar eiga nú þegar stærstu víkingasýningu í heimi með tilliti til fjölda sýningargripa og rýmis en hún er á 800 fermetrum. - ghs

### KJARAMÁL

**BHM að ókyrrast**

Forystumenn stéttarfélaga innan Bandalags háskólamanna (BHM) eru farnir að ókyrrast vegna þess að ekki hefur enn borist svar við fyrirspurn um fund með ráðherrum. Forystan mun funda síðdegis í dag til að ræða hvort gripið verði til einhverra aðgerða og þá hvaða.

### LEIÐRÉTTING

Í frétt Fréttablaðsins í gær af samkeppni Skógræktarfélags Reykjavíkur um tré mánaðarins var Kristján Bjarnason, verkefnisstjóri í Esjuhlíðum, rangfeðraður. Tilnefningar um tré mánaðarins berist á tre@heidmork.is.


KMS Kvíðameðferðarstöðin

KVÍÐASTJÓRNUNARNÁMSKEIÐ

Kvíðameðferðarstöðin stendur nú fyrir tveggja vikna námskeiði í kvíðastjórnun undir stjórn Sóleyjar D. Davíðsdóttur, Sigurbjargar J. Ludvigsdóttur og Brynjars Halldórssonar, sálfræðinga. Námskeiðið fer fram 3 eftirmiðdaga í viku, 2-2 1/2 klst í senn og er ætlað fólki sem er að glíma við kvíða og áhyggjur. Kenndar verða aðferðir hugrænnar atferlismeðferðar til að ná tökum á kvíðanum.

Skráning fer fram á kms@kms.is en nánari upplýsingar má finna á vef Kvíðameðferðarstöðvarinnar, **www.kms.is.**


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**BONGÓBLÍÐA FRAM UNDAN**

Einstaklega vel horfir með veður næstu daga. Sólskin og hlýindi einkenna veðurfarið víðast hvar á landinu en þó er hætt við þokulofti með ströndum. Hitinn verður á bilinu 12-18 stig, hlýjast í uppsveitum á Suður- og Vesturlandi.




**Á MORGUN** Hæg NV-læg átt, þoka með ströndum syðra.

**FÖSTUDAGUR** Hæg breytileg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Billund | 17° |
| Ósló | 17° |
| Stokkhólmur | 19° |
| Gautaborg | 21° |
| Helsinki | 16° |
| Eindhofen | 19° |
| Amsterdam | 17° |
| London | 21° |
| Berlín | 21° |
| Frankfurt | 23° |
| Friedrichshafen | 21° |
| París | 21° |
| Basel | 23° |
| Barcelona | 21° |
| Alicante | 24° |
| Algarve | 28° |
| Tenerife | 19° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

IH NOTAÐIR BÍLAR OG BÍLALAND B&L ERU NÚ

# bílaland

– besta þjónustan og flottasti vefurinn

FRÁBÆR BÍLALANDS-TILBOÐ!

Framvegis starfa Ingvar Helgason Notaðir bílar og Bílaland B&L saman undir heitinu Bílaland. Leitin að notuðum bíl hefst að sjálfsögðu hjá okkur, bestu kaupin eru gerð í Bílalandi þar sem úrvals þjónusta og gæði eru í fyrirrúmi.

Samhliða opnun Bílalands höfum við hleypt af stokkunum nýrri heimasíðu, þeirri bestu sinnar tegundar á landinu, með aðgengi að mjög ítarlegum og ábyggilegum upplýsingum um hvern bíl og áherslu á margar og góðar myndir.




## TILBOÐSBÍLAR



TILBOÐ 2.150.000 KR (BL)

**TOYOTA RAV4**
Ekinn 54 þús. ssk. Nýskr. 07/04
Verð áður 2.570.000 kr.



TILBOÐ 2.150.000 KR (BL)

**RENAULT LAGUNA II**
Ekinn 26 þús. ssk. Nýskr. 12/05
Verð áður 3.060.000 kr.



TILBOÐ 490.000 KR (IH)

**OPEL ZAFIRA**
Ekinn 129 þús. bsk. Nýskr. 12/00
Verð áður 850.000 kr.



TILBOÐ 1.160.000 KR (IH)

**SUZUKI GRAND VITARA**
Ekinn 98 þús. ssk. Nýskr. 06/05
Verð áður 1.750.000 kr.



TILBOÐ 1.980.000 KR (BL)

**HYUNDAI SANTA FE**
Ekinn 58 þús. ssk. Nýskr. 01/05
Verð áður 2.530.000 kr.



TILBOÐ 1.390.000 KR (IH)

**OPEL ASTRA 1.8**
Ekinn 47 þús. ssk. Nýskr. 03/05
Verð áður 1.760.000 kr.



TILBOÐ 2.080.000 KR (BL)

**HYUNDAI TRAJET**
Ekinn 83 þús. ssk. Nýskr. 01/06
Verð áður 2.390.000 kr.



TILBOÐ 890.000 KR (BL)

**RENAULT MEGANE II**
Ekinn 108 þús. bsk. Nýskr. 08/04
Verð áður 1.410.000 kr.



TILBOÐ 850.000 KR (BL)

**HYUNDAI SANTA FE**
Ekinn 123 þús. ssk. Nýskr. 06/02
Verð áður 1.250.000 kr.



TILBOÐ 2.960.000 KR (IH)

**FORD F-150**
Ekinn 31 þús. ssk. Nýskr. 03/06
Verð áður 3.950.000 kr.



TILBOÐ 880.000 KR (BL)

**VW GOLF**
Ekinn 92 þús. bsk. Nýskr. 09/03
Verð áður 1.290.000 kr.



TILBOÐ 990.000 KR (BL)

**HYUNDAI STAREX**
Ekinn 108 þús. bsk. Nýskr. 08/00
Verð áður 1.390.000 kr.



TILBOÐ 890.000 KR (IH)

**ISUZU TROOPER**
Ekinn 170 þús. ssk. Nýskr. 08/02
Verð áður 1.580.000 kr.



TILBOÐ 2.290.000 KR (IH)

**NISSAN TITAN LE 5.6L V8**
Ekinn 75 þús. ssk. Nýskr. 04/05
Verð áður 3.350.000 kr.



TILBOÐ 2.450.000 KR (IH)

**SUBARU OUTBACK 3.0 H6 AWD**
Ekinn 62 þús. ssk. Nýskr. 10/07
Verð áður 2.950.000 kr.

## FINNDU RÉTTA BÍLINN Á WWW.BILALAND.IS!

Á nýja vefnum okkar, bilaland.is, finnurðu rétta bílinn með einfaldri leit. Hverjum bíl fylgir fjöldi mynda, skýrsla úr söluskoðun og þú hefur aðgang að sömu upplýsingum og sölumenn. Þú getur líka treyst því að allir bílar á vefnum eru enn í sölu.



(IH) = SÆVARHÖFÐI 2 (BL) = GRJÓTHÁLS 1

*Með fyrirvara um prentvillur.

bílaland
BILALAND.IS 575 1230
GRJÓTHÁLSI 1 & SÆVARHÖFÐA 2

ENNEMM / SÍA / NM34281

## KJÖRKASSINN



*Telur þú að íslenska lögreglan beiti harðræði?*

| | |
|---|---|
| Já | 50,8% |
| Nei | 49,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Telur þú Baugsmálinu lokið?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Barátta Baracks Obama og Johns McCain fer af stað af krafti:

# Efnahagsmál ofarlega á baugi

**BANDARÍKIN, AP** Efnahagsástand í Bandaríkjunum hefur verið vinsælt umræðuefni hjá forsetaframbjóðendum vestra síðustu daga. Nýlegar skoðanakannanir hafa sýnt að slæmt efnahagsástand er það málefni sem kjósendur hafa mestar áhyggjur af, en áður var það Íraksstríðið.

Barack Obama hefur lagt áherslu á að tengja mótframbjóðanda sinn, John McCain, við George Bush og efnahagsstefnu hans. Á mánudag sagði Obama til dæmis að McCain myndi tvöfalda skuldir Bandaríkjanna næði hann kjöri með því að viðhalda stefnu Bush. Þá sagði hann efnahagsþrengingar Bandaríkjanna ekki hafa verið óhjákvæmilegar, heldur afleiðingar stefnu sem hefði ráðið ríkjum í Washington í allt of langan tíma. Talsmaður McCains sagði í gær að Obama skildi ekki bandaríska hagkerfið og það væri nokkuð sem Bandaríkin hefðu ekki efni á.

McCain hefur aftur á móti beint sjónum að Íraksstríðinu og sendir nú út sjónvarpsauglýsingar um stríðið í lykilríkjum. Obama hefur verið á ferðalagi um ríki sem kjósa venjulega repúblíkana sem forseta, en McCain hefur verið í Virginíu og Washington-borg. **- þeb**





**OBAMA** Barack Obama er í tveggja vikna ferðalagi um ríki sem venjulega kjósa Repúblíkana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dæmdur til sektargreiðslu:

# Flutti inn krem og handjárn

**DÓMSMÁL** Maður hefur verið dæmdur í 40 þúsunda króna sektargreiðslu í ríkissjóð fyrir að flytja inn handjárn og krem, sem notast skyldu til ástarleikja.

Um var að ræða 36 sett af handjárnum úr málmi og 24 túpur af Anal-ease kremi. Handjárnin voru ætluð til sölu í versluninni Amor í Reykjavík, að sögn mannsins. Varningurinn var stöðvaður í tolli. Samkvæmt niðurstöðu Lyfjastofnunar innihélt kremið Benzocain 10% sem er lyf sem ekki verður flutt inn án sérstaks leyfis. Að mati lögreglu var innflutningur handjárnanna ólöglegur. **- jss**



**STEVE JOBS** Apple-forstjórinn kynnti nýja útgáfu iPhone-farsímans á þróunarráðstefnu Apple í San Francisco í fyrradag.

Nýjasta nýtt frá Apple:

## Ódýrari iPhone 3G-farsími

**TÆKNI Tölvufyrirtækið Apple kynnti í fyrradag nýja útgáfu af iPhone-farsímanum. Nýi síminn verður búinn 3G-tækni, sem gerir notendum kleift að vafra á internetinu með meiri hraða en hægt var með fyrri útgáfu símans, GPS-staðsetningarbúnaði og öflugri tölvupóststækni.**

**Sá nýi verður auk þess talsvert ódýrari: mun kosta 199 dali í Bandaríkjunum, jafnvirði um fimmtán þúsund króna, sem er þriðjungur af verði fyrsta iPhone-símans.**

**Ekki er vitað hvenær símanna er að vænta hérlendis né hvað þeir muni kosta. - gh**

## KJARAMÁL

**Árangurslaus fundur**

Samninganefnd Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, FIH, og ríkisins hjá ríkissáttasemjara var árangurslaus í gær. Næsti fundur hefur verið boðaður eftir tvær vikur. Hjúkrunarfræðingar greiða þessa dagana atkvæði um yfirvinnubann.

# Össur segir Norðmenn enn hafa tíma til olíusamstarfs

**Norskir þingmenn vilja nýta sér samning um fjórðungsþátttöku Norðmanna í kostnaði við olíuleit á Drekasvæðinu. Iðnaðarráðherra segir Norðmenn hafa frest til 15. janúar til að ákveða hvort þeir nýti rétt sinn.**

**OLÍULEIT** Norskir þingmenn vilja að Norðmenn nýti sér samning milli Íslands og Noregs um fjórðungsþátttöku Norðmanna í kostnaði við rannsóknir og olíuleit á Drekasvæðinu við Jan Mayen. Þetta segir Ivar Kristiansen, þingmaður Hægriflokksins í Noregi, en hann og samflokksmaður hans, Peter Skovholt Gitmark, ræddu málið við norska olíumálaráðherrann Åslaug Haga í fyrirspurnatíma á stórþinginu nýlega.



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**

Kristiansen var í þingmannanefnd sem kynnti sér þessi mál hér á landi í maí. Hann bendir á að Norðmenn hafi áratuga reynslu af rannsóknum, leit og olíuvinnslu úr hafinu og gríðarlega þekkingu. „Mín skoðun er sú að Norðmenn ættu að nýta sér þennan samning milli landanna. Þjóðirnar geta þá haft gagnkvæmt samstarf báðu megin við miðlínuna því að það geta verið nokkuð góðir möguleikar á að finna olíu og gas. Norðmenn hafa miklu meira fjármagn en Íslendingar, meiri þekkingu, tækni og starfandi fyrirtæki á þessu sviði,“ segir hann.

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra segir að Norðmenn hafi tíma fram til 15. janúar til að ákveða hvort þeir nýta rétt sinn. Ef ekkert gerist fyrir þann tíma séu þeir fallnir á tíma. „Þessi samningur er stórkostlegur fyrir Ísland. Norðmenn geta gert tilkall til 25 prósenta þátttöku í olíu- eða gasvinnslu á okkar hluta vinnslusvæðisins en þeir þurfa að láta okkur vita um hug sinn strax í upphafi eða þegar leyfin til borunar eru boðin út 15. janúar. Þeir eru því ekki brunnir út á tíma,“ segir hann.



**NORÐMENN HAFA ÁRATUGA REYNSLU** Norðmenn hafa áratuga reynslu af rannsóknum, borunum og vinnslu á miklu hafdýpi. Ivar Kristiansen, þingmaður Hægriflokksins í Noregi, bendir á þetta og vill að Norðmenn nýti sér samning til gagnkvæmrar fjórðungsþátttöku á svæðinu. Myndin er af borpallinum Sleipni í Norðursjó. NORDICPHOTOS/AFP

Samningurinn er afar hagstæður Íslendingum. „Norðmenn þurfa frá upphafi að taka fjórðungsþátt í öllum kostnaði. Við höfum líka rétt til að taka fjórðungshlut í vinnslunni þeirra megin en þurfum ekki að taka ákvörðun um það fyrr en allar rannsóknir eru búnar og bókstaflega byrjað að dæla upp olíu og gasi þeim megin þannig að áhætta íslenskra fyrirtækja yrði miklu minni en norskra samkvæmt þessum samningi.“

Íslendingar hafa fundið áhuga á útboðinu víða um heim. „Það eru svæði á Drekasvæðinu sem þykja gefa mjög jákvæðar vísbendingar um að þar sé að finna olíu eða gas en það er ekkert í hendi fyrr en á hólminn er komið,“ segir Össur.

Talið er víst að olíufélagið Sagex, sem er í eigu Íslendinga, sækist eftir leyfi auk þess sem félagið Petoro myndi sækjast eftir því fyrir hönd Statoil Hydro, að sögn fréttavefsins Offshore.no.

ghs@frettabladid.is





**UMRÆTT SVÆÐI** Íslendingar bjóða út leyfi til rannsókna og borunar á Drekasvæðinu í janúar.


-2 krónur á Miklubraut í dag!

Afsláttur er veittur af almennu verði Orkunnar sem er 168,6 kr. á 95 okt. bensíni og 185,1 kr. á dísel.

M.v. verð 11. júní 2008.





Sparaðu hjá Orkunni í dag!

ORKAN BENSÍN

SPÁÐU Í HVAÐ ÞÚ SPARAR!

DYNAMO REYKJAVÍK




# BONJOUR LANCÔME

## *Njóttu sumarsins og sólarinnar með Lancôme*

- Fjöldi sumarlegra tilboða fyrir dömur og herra á kremum og ilmum.
- Stór, falleg taska fylgir með þegar keyptar eru Lancôme vörur fyrir 7.000 kr. eða meira.*
- **Líttu við á næsta Lancôme útsölustað.**



*ath. gildir ekki með öðrum tilboðum. Gildir á meðan birgðir endast.




**FRÉTTAVIÐTAL:** Hanna Birna Kristjánsdóttir



**HANNA BIRNA** Sem nýr oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík kvíðir Hanna Birna í engu að vinna að því risaverkefni að stjórna Reykjavíkurborg. Hún telur sóknarfærin óteljandi og hyggst nýta sér þau. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Mörg sóknarfæri

**Hanna Birna Kristjánsdóttir sest í stól borgarstjóra í mars næstkomandi. Hún telur það vel geta verið pólitíska áhættu að taka við oddvitastöðunni af Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni en telur það þess virði.**

*Ert þú ekki að taka áhættu með þína pólitísku framtíð, að taka við sem oddviti á erfiðustu tímum sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur upplifað í Reykjavík?*

„Það má vel vera, en ég er reiðubúin að taka þá áhættu. Maður nær aldrei árangri án þess að taka áhættu og ef við náum betri árangri í Reykjavík og fyrir Reykvíkinga, þá er sú áhætta sannarlega þess virði. Góðum árangri í stjórnmálum fylgir oftar en ekki áhætta og mér datt aldrei í hug að skorast undan því að taka þetta að mér.“

*Fylgi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík er í sögulegri lægð. Hvernig ætlar þú að vinna traust borgarbúa til baka?*

„Ég legg alla áherslu á að endurvinna það traust sem við virðumst að einhverju leyti hafa glatað. Hópurinn fer nú algjörlega samstíga inn í síðari hluta kjörtímabilsins og saman ætlum við að skila góðum árangri.“

*Gísli Marteinn og Júlíus Vífill hafa sóst eftir að verða oddvitar flokksins. Getið þið unnið saman að því að byggja flokkinn upp að nýju?*

„Sannarlega, enda stóð allur borgarstjórnarhópurinn að þessari ákvörðun. Ég er þakklát fyrir stuðning félaga minna og hlakka mikið til að fá tækifæri til að leiða hópinn í gegnum mikla áskorun.“

*Í hverju voru grundvallarmistök ykkar fólgin í þessum hrunadansi sem borgarpólitíkin er búin að vera síðastliðin tvö ár?*

„Þetta er búinn að vera langur tími og ég held að við öll sem sitjum í borgarstjórn Reykjavíkur höfum gert ákveðin mistök. Þau hafa aðallega falist í skorti á upplýsingastreymi. Af því verðum við að læra og við munum gera það.“

*Væri staða borgarstjórnarflokksins í Reykjavík betri í dag ef Vilhjálmur hefði stigið niður fyrr?*

„Allar stórar ákvarðanir þurfa sinn tíma og mestu skiptir að farsæl niðurstaða er fengin.“

*Það hefur verið fullyrt að þú hafir meðvitað hundsað fjölmiðla á meðan erfið mál voru til umfjöllunar innan borgarkerfisins og það sé ekki síst þess vegna sem þú nýtur yfirburðafylgis í skoðanakönnunum. Hvað segir þú um þessa umsögn?*

„Ég vona nú að ég sé frekar dæmd af verkum mínum og orðum, en því sem ég hef ekki sagt eða ekki gert. Ég veit ekki betur en fjölmiðlar hafi sakað okkur öll í borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokksins um að við værum ekki nægilega iðin við að svara þeim. Ég hef reynt eftir fremsta megni að vera í góðu sambandi við fjölmiðla. Eflaust get ég þó gert betur í þeim efnum en ég hef þó litið á það sem frumskyldu mína að sinna störfum mínum sem borgarfulltrúi og stundum hefur það án efa komið í veg fyrir að öllum beiðnum um viðtöl hafi verið hægt að svara.“

*Munt þú sem framtíðarborgarstjóri berjast fyrir því að flugvöllurinn fari úr Vatnsmýrinni?*

„Ég mun virða að öllu leyti málefnasamning núverandi meirihluta um að ákvörðun um þetta verði ekki tekin á þessu kjörtímabili. Til lengri framtíðar tel ég hins vegar mikilvægt að skoða aðra staðsetningu fyrir innanlandsflugvöll.“

*Hvernig sérð þú fyrir þér þróun byggðarinnar í Reykjavík? Á til dæmis að halda áfram með áætlanir um byggð í Geldinganesi, eða á að þétta borgina innan frá með flutningi flugvallarins úr Vatnsmýrinni?*

„Meginverkefnið er að fólk í borginni hafi gott val um búsetu. Sumir velja að búa í úthverfum en aðrir miðsvæðis. Ég held að við þurfum jafnvægi þarna á milli. Það er hins vegar ljóst að kostirnir til búsetu miðsvæðis í Reykjavík hafa ekki verið nægilega miklir. Fókusinn liggur því þar að miklu leyti, til dæmis í Örfirisey. Við eigum að nýta það svæði og jaðarsvæðin í Vatnsmýrinni.“

*En hvað um Geldinganesið?*

„Við höfum þegar sett í gang vinnu við framtíðarskipulag á Geldinganesi, þótt ólíklegt verði að teljast að þar verði byggt á allra næstu misserum, sérstaklega með hliðsjón af uppbyggingunni í Úlfarsárdal og því hvernig ástandið er í efnahagslífinu.“

*Hvað með Sundabraut? Útilokar þú leið Vegagerðarinnar?*

„Það er full samstaða innan borgarstjórnar að fara gangaleiðina. Við erum öll sammála um að það sé besta leiðin og viljum þannig fara aðra leið en Vegagerðin hefur lagt til.“

*Hver er afstaða þín til húsafriðunar? Stendur húsafriðun í vegi fyrir eðlilegri þróun verslunar og þjónustu við Laugaveg?*

„Nei, húsafriðun og uppbygging geta farið ágætlega saman og eiga að gera það í borg eins og Reykjavík. Við erum að sjá mörg dæmi um það í skipulagi miðborgarinnar að verið er að nýta kosti þess að byggja en varðveita um leið. Þetta er hægt með nútíma arkitektúr og þeirri hugsun að tengja þetta saman og ég held að það sé vel hægt. Ég held hins vegar að við ættum að fara úr þeim farvegi að tala alltaf um friðun einstakra húsa og tala frekar um borgar- og hverfisvernd. Ég held að það sé farsælli leið en að fókusera alltaf á einstök hús.“

*Hver er munurinn á REI og Landsvirkjun Power, Hydrokraft Invest, sem Landsvirkjun á til helminga á móti Landsbankanum, og RARIK orkuþróun ehf.?*

„Munurinn felst að mestu leyti í þeim aðferðum sem notaðar hafa verið við stofnun fyrirtækjanna og hugmyndunum sem hafa verið til umræðu um vöxt þeirra og viðgang. Mikilvægt er að sem best pólitísk sátt náist um verkefni OR og ég treysti stjórninni vel til þess. Ég er þeirrar skoðunar að opinber fyrirtæki eigi að einbeita sér að grunnþjónustu við landsmenn. Ég tel það aðalatriði og vil að í þeim anda sé unnið að þeim verkefnum sem undir þessi fyrirtæki falla.“

*Munt þú endurnýja meirihlutasamstarfið við Ólaf F. Magnússon ef sú staða kemur upp eftir næstu kosningar?*

„Það er eitthvað sem við ræðum þegar að því kemur.“

*Hver er þinn óskaflokkur til að mynda meirihluta í Reykjavik eftir næstu kosningar?*

„Óskastaðan er auðvitað sú að Sjálfstæðisflokkurinn fái svo góða kosningu að vangaveltur um hugsanlega samstarfsaðila séu óþarfar. “

*Hvert verður þitt fyrsta verk sem borgarstjóri 22. mars næstkomandi?*

„Að vinna að þeim stefnumálum sem þessi meirihluti hefur sett sér og sjálfstæðismenn hafa staðið fyrir. Við náðum góðum árangri í upphafi kjörtímabilsins og ætlum okkur að gera enn betur nú. Við erum með metnaðarfullan málefnasamning og viljum ná árangri í anda hans. Þar skipta mestu aukin gæði í allri þjónustu og umgjörð borgarinnar.“



FRÉTTAVIÐTAL
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is

Hagkaup Garðatorgi Garðabæ lokar,
flytjum í nýtt húsnæði á fimmtudag

40%
RÝMINGARAFSLÁTTUR

af **ÖLLUM** vörum í versluninni
þriðjudag og miðvikudag,
allt á að seljast.

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



**ALLT Á FLOTI Í INDIANA** Svona var umhorfs við bakka Hvítár nærri Elnora í Indiana-ríki í gær. Búist var við að draga færi úr vatnavöxtunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Víðtæk leit gerð á hálendinu að norskum ljósmyndara og syni hans:

# Fundust sofandi í myndefninu

**LÖGREGLUMÁL** Norskir feðgar sem leitað var í alla fyrrinótt fundust sofandi í bíl sínum við Jökulsárlón í gærmorgun.

Feðgarnir höfðu ekkert látið vita af sér síðan á fimmtudag og því var afráðið að hefja eftirgrennslan í fyrrakvöld. Lögreglan á Húsavík hafði yfirumsjón með leitinni þar sem feðgarnir höfðu síðast sést á þeim slóðum.

Talið var að þeir hefðu ætlað á hálendið, þar sem flestir vegir eru enn ófærir. Ekki var hægt að leita úr lofti sökum lélegs skyggnis og því voru björgunarsveitarmenn sendir á flesta hálendisvegi.

Í gærmorgun tókst lögreglu að rekja greiðslukortanotkun föðurins til Víkur í Mýrdal og eftirgrennslan leiddi í ljós að þaðan höfðu þeir ætlað til Seyðisfjarðar. Þeir fundust síðan við Jökulsárlón.

Feðgarnir komu til landsins með glænýjan silfurgráan Honda CRV-jeppling, sem faðirinn hugðist mynda við framandlegar aðstæður í atvinnuskyni. Í þeim bíl fundust feðgarnir sofandi. Ekkert amaði að þeim og þeir höfðu ekki hugmynd um að víðtæk leit hefði staðið yfir að þeim. Að sögn lögreglu er ekki vitað hvers vegna þeir höfðu ekki samband við fjölskyldu sína í heimalandinu í fjóra daga. - sh



TORE HOLT



SEBASTIAN HOLT

Erill var hjá slökkviliðinu:

## Kviknaði í súpukjötspotti

**LÖGREGLA** Tilkynnt var um reyk í Dvergabakka í Breiðholti klukkan þrjú aðfaranótt þriðjudags. Þar hafði kviknað í potti í eldhúsi þegar verið var að elda súpukjöt. Töluverður reykur var í húsinu og íbúi var fluttur á spítala með vott af reykeitrun.

Í fyrrakvöld kom upp mikill eldur í þríbýlishúsi við Álfaskeið í Hafnarfirði og er húsið nú nánast gjörónýtt. Enginn slasaðist í eldsvoðanum.

Mikill vatnsleki var snemma í gærmorgun í fjölbýlishúsi í miðbæ Reykjavíkur. Telur lögreglan að þó nokkrar skemmdir hafi orðið á húsinu. - vsp

Evrópskt skotvopnaleyfi:

## Þarf ekki leyfi til útflutnings

**LÖGREGLUMÁL Tekið hefur gildi reglugerð sem kveður á um útgáfu evrópsks skotvopnaleyfis á Íslandi.**

**Handhöfum leyfisins er heimilt að fara með skotvopn sín til veiða eða stunda íþróttaskotfimi á Schengen-svæðinu. Þetta er þó aðeins heimilt sé notkun vopnsins leyfð í viðkomandi landi og dvölin skemmri en þrír mánuðir. Leyfin verða gefin hjá lögreglustjórum um allt land.** - kg

**ASÍA**

### Straumur tók kafara

Fimm evrópskir kafarar, þar af einn sænskur, hurfu þar sem þeir voru við köfun í Indónesíu nýlega. Kafararnir fundust á eyðieyju eftir tvo sólarhringa en sterkur hafstraumur hafði hrifið þá með sér, að sögn Svenska Dagbladet.

Embætti héraðssaksóknara sett á laggirnar:

## Ákæruvaldið verður þrískipt um áramótin

**STJÓRNSÝSLA** „Þetta er mikil breyting á skipan ákæruvaldsins,“ segir Ragna Árnadóttir, ráðuneytisstjóri dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Á síðasta degi þingsins voru samþykkt ný lög um meðferð sakamála en með því var nýtt embætti héraðssaksóknara stofnað. Lögin munu taka gildi 1. janúar árið 2009 en þau eru afrakstur margra ára vinnu réttarfarsnefndar.

„Þetta tryggir vandaðri málsmeðferð hjá ákæruvaldinu þar sem það yrði þrískipt. Nú er það hins vegar tvískipt í höndum lögreglustjóra og ríkissaksóknara.“

Embætti héraðssaksóknara tekur ákvarðanir á fyrsta stjórnsýslustigi í nánast öllum meiri háttar sakamálum, þar á meðal manndráps- og kynferðisbrotamálum.

„Lögreglustjóra er gefið meira svigrúm til að ljúka máli með sekt án ákæru. Það þýðir að málum sem til dæmis færu fyrir dómstóla í dag myndi ljúka hjá honum,“ segir Ragna.

Hlutverk ríkissaksóknara samkvæmt lögunum verður aðallega að setja reglur og hafa eftirlit með öðrum ákærendum. - vsp



RAGNA ÁRNADÓTTIR





**ÞRÝSTA Á ÍRAN** Bush ásamt slóvenska forsætisráðherranum Janez Jansa og Jose Manuel Barroso, forseta framkvæmdastjórnar ESB, við Brdo-kastala í Slóveníu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Mest rætt um málefni Írans

**Á leiðtogafundi Bandaríkjanna og ESB skyggðu umræður um frekari refsiaðgerðir gegn Íransstjórn á aðra dagskrárliði. Með fundinum hóf George W. Bush síðustu Evrópuförina í forsetatíð sinni.**

**SLÓVENÍA, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti og evrópskir bandamenn Bandaríkjanna hótuðu í gær sameiginlega harðari þvingunaraðgerðum gegn Íran í því skyni að minnka möguleika Íransstjórnar á að geta komið sér upp kjarnorkuvopnum. Bush sagði að horfur á kjarnorkuvígvæddu Íran myndu ógna heimsfriðnum.

„Þeir geta annað hvort kallað yfir sig einangrun eða þeir geta valið betri tengsl við okkur öll,“ sagði Bush um ráðamenn Írans á blaðamannafundi eftir síðasta samráðsfund sinn með leiðtogum Evrópusambandsins, sem að þessu sinni fór fram í kastala við bæinn Kranj í Slóveníu. Slóvenar ljúka formennskumisseri sínu í ESB eftir leiðtogafund sambandsins í næstu viku.

Langur listi umræðuefna var á dagskrá fundar Bush og ráðherra hans með evrópskum kollegum sínum, en Íransmálið virðist hafa sett önnur mál í skuggann.

Íransstjórn heldur því staðfastlega fram að hún áformi aðeins friðsamlega nýtingu kjarnorkunnar til raforkuframleiðslu. En það standa á henni mörg spjót þar sem hún hefur virt að vettugi þrjár ályktanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og heldur áfram að auðga úran.

Bush varaði við því að ef svo skyldi fara að Írönum tækist að koma sér upp kjarnorkuvopnum „myndi hinn frjálsi heimur spyrja: hvers vegna gerðum við ekki eitthvað í þessu tímanlega? ... Nú er tíminn fyrir skilvirka diplómasíu.“

Meðal annarra mála sem leiðtogarnir ræddu voru aðgerðir gegn hlýnun loftslags, efnahagsþrengingar vestan- sem austanhafs, friðarhorfur í Mið-Austurlöndum, Afganistan og fleira.

Að fundinum í Slóveníu loknum heldur Bush til Berlínar, þar sem hann tekur þátt í minningarathöfn um loftbrúna sem fyrir sextíu árum sá Vestur-Berlínarbúum fyrir öllum nauðsynjum er Stalín lét loka öllum landsamgöngum þangað.

Því næst flýgur forsetinn til Rómar og hittir Berlusconi forsætisráðherra og Benedikt XVI páfa. Næsti áfangastaður er París en eftir viðkomu í Lundúnum lýkur hann þessari síðustu Evrópuför sinni sem forseti í Belfast á Norður-Írlandi.

audunn@frettabladid.is





THE AMERICAN PRESIDENCY; THE ELECTION OF 2008 AND HEALTH



Dr. Donna Shalala, rektor Háskólans í Miami og fyrrverandi heilbrigðisráðherra Bandaríkjanna, heldur fyrirlestur í boði Háskóla Íslands 11. júní kl. 16:00 í Hátíðasal skólans í Aðalbyggingu.

Við sama tækifæri verður dr. Shalala veitt heiðursdoktorsnafnbót frá viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.

Fyrirlesturinn er öllum opinn. Léttar veitingar að athöfn lokinni.

Aukið eftirlit á Akureyri:

## Stýra aðgengi að tjaldsvæðum

**AKUREYRI** Í ljósi reynslu frá dögunum í kringum 17. júní síðustu ár, sem einkennst hafa af ofbeldi og áfengis- og vímuefnaneyslu á tjaldsvæðum Akureyrarbæjar að Hömrum og Þórunnarstræti, verður aðgengi stýrt að tjaldsvæðunum í ár.

Kemur þetta fram í tilkynningu rekstraraðila tjaldsvæðanna og tekur til daganna 12. til 18. júní í sumar.

Þar segir að einnig verði aukin öryggis- og löggæsla til að tryggja að reglum tjaldsvæðanna sé framfylgt, að aðgengi sé fyrir fjölskyldufólk en miðist við tuttugu ár fyrir aðra. - ovd


LG
Lífið er gott
60PC45
60” Plasma sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 10.000:1
Birtustig 1.200 cd/m2
Svartími 0,001 ms
VERÐ 799.900
599.900
249.900
42PG6000
42” Plasma sjónvarp
42” Plasma sjónvarp
Upplausn 1024x768
Skerpa 30.000:1
Birtustig 1.500 cd/m2
Svartími 0,001ms
100Hz
Stafrænn móttakari
189.900
42PG3000
42” Plasma sjónvarp
42” Plasma sjónvarp
Upplausn 1024x768
Skerpa 20.000:1
Birtustig 1.500 cd/m2
Svartími 0,001ms
100Hz
Stafrænn móttakari
SJÓNVARPSTÆKIFÆRI
169.900
32LG6000
32” LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 50.000:1
Birtustig 500 cd/m2
Svartími 8ms
Stafrænn móttakari
149.900
32LG3000
32” LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 500:cd/m
Svartími 8ms
Stafrænn móttakari
160 GB UPPTÖKU DISKUR
VERÐ 209.900
199.900
42PT85
42” Plasma sjónvarp
Upplausn 1024x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500 cd/m2
Svartími 0,001ms
Stafrænn móttakari
100Hz
160 GB UPPTÖKU DISKUR
VERÐ 249.900
219.900
42LT75
42” LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 8.000:1
Birtustig 500 cd/m2
Svartími 5ms
Stafrænn móttakari
160 GB UPPTÖKU DISKUR
VERÐ 229.900
199.900
37LT75
37” LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 8.000:1
Birtustig 500 cd/m2
Svartími 5ms
Stafrænn móttakari
175.900
42LC55
42” LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450 cd/m2
Svartími 5ms
Stafrænn móttakari
139.900
37LC55
37” LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450 cd/m2
Svartími 6ms
Stafrænn móttakari
119.900
32LC56
32” LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450 cd/m2
Svartími 7ms
Stafrænn móttakari
RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF
- ANNO 1929 -
Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is
Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16
LG
Lífið er gott

## „ORÐRÉTT“

*Bíður rólegur*

**„Ég bíð eftir ákærunni, ef einhver verður. Þetta er þung byrði fyrir mig að bera.“**

JÓN ÓLAFSSON KAUPSÝSLUMAÐUR UM RANNSÓKN RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA Á SKATTAMÁLUM HANS, SEM TEKIÐ HEFUR SEX OG HÁLFT ÁR.

24 stundir, 10. júní.

*Uppreisn æru*

**„Hengingarsagan er í raun þjóðsaga því þetta hefur aldrei verið leiðrétt.“**

KARL SKÍRNISSON DÝRAFRÆÐINGUR LEIÐRÉTTIR MISSKILNING UM AÐ ÁHÖFNIN Á GUÐNÝJU ÍS-266 HAFI HENGT ÍSBJÖRN ÁRIÐ 1993. HÚN KRAMDI Í HONUM INNYFLIN.

Fréttablaðið, 10. júní

**tilveran**

*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** BERGSVEINN ARILÍUSSON SÖNGVARI SÓLDAGGAR

# *Á leið í tónleikaferð til Transsylvaníu*



„Við Sóldaggarmenn erum að fara í tónleikaferð til Rúmeníu, sem við köllum Transsylvaníutúrinn,“ segir Beggi, sem er bullandi hress bæði yfir komandi verkefnum hljómsveitarinnar og sumarblíðunni. „Við ætlum að koma á hlaupum inn í haustið. Við erum byrjaðir að vinna nýtt efni og erum að bóka lítinn innanlandstúr sem verður í byrjun vetrar. Þessi Rúmeníuferð er bara upphitun.“

Aðspurður hvers vegna Rúmenía hafi orðið fyrir valinu svarar Beggi því til að þeir hafi ekki valið Rúmeníu. „Rúmenía valdi okkur. Ég veit svo sem ekki hvort við eigum einhvern sérstakan aðdáendahóp þar en það er auðvitað tími internetsins, heimurinn er að opnast og tónlistin er alþjóðlegt tungumál.“

„Annars er það bara þessi hefðbundna sumargarðvinna. Ég ætla að njóta þessara góðviðrisdaga og ferðast um landið á rándýru bensíni. Það er reyndar örugglega jafn dýrt að vera á Hilton-Hóteli í Bangladess í viku og að keyra hringinn eins og bensínverðið er í dag,“ segir Beggi og hlær. „Það er bara eins gott að við erum fjögur í fjölskyldunni sem deilum verðinu. Nei, ég segi svona. Við bara elskum að ferðast um landið, það er alveg King-Kong.“

„Þetta er alveg King-Kong“ er einn af uppáhaldsfrösum Begga. „Hann er gamall þessi. Hann er oft notaður ef menn eru fullir. Ég var alveg King-Kong í gær maður,“ segir Beggi og glottir við tönn.

Að lokum gefur hann skemmtikröftum framtíðarinnar gott ráð. „Ef þú ert með hjartað í því sem þú ert að gera þá hrífurðu alla með þér. Þetta er líklega á síðu eitt í leynibókinni.“

## SJÓNARHÓLL

STYTTRI OPNUNARTÍMI Á SKEMMTISTÖÐUM

### *Hægt að búa annars staðar*



HLYNUR EINARSSON Varaformaður Vöku

„Mér finnst mjög kjánalegt að stytta opnunartíma á skemmtistöðunum,“ segir Hlynur Einarsson, varaformaður Vöku. Eigendum þriggja skemmtistaða hafa borist bréf þar sem þeim er gert að loka fyrr um helgar en þeir hafa gert.

„Það er betra að fólk sé jafnt og þétt að tínast úr bænum en að allir geri það á sama tíma,“ segir Hlynur. „Það yrði örugglega miklu meiri erill hjá lögreglu í því að sinna slagsmálum úti á götu en þeim sem dyraverðir geta stoppað inni á stöðunum.“

Hlynur segir að fólk sem búi í miðbænum viti af því að þar séu skemmtistaðir og læti frameftir nóttu. „Það er enginn neyddur til að búa þarna og þú getur örugglega selt íbúð í 101 og fengið fína íbúð í öðru póstnúmeri.“

# Vill selja bensínlítra á einn dal

**KC Tran, forstjóri Carbon Recycling International hlaut í gær Cobb-verðlaunin, sem veitt eru Bandaríkjamanni sem styrkt hefur tengslin milli Íslands og Bandaríkjanna. Hann segir verðlaunin mikilvæga viðurkenningu á verkefni sínu, sem er að lækka eldsneytisverð.**

„Langtímamarkmið Carbon Recycling International er að bjóða eldsneyti á einn dal lítrann, eða tæpar áttatíu krónur,“ segir Tran en eins og flestum er kunnugt er verð á hefðbundnu eldsneyti rúmlega 170 krónur um þessar mundir. Ef fyrirtækinu tekst að bjóða svona ódýrt eldsneyti eru það stórfréttir fyrir sligaða Íslendinga og vörubílstjóra. „Við erum samkeppnishæfir ef heimsmarkaðsverð á olíu er á bilinu fimmtíu til sextíu dalir á tunnu. Verðið nú er 138 dalir og flestir spá því að það muni hækka enn frekar,“ segir Tran.

Lykillinn að möguleikum Carbon Recycling International er ný framleiðsluaðferð sem breytir koltvísýringi í metanól. Metanólinu er síðan blandað við bensín í mismiklu magni. „Í fyrstu verður hlutfallið aðeins tæp fimm prósent en mun síðan verða allt að 85 prósentum,“ segir Tran.

Fyrirtækið er að miklu leyti í eigu íslenskra fjárfesta og er ætlunin að byggja fjórar verksmiðjur hérlendis en herja síðan á erlenda markaði. Tran telur að fyrirtækið geti orðið virkilega stórt á heimsmælikvarða, en hann hefur áður stýrt stórum alþjóðlegum fyrirtækjum.

Efanhagslegir hagsmunir Íslendinga af þessari framleiðslu, fyrir utan lækkandi eldsneytisverð, eru miklir að sögn Trans. „Það er mikilvægt að þessi viðskipti verði innanlands bæði til þess að stækka efnahagskerfið og eins til þess að vera ekki háðir útlendingum með eldsneyti.“

Við efnahagslega kosti bætist svo umhverfisverndarsjónarmið, en þessi gerð eldsneytis er mun umhverfisvænni en flest það sem völ er á í dag.

gudmundure@frettabladid.is

### COBB-VERÐLAUNIN

Bandaríska sendiráðið stofnaði til Cobb Partnership Awards, en þau eru veitt þeim Bandaríkjamanni sem hefur unnið farsællega að samskiptum Íslands og Bandaríkjanna og styrkt tengslin á milli landanna hvort sem er á sviði menningar, mennta eða atvinnulífs.



**KC TRAN** Handhafi Cobb-verðlaunanna stefnir á að reisa fjórar verksmiðjur hér á landi, sem munu breyta koltvísýringi í metanól sem verður síðan blandað við bensín. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Hentar vel fyrir íslenskar aðstæður

LÉTT OG ÞÆGILEGT FYRIR SUMARIÐ

RÁN LIGHT








**10 MEÐ YFIR 9** Alexander Elís Ebenesarson, Kristinn Páll Sigurbergsson, Iðunn Brynjarsdóttir, Gísli Þór Þórðarson, Sunna Viðisdóttir, Signý Rut Kristjánsdóttir, Júlía Árnadóttir, Valgerður Tryggvadóttir, Sæunn Sif Heiðarsdóttir og Elva Björk Þórhallsdóttir eru öll í níunda bekk en fengu einkunn á bilinu 9 til 10 í samræmdu prófi í stærðfræði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Frábær árangur 9. bekkinga í Borgaskóla:

# Sjö fengu 10 í samræmdu prófi

Sjö nemendur í níunda bekk í Borgaskóla í Grafarvogi fengu 10 á samræmdu prófi í stærðfræði, sem þreytt var í maí. Að auki fengu tveir nemendur einkunnina 9,5 og einn 9. Alls tóku ellefu nemendur í níunda bekk Borgaskóla samræmda prófið í stærðfræði.

„Þetta kom svo sem ekkert mikið á óvart. Við erum öll búin að vera mjög dugleg að læra og höfum mikinn metnað,“ segir Sæunn Sif Heiðarsdóttir, einn nemendanna. Að hennar sögn hafa nemendurnir verið í stærðfræðitímum með tíundubekkingum í allan vetur. Það hafi því alltaf legið fyrir að þau myndu taka samræmda prófið í ár. „Kennarinn okkar, Berghildur Valdimarsdóttir, er líka búin að hjálpa okkur mikið í þessu.“

Sæunn segir krakkana þó alla hafa í nógu öðru að snúast en náminu. Fyrir utan námið æfi þau flest einnig íþróttir og nokkur spili á hljóðfæri. „Aðalmálið er að læra vel í skólanum,“ segir hún.


BÓNUS
BÓNUS
BÓNUS
Nýtt..
• 100% kjöt
• Hrein afurð
• Engin aukaefni
• Ekki viðbætt vatn
..og gott
METNAÐARFULL FRAMLEIÐSLA
Ali
SÍÐAN 1944
Ali
FERSKUR
KJÚKLINGUR
Metnaðarfull framleiðsla
á fersku og hollu kjúklingakjöti
Ali hefur nú hafið sölu á hreinu kjúklingakjöti sem er án vaxtahvetjandi hormóna*,
viðbætts vatns og sykurs. Um er að ræða náttúrulega framleiðsluaðferð þar sem
mikið eftirlit er haft með vinnslu og pökkun.
Auk þess sem fuglinn er alinn á hreinu og næringaríku korni.
100% ÍSLENSKT
Þú veist hvar það er framleitt
STRANGAR EFTIRLIT KRÖFUR
Bringur
30%
AFSLÁTTUR
Ali ferskar kjúklingabringur
2.097 kr./kg. merkt verð 2.997 kr./kg.
Læri
30%
AFSLÁTTUR
Ali fersk kjúklingalæri
559 kr./kg. merkt verð 799 kr./kg.
Læri leggir
30%
AFSLÁTTUR
Ali fersk kjúklingalæri/leggir
559 kr./kg. merkt verð 799 kr./kg.
Leggir
30%
AFSLÁTTUR
Ali ferskir kjúklingaleggir
559 kr./kg. merkt verð 799 kr./kg.
* Ekki er leyfilegt að nota vaxtahvetjandi hormón við framleiðslu kjúklinga á Íslandi.
BÓNUS BÝÐUR BETUR

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hækkun heimsmarkaðsverðs á olíu:

## Gengið áfram annan veg

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR

Eflaust hefur mörgum brugðið í brún á mánudag þegar bensínlítrinn fór í 170 krónur, án þjónustu, og lítri af dísilolíu í 185 krónur. Það er eitthvað svo stutt síðan áhyggjurnar voru hvort dælurnar myndu ráða við hækkun upp í hundrað krónur. Og á rétt rúmu ári hefur bensínlítrinn hækkað um fimmtíu krónur. Þegar eldsneytiskostnaður hækkar svona, umfram verðbólgu, hlýtur það að hafa víðtæk áhrif.

Nú er verið að selja olíufatið á 120 dollara, en alsírski orkumálaráðherrann, sem jafnframt leiðir samstarf OPEC-ríkjanna, spáir því að verðið muni hækka upp í um 200 dollara fatið, sérstaklega ef dollarinn fellur frekar. Það þýðir að núverandi eldsneytiskostnaður hefur ekki enn náð hæstu hæðum og mun verða enn drýgri hlutur úr pyngju neytenda.

Einn möguleikinn við þessar aðstæður er að bíta bara á jaxlinn og breyta engu í því hvernig við notum einkabílinn. Það mun væntanlega þýða að hlutfallslega mun rekstur einkabílsins verða dýrari og fjölskyldan þarf að draga saman annars staðar í heimilisbókhaldinu. Hækkandi bensínverð getur því þýtt að dragi úr viðskiptum við ýmsa þjónustuaðila sem ekki teljast jafn nauðsynlegir eins og í góðærinu, til dæmis að ekki þurfi að endurnýja innbúið jafn reglulega og annars, eða að sjaldnar verði farið út að borða. Bensínhækkunin lendir líka á verslunum og þjónustuaðila, sem gætu þurft að bregðast við með verðhækkunum.

Væntanlega munu fleiri bregðast við hækkandi bensínverði með því að reyna að draga úr notkun einkabílsins, í stað þess að stinga höfðinu í sandinn. Slík viðbrögð geta einnig haft efnahagsleg áhrif, til dæmis ef Íslendingar draga úr ferðalögum sínum innanlands. Það gæti farið illa með ferðaþjónustuna sem reynt hefur verið að byggja upp á undanförnum árum.

Ekki er hægt að búast við miklum aðgerðum ríkisstjórnarinnar, svo sem að lækka álögur á eldsneyti vegna þessa háa heimsmarkaðsverðs. Líklegra er að ríkisstjórnin hér bregðist við með svipuðum hætti og aðrar ríkisstjórnir í Evrópu.

Á meginlandinu er ráðgert að vikan verði undirlögð mótmælum vörubílstjóra, sem heimta viðbrögð við síhækkandi olíuverði. Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti mun í næstu viku leggja það til á leiðtogafundi ESB að brugðist verði við með þaki á virðisaukaskatt á bensín. Þegar er ljóst að þeirri tillögu verður hafnað á fundinum á þeirri forsendu að skattalækkanir og ívilnanir muni helst rata í vasa olíuútflutningsríkjanna. Hins vegar verður hvatt til þess að hver ríkisstjórn fyrir sig leiti leiða til að áhrifin verði ekki of mikil fyrir fátækustu borgarana. Slíkar úrlausnir verða þó einungis tímabundnar. Nauðsynlegt er að aðlagast nýjum veruleika sem felst í dýru eldsneyti, og draga úr neyslunni.

Hækkun olíuverðs hefur þó ekki einungis neikvæð áhrif. Í fyrsta lagi eflast nú efnahagslegar forsendur fyrir því að þróað verði ódýrara og umhverfisvænna eldsneyti. Í öðru lagi hefur það góð umhverfisleg áhrif ef dregið er úr akstri og notkun almenningssamganga er aukin þess í stað, fyrir utan hollustuna við að hjóla eða ganga.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Þögull Björn

Jón Ásgeir Jóhannesson og Tryggvi Jónsson hafa kært meðferð Baugsmálsins til Mannréttindadómstóls Evrópu, sem og ummæli Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra um málið. Máli sínu til stuðnings vísa þeir á bloggsíður Björns, þar sem hann spurði meðal annars hvort einhverjir viðskiptajöfrar teldu sig hafna yfir lögin og sagði réttarkerfið ekki hafa sagt sitt síðasta í málinu, eftir að hæstiréttur vísaði 32 kæruliðum frá og sendi átta aftur í hérað. Björn er aftur á móti staðráðinn í að auka ekki púðrið í kæru Jóns Ásgeirs og Tryggva og hefur þagað þunnu hljóði um Baugsmálið á vef sínum eftir að hæstiréttur felldi dóm sinn.



### Thorsson og Skúlason

Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur á skoðanaglaðan nafna, Guðmund Andra Skúlason, sem kemur víða við í athugasemdakerfum bloggara. Gallinn er sá að Skúlason lætur eiginnafnið duga þegar hann leggur orð í belg og þarf nafni hans Thorsson iðulega að sverja af sér skoðanir hins fyrrnefnda. Í athugasemdakerfi Andrésar Magnússonar biður rithöfundurinn nafna sinn vinsamlegast um að taka fram föðurnafn til að forðast misskilning. Svar Skúlasonar bendir til að Thorsson þurfi að vakta netið enn um sinn.



### Sumarið er tíminn

Seyðfirðingar hafa ákveðið að taka ekki upp sumartíma í bili en skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að klukkan verði færð fram um eina klukkustund yfir sumarið. Þeir eiga hauk í Guðlaugi Þór Þórðarsyni heilbrigðisráðherra. Árið 2006 lagði hann fram þingsályktunartillögu þess efnis að kannað yrði hvort hyggilegt væri að taka upp sumartíma á Íslandi. Taldi Guðlaugur það til þess fallið að gera lífið skemmtilegra. Nú er ekkert því til fyrirstöðu fyrir Guðlaug að semja eins og eitt stjórnarfrumvarp um sumartíma í sumar og leggja fram strax í haust. Kannski verður Guðlaugs minnst sem sólarráðherrans.

bergsteinn@frettabladid.is

# Hvolpar pappírstígranna



EINAR MÁR JÓNSSON

**Í DAG** | Endurminningar

Fyrir nokkru varð mér gengið inn í bókabúðina „Les cahiers de Colette“ rétt hjá Pompidou-listasafninu, þar sem ungleg og brosandi kona, Virginie Linhart að nafni, var komin til að árita nýútkomna bók sína, „Dagurinn þegar faðir minn þagnaði“. Virginie Linhart mun starfa við að gera heimildarmyndir fyrir sjónvarp, en þarna var hún í öðru hlutverki: hún er sem sé dóttir Roberts Linhart þess sem var leiðtogi franskra maóista kringum 1968, og bókin, sem er byggð á hennar eigin endurminningum og viðtölum við marga jafnaldra, fjallar um kynslóð hennar, um það hvernig var að vera barn þessara gömlu „byltingarmanna“ eftir allt sem á undan var gengið.

Til fulltingis með sér hafði Virginie Linhart skáldsagnahöfundinn Olivier Rolin, sem er m.a. frægur fyrir hina frábæru skáldsögu sína um maóismann í Frakklandi „Pappírstígrisdýr“. Hún er byggð upp á þann hátt að sögumaðurinn, fyrrverandi maóisti eins og höfundur sjálfur, ekur um París að næturlagi ásamt ungri konu, dóttur látins félaga hans úr hreyfingunni, og rifjar upp í margvíslegum brotum sögu maóismans, dapurlega og hjákátlega í senn. Olivier Rolin hóf mál sitt á að vísa til þessarar sögu, og minnti á að sögumaðurinn fengi þar aldrei neitt svar, unga konan væri einungis þögull hlustandi, en í bók Virginie Linhart væri hins vegar að finna það svar sem hún, eða einhver önnur af hennar kynslóð, hefði getað gefið. Eftir þennan inngang settist hann og tók til við að lesa upp nokkra krassandi kafla úr bókinni en Virginie Linhart settist á gólfið fyrir framan hann með kvikmyndavél á öxlinni og kvikmyndaði allan lestur hans og orðræður, meðan börn hennar, ung og smá, léku sér í kring.

### Linhart þagnar

Sú saga sem Virginie Linhart sagði af foreldrum sínum var í rauninni mjög dapurleg. Árið 1968 var Robert Linhart leiðtogi helsta maóistaflokks stúdenta og talinn bera af flestum að gáfum og öðru atgerfi. Díalektíkin lék honum í höndum. En þegar óeirðirnar hófust, komst hann að þeirri undarlegu niðurstöðu að þær væru „gildra“ gaullista og sósíaldemókrata til að leiða alþýðuna afvega og brjóta niður baráttu hennar, og því lagði hann blátt bann við því að félagar úr flokknum skiptu sér nokkuð af atburðunum.

Þessu var hlýtt um stund, og því var þáttur maóista í „maí 68“ såralítill, öfugt við það sem menn hafa oft haldið síðan. Þegar líða tók á mánuðinn áttuðu sumir þeirra sig á því að þarna höfðu þeir misst af stefnumóti við söguna og létu hendur standa fram úr ermum, en þá fór Robert Linhart yfir um á geðsmunum og hvarf alveg af sjónarsviðinu um stund. Hann náði sér aldrei fyllilega eftir það, þótt hann væri áfram sögulegur leiðtogi maóista, a.m.k. að nafninu til, og einn góðan veðurdag vorið 1981, þegar hreyfing maóista var löngu liðin undir lok, þagnaði hann með öllu og þagði í tuttugu og fjögur ár, eins og dóttir hans lýsir í bókinni.

### Hippadómur tekur við

Virginie Linhart, sem er fædd 1966, hefur såralitlar endurminningar um þann tíma þegar foreldrar hennar voru öllum stundum á kafi í þrefi maóismans. Eini arfurinn af því er sá að hún hefur jafnan haft hinn mesta ímugust á stjórnmálum, einkum fjöldabaráttu, og hið sama gilti um marga sem hún talaði við. Bernskuminningar hennar hefjast nokkru síðar, þegar Mao var fallinn af stalli, foreldrar hennar skilin og hippadómur og kommúnulifnaður tekinn við af baráttunni.

Í bókinni lýsir hún á lítríkan hátt hinu algera frelsi sem var nú ríkjandi á því sem varla var hægt að kalla „heimili“ lengur: það var stöðugt rennirí af félögum móðurinnar sem sváfu nótt og nótt í ýmsum skotum, aldrei var tekið neins staðar til, ekki voru neinar fastar máltíðir, heldur hljóp hver og einn í ísskápinn þegar hann vildi, börnin voru látin sjá um sig sjálf, ekki voru neinar reglur og enginn fastur háttatími né fótaferðatími. „Menn héldu að börnin yxu af sjálfsdáðum eins og blóm í haga“, segir Virginie Linhart. Þessi ruglingur fannst henni illur, en verst var þó að horfa upp á fullorðna fólkið striplast um í íbúðinni og verða vitni að mjög svo frjálsum ástum þess. Þetta máttu skólafélagarnir um fram allt ekki vita.

Mörg þau sem hún talaði við af sinni eigin kynslóð höfðu svipaða sögu að segja, og afleiðingarnar voru á eina lund: nú fylgja þau ströngu siðgæði, hafa allt í röð og reglu á heimilunum og þola ekki hina minnstu óreiðu. Þeir sem hlýddu á lesturinn í bókabúðinni gátu séð smádæmi um þennan aga. Hversu mjög sem börn Virginie Linhart ólátuðust fram og aftur á gólfinu gættu þau þess vandlega að hlaupa aldrei fyrir myndavél móður sinnar, í öllum æsingnum skelltu þau sér jafnan niður á fjóra fætur þegar þau nálguðust hana og skriðu þannig undir ljósopið.

Kannske eiga þau síðar eftir að skrifa bók um ógnir og skelfingar þessa stranga uppeldis. Þannig hringveltist heimsins rúta.

# Horfurnar í borgarmálum

**UMRÆÐAN**

Sigrún Elsa Smáradóttir skrifar um borgarmál



SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR

Það er ekki annað hægt en að sýna langþreyttum sjálfstæðismönnum skilning, þegar þeir reyna að telja hver öðrum trú um að nú verði svifin hin beina braut, eftir útnefningu á Hönnu Birnu Kristjánsdóttur sem oddvita sjálfstæðismanna í borginni.

Ritstjóri Fréttablaðsins Þorsteinn Pálsson á þó sjálfsagt metið í langsóttum réttlætingum þegar hann í leiðara blaðsins á mánudaginn segir að valið á Hönnu Birnu sé eðlilegt, af tveimur ástæðum, hún hafi verið í öðru sæti á listanum og „í öðru lagi virðist hún hafa haft forystu fyrir þeim viðbrögðum sexmenninganna svokölluðu við sameiningu REI og Geysis Green sem voru raunveruleg rót fyrri meirihlutaskiptanna“.

Viðbrögð sexmenninganna við sameiningu REI og GGE voru þau að tilkynna á blaðamannafundi, án samráðs við samstarfsflokkinn, að selja ætti REI tafarlaust. Í þeirri sölu hefði fylgt 20 ára einkaréttarsamningur um öll erlend verkefni Orkuveitunnar og ótakmarkaður aðgangur að þekkingu og starfsfólki Orkuveitunnar. Þessar fáránlegu og vanhugsuðu kröfur og dæmalaus yfirgangur gagnvart samstarfsflokki, urðu til þess að Framsóknarflokkurinn sleit samstarfinu. Þannig einkenndust viðbrögð sexmenninganna í REI málinu af einhverju allt öðru en stjórnvisku.

Þegar öllu er á botninn hvolft verður heldur ekki hjá því litið að Hanna Birna er hluti af þeim sundurleita hópi sjálfstæðismanna sem keypti Ólaf F. Magnússon til samstarfs með borgarstjórastólnum. Nú stígur hún skrefi lengra og leggur allt í sölurnar til að lengja lífdaga þessa meirihluta og áframhaldandi borgarstjórasetu Ólafs F. næstu níu mánuðina.

Þó meirihlutinn þrauki er engin trygging fyrir því að betra taki við að níu mánuðum liðnum. Meirihlutinn þarf eftir sem áður atkvæði allra þeirra átta einstaklinga sem að honum standa til að ná málum fram, þar á meðal atkvæði Vilhjálms Þ., Ólafs F. og Gísla M.

Innan Sjálfstæðisflokksins er fjöldi mála enn óuppgerður, eitt brýnasta verkefnið er ákvörðun um framtíð REI. Hvernig þessi hópur ætlar að koma sér saman um niðurstöðu í því máli á eftir að koma í ljós, kannski að forysta Hönnu Birnu geri sama gagn og síðast. *Höfundur er borgarfulltrúi Samfylkingar.*



tab
ÍTALÍA
HEILIR STURTU KLEFAR
Óbreytt verð!
Engar hækkanir!
MEÐ ÖLLU
80x80 kanntaður
90x90 rúnaður
ÖRYGGISGLER
Sturtuhaus
Handsturta
Hitastýrð blöndunartæki
8 nuddstútar
Sæti
VERÐ FRÁ 88.900,-
BESTA VERÐIÐ
FLOTTARI VARA
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
www.i-t.is
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

JOHN WAYNE LEIKARI LÉST ÞENNAN DAG 1979.

*„Hugrekki snýst um að vera dauðhræddur og fara samt upp í hnakkinn.“*

***John Wayne var táknmynd amerísk kúrekans og fyrirmynd og hetja margra ungra drengja á fimmta og sjötta áratug síðustu aldar.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 11. JÚNÍ 1935

## *Lögfræðingur frá HÍ fyrst kvenna*

Þennan dag lauk Auður Auðuns lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands, fyrst kvenna. Síðar varð hún fyrst kvenna til að gegna embætti borgarstjóra í Reykjavík og ráðherra á Íslandi.



Auður var fædd á Ísafirði hinn 18. febrúar 1911 og lést hinn 19. október 1999. Hún var dóttir Jóns Auðuns Jónssonar, alþingismanns, fyrst fyrir Íhaldsflokkinn og svo seinna fyrir Sjálfstæðisflokkinn, og Margrétar Guðrúnar Jónsdóttur. Auður tók stúdentspróf við Menntaskólann í Reykjavík árið 1929 og lauk lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands árið 1935. Ári seinna giftist hún Hermanni Jónssyni, hæstaréttarlögmanni og eignaðist með honum fjögur börn.

Hún starfaði sem lögfræðingur Mæðrarstyrktarnefndar Reykjavíkur á árunum 1940-1960, var bæjar- og síðar borgarfulltrúi í Reykjavík á árunum 1946-1970, forseti bæjarstjórnar, síðar borgarstjórnar 1954-1959 og 1960-1970 og gegndi embætti borgarstjóra í Reykjavík, ásamt Geir Hallgrímssyni frá 19. nóvember 1959 til 6. október 1960. Hún var alþingismaður Reykvíkinga 1959-1974, fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Sat á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1967. Hún var skipuð dóms- og kirkjumálaráðherra hinn 10. október 1970 og gegndi embættinu fram á mitt sumar 1971. Hún sat einnig í útvarpsráði 1975-1978.

Auður var einnig virk í Kvenréttindafélagi Íslands og var gerð að heiðursfélaga þar 19. júní 1985 þegar sjötíu ár voru liðin frá því að íslenskar konur fengu kosningarétt.

### MERKISATBURÐIR

**1870** Bruggverksmiðjan Amstel var stofnuð í Hollandi.

**1910** Gasstöð Reykjavíkur tók til starfa.

**1957** Handknattleikssamband Íslands var stofnað.

**1987** Margaret Thatcher varð fyrsti breski forsætisráðherrann til að vinna kosningar þrisvar í röð á síðustu 160 árum.

**1994** Íslandssíld var landað í fyrsta skipti í 27 ár.

**1994** Sveitarfélögum á Íslandi fækkaði um 18.

**2001** Konunglegu fjöldamorðin í Nepal áttu sér stað. Prins Dipendra myrðir 10 konungsmeðlimi og tekur sitt eigið líf.

**2004** Ronald Reagan er borinn til grafar.





## Þekkir einhver þessar stúlkur?

Kvennasögusafnið leitar eftir nöfnum stúlkna sem voru á myndum er fylgdu Teofani-sígarettum á árunum 1929 og 1930. Safnið á nokkrar ómerktar myndir og biður lesendur Fréttablaðsins um aðstoð. Á vef Kvennasögusafnsins, www.kvennasogusafn.is/Teofani/Teofani/Teofani.htm er hægt að skoða allar myndirnar. Ef einhver ber kennsl á stúlkurnar er hann beðinn að hafa samband við Kvennasögusafnið í síma 525 5779 eða í tölvupósti á netfangið audurs@bok.hi.is.

NEYTENDASAMTÖK ÍSLANDS: FIMMTÍU OG FIMM ÁR FRÁ STOFNUN

# Aðhald neytenda skiptir máli

„Hvatamaður að stofnun Neytendasamtakanna var Sveinn Ásgeirsson hagfræðingur, sem var að koma úr námi frá Svíþjóð. Hann kynntist sambærilegum samtökum þar, sem að vísu voru á vegum hins opinbera og fékk mikinn áhuga á þessum málum,“ segir Jóhannes Gunnarsson, formaður samtakanna.

„Neytendasamtökin fengu í kjölfarið góðan byr í seglin og eru í dag þriðju elstu neytendasamtök í heimi.“

Fyrsta verkefni samtakanna var leiðbeiningar- og kvörtunarþjónusta og er hún starfrækt enn þann dag í dag. „Neytendur geta fengið leiðbeiningar um lagalegan rétt sinn og aðstoð ef nauðsynlegt er hjá leiðbeiningar- og kvörtunarþjónustunni. Allir geta leitað þangað en þurfa að greiða málskotagjald ef um formlega kvörtun er að ræða. Hins vegar er sú þjónusta félagsmönnum að kostnaðarlausu,“ útskýrir Jóhannes og bætir við að helsti tekjustofn samtakanna sé þjónustusamningur og félagsgjöld. „Samtökin eru frjáls félagasamtök og þannig séð í valdi neytenda hversu öflug samtökin eru. Í dag eru félagsmenn um 13 þúsund og miðað við höfðatölu eru samtökin stærst í heimi ásamt þeim hollensku. Hins vegar erum við í raun mjög fámenn þrátt fyrir það, enda Íslendingar ekki margir“, segir Jóhannes sem nefnir einnig þjónustusamning við hið opinbera. „Viðskiptaráðuneytið hefur gert við okkur þjónustusamning, en þar hallar þó dálítið á okkur. Það kostar tuttugu milljónir að reka þessa þjónustu en við fáum aðeins tólf enn sem komið er. Við lítum svo á að þegar stjórnvöld á annað borð undirrita þjónustusamning sé það einnig viðurkenning á að um mikilvæga samfélagslega þjónustu sé að ræða. Þess vegna viljum við að stjórnvöld dekki allan kostnaðinn svo við getum komist hjá því að fjármagna restina með félagsgjöldum,“ segir hann.




**ÖFLUG FRÁ UPPHAFI** Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir samtökin þau þriðju elstu í heiminum og ein þau fjölmennustu miðað við höfðatölu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Helst brennur skriða verðhækkana í samfélaginu um þessar mundir á fólki en Jóhannes segir að allt frá ónýtum peysum til gallaðra eldhúsinnréttinga rati inn á borð samtakanna. „Við sendum alltaf fyrirspurn á viðkomandi fyrirtæki varðandi kvartanir og fylgjum slíkum málum eftir. Það sem er ánægjulegt er að mörg fyrirtæki samþykkja kröfur neytenda ef þau vita að leitað hafi verið til okkar. Enda vita fyrirtæki að við upplýsum neytendur um réttarstöðu sína og styðjum ekki óréttmætar kröfur,“ útskýrir Jóhannes. Til stendur að setja upp reiknivélar þar sem hægt verður að reikna þjónustu banka, tryggingafélaga og símafyrirtækja. „Þessa þjónustu er alltaf erfitt fyrir neytendur að bera saman, því skiptir aðhald neytenda svo miklu máli og því er þetta bæði spennandi og nauðsynlegt verkfæri fyrir neytendur samtímans.“

rh@frettabladid.is




LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Mikið úrval fallegra fylgihluta. Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S:HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677


AFMÆLI



**HUGH LAURIE** leikari er 49 ára.



**HENRIK** Danaprins er 74 ára.



**GENE WILDER** leikari er 75 ára.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**








*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Höskuldar Rafns Kárasonar**

Vallargötu 14, Vestamannaeyjum.

Guð blessi ykkur öll.

**Sigurleif Guðfinnsdóttir**
**Kári Höskuldsson** **Guðný Bjarnadóttir**
**Ármann Höskuldsson** **Bjarnheiður Hauksdóttir**
**Jónas Höskuldsson**
**Guðrún Sonja Kristinsdóttir** **Baldur Benónýsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



*Elskulegur faðir minn, bróðir, mágur og frændi,*

**Hilmar Halldórsson**

Faxabraut 36a, Keflavík,

sem lést 1. júní, verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju, miðvikudaginn 11. júní kl. 13.00.

**Sigmar Bjarki Hilmarsson**
**Guðrún Björg Halldórsdóttir**
**Elsa Hildur Halldórsdóttir**
**Jóhannes Daði Halldórsson**
**Aðalbjörg Grétarsdóttir**
**og systkinabörn.**



**ÍSLENSKT VÖRUMERKI**
Birgir Nielsen og faðir hans, Þór Nielsen, hanna veiðivörur sem hafa fallið í kramið hjá íslenskum og erlendum veiðimönnum.
VEIÐI 4



**SPILAÐ Í SÓLINNI**
Golfferðir til Tyrklands verða sífellt vinsælli. Úrval-Útsýn býður upp á tíu daga ferð til Belek í Tyrklandi í haust.
GOLF 6


# allt

HEIMILI HEILSA GOLF BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA VEIÐI ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ



**VINNUVÉLANÁMSKEIÐ**

Næsta námskeið hefst
13. júní n.k.



Staðsetning í Mjódd
www.ovs.is

Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving

UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414



**Bremsuhlutir**
í alla jeppa
og pickupa

Diskar
Klossar
Dælur
Borðar



Ísetningarþjónusta

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

PRENTSNIÐ EHF



Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ




Á Löngulínu heilsuðu þær Svanhvít Helga og Lydía Angelíka upp á litlu hafmeyjuna. MYND/PÁLÍNA ÞORSTEINSDÓTTIR.

# Landnámskonan kom þeim út til Köben

*Verkefni tengt Þorgerði landnámskonu í Öræfum fleytti þeim Lydíu Angelíku Guðmundsdóttur og Svanhvíti Helgu Jóhannsdóttur í skemmtiferð til Kaupmannahafnar.*

„Þetta var frábær ferð í alla staði. Það fyrsta sem við gerðum þegar við komum á Kastrúpflugvöll var að fækka fötum og fara í stuttbuxurnar. Okkur varð svo heitt,“ segja Lydía og Svanhvít hlæjandi þegar þær byrja að lýsa þriggja daga Danmerkurferð. Ferðin var verðlaun í samkeppni er Landsbyggðarvinir í Reykjavík og nágrenni efndu til í grunnskólum landsins og snerist um eflingu heimabyggðar. Verkefni Öræfastúlknanna, sem eru nemendur Hofsskóla, var unnið út frá hugmynd Lydíu um Þorgerðarkaffi í Sandfelli í Öræfum, líflegt safn og endurreisn kirkjunnar á staðnum. Það féll í kramið og þær stöllur fóru út til Kaupmannahafnar með fríðu föruneyti. Vöknuðu hálf fjögur til að drífa sig í flug og gengu um stræti stórborgarinnar fyrsta daginn. Heilsuðu upp á litlu hafmeyjuna, sigldu um sundin, stigu á land í Nýhöfn og röltu þaðan upp í Sívalaturn áður en haldið var til gistingar hjá gestrisnum hjónum í útjaðri borgarinnar.

Næsti dagur var líka vel nýttur. „Við fórum í Danmarks Aquarium sem er merkilegt sædýrasafn,“ segir Svanhvít. „Já, búrin eru falleg og mikið gert til að fiskarnir geti verið í sem náttúrulegustu umhverfi,“ bætir Lydía við. Þær lýsa líka athyglisverðu vísindasafni sem þær skoðuðu. „Þar var hægt að eyða miklum tíma því salirnir voru fullir af alls konar græjum sem fólk mátti prófa,“ segja þær. Góðviðrið notuðu þær stöllur einnig til að sóla sig á strönd og synda í sjónum. „Sjórinn var nú ekki hlýr en við höfum synt í kaldara vatni,“ segir Svanhvít. Síðasta daginn kíktu þær á Strikið og keyptu sér fersk kirsuber og rúsínan í pylsuendanum var heimsókn í Tívolí til að prófa hin ýmsu tæki. En hvernig gekk þeim að skilja dönskuna? „Það gekk bara nokkuð vel enda erum við búnar að læra hana í fjögur ár,“ segir Lydía brosandi og Svanhvít bætir við: „Það er hægara að skilja hana en tala.“

*gun@frettabladid.is*




**Útvarpið** í bílinn er algerlega ómissandi. Gott er að hlusta á fréttirnar en enn betra er að spila uppáhaldslögin og syngja með af mikilli innlifun.



Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

BÍLASTOÐ
réttingar & sprautun
TOYOTA & LEXUS þjónusta
GERUM VIÐ ALLAR TEGUNDIR BÍLA
Smiðjuvegur 38 rauð gata • Sími 564 0606 • Fax 564 0636
www.bilastod.is • bilastod@simnet.is

Allt á einum stað
SUMARDEKK
HEILSÁRSDEKK
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
BREMSUKLOSSAR
ALLT Á EINUM STAÐ
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066



Í Þýskalandi er þjóðgarður sem BMW sér um og er notaður til að kenna fólki að aka um friðlýst svæði.



Félagar úr BMW-klúbbnum á Íslandi. Hilmar Jónsson er annar frá hægri.

# Hjólahelgi í Þýskalandi

***BMW-mótorhjólaklúbburinn á Íslandi skellti sér nýlega til Þýskalands á námskeið í umhverfisvænum mótorhjólaakstri.***

Fyrsta utanlandsferð BMW-mótorhjólaklúbbsins á Íslandi var farin til Hechlingen í Þýskalandi á dögunum. Hechlingen er heiði sem er um 280 kílómetra frá Frankfurt. Ferðin var farin helgina 30. maí til 2. júní og var námskeið í umhverfisvænum akstri utan vegar haldið þá sömu helgi. Ellefu félagar klúbbsins heimsóttu Hechlingen en talið er að tveir Íslendingar hafi áður sótt þar námskeið. Í Hechlingen sér BMW um friðlýst svæði og notar það um leið til þess að kenna fólki að aka um þess háttar staði á mótorhjólum sínum. Fyrirtækið heldur þessi umhverfisvænu námskeið í átta mánuði á ári frá mars til októberloka og er þetta í fysta sinn sem BMW-mótorhjólaklúbburinn á Íslandi sækir svona námskeið.

Í þjóðgarðinum, þar sem námskeiðin fara fram, er mikið af fallegum leiðum sem eru að hluta gerðar af manna höndum. Hilmar Jónsson, meðlimur í BMW-mótorhjólaklúbbnum á Íslandi, fór í ferðina til Þýskalands. Hann segir að það sé ofboðslega fallegt í þjóðgarðinum og mikið af gróðri. „Þarna eru litlar geitur, einhverjar dverggeitur sem lifa villtar, og fleiri dýr,“ segir Hilmar og bætir við að mótorhjólaaksturinn og umhverfið fari ekki illa saman.

Á námskeiðinu voru þátttakendur kynntir fyrir umhverfisvænum akstri utan vegar. Hilmar segir að þeir hafi ekki lært þennan hefðbundna torfæru- eða drulluakstur sem þekkist hér á Íslandi heldur hafi áherslan verið á að æfa menn í að keyra á stígum, klettum og alls konar ófærum. Með BMW-námskeiðunum er reynt að gera umferðarmenninguna betri og þjálfa fólk í vönduðum akstri utan vegar og það fellur vel saman við stefnu BMW-mótorhjólaklúbbsins á Íslandi.

Hilmar segir að BMW-fyrirtækið geri mikið til að þjálfa fólk á mótorhjólin, sem eru mjög vönduð. „Þessi hjól eru einstaklega skemmtileg að vinna á. Þetta eru ekki þessi töffarahjól. Á þessum hjólum ertu öruggur bæði á malbiki og möl,“ segir Hilmar ánægður.

*martaf@frettabladid.is*

bfo.is
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is
NISSAN SUBARU HONDA ISUZU OPEL
SMIÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

KERRUÖXLAR Í ÚRVALI
og hlutir til kerrusmíða
FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

MOTHERS
BÓN OG BÍLHREINSIVÖRUR.
PERLZ BÍLASÁPA OG SKOLBÓN
ÓTRÚLEGUR GLJÁI OG BÓNHÚÐ SEM ENDIST
Opnunartími
Mán - Föst 10-18
BÓNVAL
Súðavogi 32. 104 Reykjavík S: 557 6460

Fegurðin býr í felgunum...
Sólning býður eitt landsins mesta úrval af ál og krómfelgum
Verð frá 12.899*
SÓLNING
Kópavogur, Smiðjuvegi 68-70, sími 544 5000
Njarðvík, Fitjabraut 12, sími 421 1399
Selfoss, Gagnheiði 2, sími 482 2722
Varahlutaverslun Björns Hellu, Lyngás 5, sími 487 5995
*pr. stk. 15 x 6,5 gatadeiling 4 x 100.

Sólarvörn er okkur nauðsynleg, sérstaklega ef við ætlum að vera lengi úti í sólinni. Gott er að temja sér það að setja sólarvörn á sig og börnin að morgni til þegar sólin skín og bæta svo á þegar líða tekur á daginn.



# Lausir halar í hlöðunni

***Hlass er yfirskrift samsýningar nokkurra listamanna sem verður opnuð skömmu eftir þjóðhátíðardaginn á veitingastaðnum Halastjörnunni að Hálsi í Öxnadal.***

„Hugmyndin á bak við sýninguna er að setja óvenjulegan bæjarviðburð í hversdagslegt sveitaumhverfi. Hvetja fólk til þess að koma að Hálsi, njóta náttúrudýrðarinnar, ganga upp að Hraunsvatni, minnast ljóða Jónasar Hallgrímssonar og fá sér góðan mat á Halastjörnunni,“ segir Jóna Hlíf Halldórsdóttir, verkefnastjóri listasýningarinnar Hlass, sem verður opnuð á veitingastaðnum Halastjörnunni í Öxnadal hinn 20. júní næstkomandi.

„Hlaðan að Hálsi er að mestu ónýtt og með sýningunni koma í ljós möguleikar sem felast í þessum ónýttu rýmum, hvort heldur til listsýninga eða annarra viðburða. Sömu sögu er að segja um fleiri hlöður um sveitir landsins sem hægt er að glæða lífi. Enda er það þekkt fyrirbæri að menningarviðburðir á fáförnum slóðum draga fólk að, og sá skapandi frjókornum í huga þeirra sem þangað koma,“ útskýrir Jóna, sem lofar í hástert veitingastaðinn Halastjörnuna á slóðum skáldsins Jónasar Hallgrímssonar.

Veitingahúsið var sett á fót sumarið 2004 af Guðveigu Eyglóardóttur en bústýra er systir hennar Sonja Lind Eyglóardóttir. Halastjarnan er við þjóðveg 1 í um tuttugu mínútna akstursfjarlægð frá Akureyri, höfuðstað Norðurlands. Leitast er við að bjóða gestum upp á fallegan og góðan mat í skemmtilegu umhverfi og matseðillinn miðast við það sem er mest spennandi og ferskast á fiskimarkaðnum, matjurtagarðinum, náttúrunni og hjá slátraranum. Yfirþjónn er Pavle Estrajher. Veitingahúsið tekur um 25 manns í sæti og er opið allt árið. Á sumrin er opið alla daga frá hádegi og er boðið upp á akstur endurgjaldslaust frá Akureyri og nágrenni fyrir viðskiptavini.

Frá Halastjörnunni er skemmtileg og vinsæl gönguleið að Hraunsvatni sem tekur um tvær klukkustundir og hentar flestum. Í næsta nágrenni, um fimm mínútna göngufæri, er gistiheimilið Engimýri. Sýningin Hlass verður opnuð hinn 20. júní og mun hljómsveitin Súkkat leika fyrir sýningu og súpu. Sýningin er opin alla daga kl. 18-20 til 21. júlí. Borðapantanir í síma 461 2200. Sjá nánar www.hlass.blogspot.com.

*rh@frettabladid.is*



Bústýran á Halastjörnunni, Sonja Lind Eyglóardóttir, ásamt listamönnunum Hlyni Hallssyni og Jónu Hlíf Halldórsdóttur, sem er jafnframt verkefnastjóri sýningarinnar Hlass í Öxnadal.
MYND/HALASTJARNAN




Gisting í Hörpuhúsi
Kaupmannahöfn
http://surprizetravel.is/gistingdk.html
Nánari upplýsingar í síma 822-3890

Alicante og Benidorm
18. eða 25. júní
frá kr. 14.990



Allra síðustu sætin!
Heimsferðir bjóða nú síðustu sætin til Alicante/Benidorm 18. júní í viku eða 3 vikur og 25. júní í 2 vikur á einstökum kjörum. Bjóðum einnig upp á stökktu tilboð, þar sem þú bókar flug og gistingu og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Einnig er í boði frábært sértilboð á einn vinsælasta gististað okkar á Benidorm Viña del Mar íbúðahótelið, sem er frábærlega vel staðsett. Benidorm er einn vinsælasti áfangastaður Íslendinga á Spáni og hér nýtur þú sumarsins í sólinni.

Verð kr. 14.990
Netverð á mann með sköttum. Flugsæti aðra leiðina (KEF - ALC) 18. eða 25. júní kr. 14.990. Báðar leiðir 18. júní í 1 eða 3 vikur og 25. júní í 2 vikur kr. 24.990.

Verð kr. 34.990
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð. Stökktu tilboð í viku 18. júní (tvær aukavikur í boði). Tveggja vikna ferð 25. júní kr. 15.000 aukalega. Sértilboð á Vina del Mar kr. 10.000 aukalega.

Verð kr. 44.990
Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi / stúdíó / íbúð. Stökktu tilboð í viku 18. júní (tvær aukavikur í boði). Tveggja vikna ferð 25. júní kr. 15.000 aukalega. Sértilboð á Vina del Mar kr. 10.000 aukalega.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Betra gengi -
miklu betra verð!




Verðlækkun á takmörkuðu magni af ferðavögnum.
Tryggðu þér topp-græju núna. Höfum náð að lækka verð verulega á hjólhýsum og húsbílum frá Dethleffs og bjóðum einnig mjög góð tilboð á Camp-let tjaldvögnum og Starcraft fellihýsum.
Settu þig í samband við sveigjanlega sölumenn okkar núna!
Opið á laugardag 12–16
MotorMax - lífið er leikur
SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA
www.motormax.is
Mótormax - Klettháls 13 - Sími 563-4400

Auglýsingasími
512 5050
Fréttablaðið – Mest lesið

**Vöðlur** eru mikilvægar í fluguveiðina því oft þarf að vaða langt út í vatnið til að bitið sé á, eða eins og máltækið segir: Votur er vöðlulaus maður.



LAXÁ Á REFASVEIT
Það var að losna holl 21.-23. júlí
Eigum laust: 2 holl í júlí · 1 holl í ágúst · 4 holl í september
Upplýsingar veitir Stefán í síma 898-3440

Fasteignablaðið
512 5469
694 4103
Ruth Bergs
ruth@365.is



# Íslenskar veiðivörur

***Nielsen-veiðivörurnar eru íslenskt vörumerki sem er orðið vinsælt í stangveiðiheiminum. Nafnið er Þórs Nielsen, sem hefur um áratuga skeið verið þekktur veiðimaður hér á landi og hann er ásamt sonum sínum í framleiðslu á veiðivörum.***

Birgir Nielsen hannar ásamt föður sínum veiðistangir í nafni Nielsen. „Það má segja að þetta hafi byrjað árið 1963 þegar pabbi fór að hnýta og veiða á flugu. Hann var að hnýta flugur eftir aðra og sjálfan sig og flugurnar hafa margar hverjar orðið landsfrægar. Við bræðurnir höfum alist upp við veiðar og þar hafa flugurnar hans pabba verið notaðar. Hann hefur aðallega einbeitt sér að silungaflugum og svo var það fyrir fimm árum síðan að Sigurður bróðir minn komst í viðskiptasambönd úti í Asíu. Eftir að tengsl komust þar á milli fórum við í að framleiða veiðistangir og aðra veiðivörur,“ útskýrir Birgir Nielsen, eigandi Nielsen. Birgir og faðir hans hafa þróað veiðistangir ásamt kóreskum tæknifræðingum og útkoman er til dæmis Nielsen Powerflex-veiðistöngin. „Viðtökurnar hafa verið stórkostlegar bæði hjá íslenskum og erlendum veiðimönnum. Við viljum ná útbreiðslu erlendis þannig að það skiptir máli að vera með gæðastangir,“ segir Birgir.



„Við horfum mikið á að þetta sé íslenskt hugvit sem það er. Við höfum prófað vöruna við íslenskar aðstæður í ýmsum ám og vötnum,“ segir Birgir. Í erlendum veiðiblöðum hafa Nielsen-veiðistangirnar fengið frábæra dóma sem segir mikið um gæðin. „Við höfum endurhannað Nielsen Powerflex-stöngina. Breyttum hjólasætinu og hjólið er úr flugvélaáli sem er nýtt hjá okkur. Það tekur nokkur ár að vinna að þessum hlutum sem skilar sér í miklum gæðum og það er lífstíðarábyrgð á stönginni. Fyrsta upplagið hefur selst upp og ný sending er á leiðinni,“ lýsir Birgir og bætir við: „Við höfum verið að selja til Norðurlandanna og Ástralíu og erum í viðræðum við aðila í Frakklandi þannig að það er nóg að gera. Þetta er langtímaverkefni og við tökum eitt skref í einu.“


Birgir með nýju Nielsen Powerflex-stöngina sem hefur fengið góðar viðtökur hér á landi sem og erlendis. MYND/EGILL BJARNASON

Nielsen er staðsett í hjarta Selfoss og í júlímánuði opnar ný verslun sem mun bera nafnið Allra veðra von þar sem höfuðstöðvar Nielsen verða ásamt 66° norðurverslun. Vefsíða Nielsen er www.nielsen.is og þar er hægt að finna allar helstu upplýsingar um vöruúrvalið hjá Nielsen.

*mikael@frettabladid.is*

Finnskur gæðafatnaður
á ótrúlegu verði









Snjó Camo
Jakki og buxur kr 15900

Svartur og grár, rauður, blár,
North Ice Outdoor
Innifalið: Vatnsheldur öndunarjakki og buxur, flíspeysa, flísmillilag, bolur, sokkar og húfa.

Premium pakkinn
innifalið Jakki, buxur, ullarpeysa, flónelskyrta, tvenn nærföt, axlabönd, húfa og sætisáklæði Verð 35900 allur pakkinn. Þennan fatnað valdi Félag leiðsögumanna með hreindýraveiðum sem einkennisfatnað.

Skoðið úrvalið á
www.icefin.is
Icefin Nóatúni 17
S. 5343177

Camó pakkinn
innifalið jakki, buxur, peysa, nærföt, axlabönd og húfa
kr 29500 Allur pakkinn



**Þvottavélar** finnast á flestum heimilum. Þær eru algert þarfaþing en passa þarf upp á að hreinsa sigtið í þeim reglulega. Þar safnast oft saman hár og ryk sem mikilvægt er að losa.

# Sumar á sólpallinum

***Nú þegar sumarið er að ganga í garð fara margir að huga að garðinum og pallinum sínum. Við hús Halldórs Kristjánssonar á Akureyri er nýuppgerður pallur.***

Halldór Kristjánsson skipti um gólfið í pallinum sínum við húsið sitt á Akureyri nýlega og segist vera brúnn og sæll eftir þá vinnu. Þegar Halldór er inntur eftir því hversu langan tíma það tók hann að skipta um gólfið segir hann það hafa tekið um það bil viku. „Þetta voru svona tveir dagar eitthvað fram á kvöld og svo brot úr dögum þess á milli. Ég var samtals svona þrjá vinnudaga,“ segir hann.

Fyrst Halldór þurfti á annað borð að fara í vinnu við að skipta um gólfið í pallinum ákvað hann að stækka pallinn í leiðinni. Vegna þess hve gólfið var lélegt var það þó mikilvægasta verkefnið að laga það og því ákvað hann að fara ekki í frekari framkvæmdir að þessu sinni. Í gólfið notaði Halldór gagnvarinn við sem var af stærðinni tólf sentimetrar sinnum átján millímetrar.

Margir Íslendingar bíða eftir sumrinu með eftirvæntingu því þá koma langir sumardagar með sól á palli og í garði. Flestir pallaeigendur hlakka til þess eftir langan, dimman vetur að sitja úti í sólskininu langt fram eftir kvöldi og Halldór er þar engin undantekning. Hann hefur í hyggju að vera mjög mikið á pallinum í sumar og er nú þegar búinn að eyða miklum tíma á honum og við hann í vor vegna viðgerðanna.

„Það er minnsta málið að skipta svona um gólfið. Ég fór ekkert í neinar undirstöður eða neitt svoleiðis. Það er náttúrulega aðalatriðið að setja upp veggina og stoðirnar, það er miklu meira mál,“ segir Halldór að lokum hæverskur.



Halldór ætlar að vera mikið á pallinum í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

*martaf@frettabladid.is*






**Golf** er eins og aðrar íþróttir, ef maður vill verða góður þarf að æfa sig. Ef maður aftur á móti ætlar komast á það stig að fara að keppa og jafnvel að vinna til verðlauna þarf virkilega að leggja mikið á sig.



Með því að spila golf má bæta allt að fimm árum við ævina samkvæmt nýrri rannsókn. MYND/ REUTERS/MIKE BLAKE

# Golfið lengir lífið

***Lífið má lengja með því að spila golf samkvæmt nýrri rannsókn.***

Í danska blaðinu Berlingske tidende segir frá nýrri rannsókn sem gerð var í Svíþjóð á 300.000 einstaklingum sem spila golf. Samkvæmt niðurstöðum hennar mega þeir sem stunda golf reikna með því að bæta fimm árum við ævi sína.

Í greininni segir að golfið sé holl íþrótt en einn hringur á golfvellinum útheimti oftar en ekki fjögurra til fimm tíma útiveru og sex til sjö kílómetra röskan gang. Í greininni segir einnig að fleiri rannsóknir bendi til þess að slík hreyfing hafi fyrirbyggjandi áhrif á hjartasjúkdóma, lækki kólesteról og haldi þyngdinni niðri. Fólk geti spilað golf þó árin færist yfir og það hafi einnig jákvæð áhrif á geðheilsuna að spila í góðum félagsskap.

www.berlingske.dk

*- rat*

# Spilað við Miðjarðarhafið

***Golfferðirnar til Tyrklands hafa vaxið að vinsældum undanfarin ár. Heimamenn eru að byggja upp ferðaþjónustu sína og er aðbúnaður víða til fyrirmyndar.***



Þrír golfvellir eru við hótelin í Belek. Hér má sjá Gloria Golf New Course-völlinn.

„Úrval Útsýn býður upp á níu nátta ferð til Belek í Tyrklandi frá 21. til 30. október í haust en þar er að byggjast upp golfsvæði með einstaklega góðum aðbúnaði. Hægt er að að velja um þrjú fimm stjörnu hótel og er hvert með sínu sniði,“ segir Margrét Óskarsdóttir, starfsmaður í golfdeild Úrvals Útsýnar.

Flogið er til Antalya sem er við Miðjarðarhafið og þaðan er 45 mínútna akstur til Belek sem er við ströndina. Við hótelin eru þrír golfvellir, tveir átján holu og einn níu holu ásamt æfingasvæði. Tveir fararstjórar verða með í ferðinni og mun annar þeirra hafa umsjón með golfskóla.

Margrét segir gott að vera gestur í Tyrklandi og að þar séu menn í ferðaþjónustu af heilum hug.

„Tyrkir hafa verið að byggja ferðaþjónustu sína upp með myndarlegum hætti undanfarin ár og víða eru fimm stjörnu hótel. Þeir eru mjög þjónustulundaðir en reyndar dálítlir sölumenn. Flestir eru þó fljótir að læra inn á það,“ segir hún sposk.

Hún segir Tyrki einnig flinka matreiðslumenn og hefur tyrkneska eldhúsinu gjarnan verið líkt við hið franska. „Það er því svo sannarlega hægt að gera vel við sig í mat á milli golfhringja.“



Sundlaugagarðurinn við Gloria Golf Hotel.



Golf Serenity-hótelið er búið öllum helstu þægindum ásamt fallegu útsýni.

Margrét segir golfferðir lengi hafa notið vinsælda hjá Íslendingum enda sumarið stutt og margir vilji lengja það í annan endann með því að fara í ferð að vori eða hausti. „Síðan er misjafnt í hvernig ferð fólk vill fara. Við bjóðum aðallega upp á hópferðir þar sem myndast stemning og vinskapur í kringum þetta sameiginlega áhugamál.“

*vera@frettabladid.is*


## Slöngubátar á frábæru verði :



3,6m
verð frá kr 122.000



opið
laugardag 10 til 16:00

3,8m
verð frá kr 138.000



4,3m
verð frá kr 163.000

H-Berg ehf
Import-Export

## Golfbílar, Golfhjól og Rafskutlur á frábæru verði



**Rafskutlur** Verð kr. **149.000**



opið
laugardag 10 til 16:00

**Golfhjól** Verð kr. **156.000**



**Golfbílar** Verð kr **599.000**

H-Berg ehf
Import-Export

Lónsbraut 6, 220 Hafnarfjörður • Símar 866-6610 og 893-3347 • www.hberg.is • E mail hberg@hberg.is

Listhúsinu Laugardal
Reykjavík
Sími: 581 2233

Óseyri 2
Akureyri
Sími 461 1150

www.svefn.is

Svefn & heilsa ★★★★★

Bjóðum 6 mánaða vaxtalausa raðgreiðslusamninga

Ég mæli hiklaust með
IQ-CARE
Eftir að ég fékk mér IQ-CARE
hef ég ekki fundið til í bakinu!
*Sölvi Fannar Viðarsson*
*Framkvæmdastjóri Heilsuráðgjafar*



# í sumarskapi

MIÐVIKUDAGUR 11. JÚNÍ 2008

**Reiðskólinn Faxaból**
býður upp á námskeið fyrir börn. BLS. 6






NORDICPHOTOS/GETTY

MHG VERSLUN

Husqvarna Construction Products
STEINSAGIR, KJARNABORVÉLAR, GOLF OG VEGSAGIR

Husqvarna
Great experience






Akralind 4 • 201 Kópavogur • Sími 544 4656 • Fax 544 4657 • www.mhg.is



Aðkoman að húsinu er einkar snyrtileg. Nýjar hellur í innkeyrslunni og hraundrangar af Reykjanesinu gegna hlutverki hliðstólpa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Plönturnar verða persónulegar

**Hvað er sumarlegra en heimilisgarður í góðri rækt sem hefur uppá endalausa möguleika að bjóða til útivistar? Þannig er garðurinn hjá Kristínu Viggósdóttur og Birgi Dýrfjörð sem búa í Skeifu í Stjörnugróf.**

„Þetta er frekar náttúrulegur garður og við höfum ekki eytt miklu í hönnun eða dýra gosbrunna," segir Kristín Viggósdóttir brosandi þegar beðið er leyfis að líta á garðinn við heimili þeirra hjóna. Hún segir hann hvergi nærri kominn í sinn fegursta skrúða. Samt eru litbrigðin fjölbreytt enda kveðst hún hafa byggt blómabeðin upp þannig að þar sé alltaf eitthvað útsprungið frá því snemma vors og fram á haust.

Hraungrýti af Reykjanesinu setur sterkan svip á beðin fyrri part sumars en Kristín segir fjölæru blómin vaxa hrauninu yfir höfuð þegar á líður. Tegundirnar eru óteljandi. „Fjölæru blómin eru fengin héðan og þaðan og þegar ég er að vinna í garðinum er ég oft með hugann við fólkið, bæði lifandi og gengið, sem gaf mér þau. Það er partur af ánægjunni og plönturnar verða persónulegri fyrir vikið," segir hún.

Birgir þykist ekki mikill blómakarl en hann á hugmyndina að litlum golfvelli í garðinum og kom þar fyrir níu holum. Frúin er ánægð með framtakið. „Það er mjög góð hreyfing að fara út á kvöldin og taka nokkrar sveiflur þegar veður er gott," segir hún.

*- gun*



Eitt aðalhornið í garðinum er með blómabeð á báðar hendur.



Skeifa er í garðinum við Skeifu. Þar er litskrúðugt grjót á pöllum og meira að segja austfirsk fjara í keri.



Víða hefur verið skapað skjól og ekki spillir að geta kveikt upp í eldstæði.



Litlir álfar gægjast út úr hraungrýtinu.



„Við erum stundum með veislur og krakkarnir fá garðinn lánaðan við sérstök tækifæri. Þá er huggulegt að hafa tjald yfir pallinum," segir Kristín.



# FRÍ **LANDSLAGSRÁÐGJÖF**

## Frí landslagsráðgjöf hjá MEST í Norðlingaholti

Nýttu tækifærið og skapaðu draumagarðinn þinn.

**Landslagsarkitektinn Stanislas Bohic aðstoðar viðskiptavini Mest við hönnun garðsins.**

Vinsamlegast skráðu þig í landslagsráðgjöf í síma 4 400 400 eða sendu tölvupóst á mest@mest.is.

Nauðsynleg gögn fyrir landslagsráðgjöf:
- Grunnmynd í kvarðanum 1:100 frá byggingafulltrúa
- Útlitsteikningar af húsinu í kvarðanum 1:100
- Afstöðumynd í kvarðanum 1:500
- Ljósmynd af húsi og lóð

Í framhaldinu færð þú tilboð frá söluráðgjafa MEST.



**Hefurðu kannað kosti skrautsteypunnar?**




NÝTT

50x50x8 cm hellur

Stórar stílhreinar hellur fyrir inn-keyrsluna.







mest

MEST Norðlingabraut 12 110 Reykjavík Sími: 4 400 400 www.mest.is

FÓTBOLTAFERÐIR Í SÉRFLOKKI



KNATTSPYRNUSKÓLI BOBBY CHARLTON
- nokkur sæti laus 1.-11. ágúst

ÆFINGAFERÐIR MEISTARAFLOKKA
Danmörk, Bretland, Spánn

ÆFINGA- OG KEPPNISFERÐIR YNGRI FLOKKA
- topp mót og góðir staðir

BOLTAFERÐIR
Enski boltinn, landsleikir, Meistardeildin

it ferðir
Ferðaskrifstofa knattspyrnumannsins
Sími 588 9900 ● fyrirspurn@itferdir.is
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
www.itferdir.is



Sandur og grjót

Fegrar og bætir garı inn

Şú færı allskonar grjót hjá okkur, sand og sérstakan sand í sandkassann. Vıı mokum efninu á bíla eı a kerrur og vıı afgreiı um líka sand í sterkum plastpokum, sem şú getur sett í skottiı á bílnum şínum.

Simi: 577-2000




Afgreiı slan er opin:
Mánud. - fimmtud. 7.30 - 18.30,
föstud. 7.30 - 18.00, laugard. 8.00 - 16.00.
Opiı í hádeginu nema á laugardögum.

BJÖRGUN HF.
SÆVARHÖFİ A 33

E. BACKMAN



vísir.is
"...ég sá það á vísi"




Sundaðstaðan í Húsafelli, sem er opin frá klukkan 10 til 22, samanstendur af tveimur laugum, tveimur heitum pottum og rennibraut. Veðursældin, skógurinn og grónar hlíðar í kring gera heimsókn þangað að dásamlegri upplifun. MYND/SIGURÐUR H. MARKÚSSON

# Synt úti í náttúrunni

**Í sumarfríinu er tilvalið að kanna nýja sundstaði.**

Víða um land má finna litlar sundlaugar úti í guðsgrænni náttúrunni. Það er hægt að liggja og horfa upp í brattar fjallshlíðar og láta sig dreyma.

Þó að laugarnar séu ekki endilega ætlaðar til skriðsundsæfinga geta þær verið dásamlegur áningarstaður á langleið. Þar er hægt að skola af sér ferðarykið ásamt því að anda að sér fersku lofti og fá innblástur frá stórbrotnu umhverfinu. *- ve*



Sundlaugin á Þelamörk er hluti af Íþróttamiðstöðinni á Þelamörk í Hörgárdal. Hún er afar vinsæll áningarstaður ferðamanna auk þess sem heimamenn og nágrannar eru duglegir að nota hana. Við laugina eru tveir heitir pottar og rennibraut. Staðsetningin er óviðjafnanleg enda er laugin umlukin tignarlegum fjöllum. Hún verður opin eitthvað fram í júlí en þá stendur til að hefjast handa við endurbætur á henni. MYND/SIGURVIN B. SIGURJÓNSSON



Staðsetning laugarinnar á Krossnesi norðan við Norðurfjörð í Árneshreppi á Ströndum er óvenjuleg. Þar ólmast Atlantshafið á aðra hönd en á hina gnæfir fjallið yfir. Við laugina er einn heitur pottur. Þar er engin gæsla en gestir geta skilið eftir smápening. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Selárdalslaug er tólf kílómetra frá Vopnafjarðarkauptúni. Laugin, sem er opin frá klukkan 10 til 22, er rómuð fyrir unhverfi sitt en hún stendur á bakka Selár þar sem hún rennur í grunnu gljúfri. Heitir pottar eru við laugina og sólbaðsaðstaða góð í skjólsælu gljúfrinu. MYND/SIGURVIN B. SIGURJÓNSSON



Hlíðarlaug í Úthlíð í Biskupstungum hefur í áranna rás verið einn af hornsteinum ferðaþjónustunnar á staðnum. Laugin er grunn og hentar vel fyrir börn. Á staðnum er einnig heitur pottur og barnavaðlaug. Náttúrufegurðin blasir við úr lauginni og í nágrenninu er ógrynni afþreyingar í boði. MYND/SIGURÐUR H. MARKÚSSON




Í áratugi hafa íslenskir garðyrkjubændur náð að byggja upp og rækta kröftuga stofna af íslenskum sumarblómum sem búa yfir einstökum eiginleikum. Þessir stofnar hafa lagað sig að íslenskri sumarveðráttu en gefa innfluttum stofnum ekkert eftir að fegurð og yndisleik.

Nýttu þér dýrmæta þekkingu og reynslu íslenskra garðyrkjubænda.

**VELDU ÍSLENSK SUMARBLÓM, SÉRMERKT ÞÉR.**

íslenskar
garðplöntur



Magni Ásgeirsson er Bræðslustjóri þetta árið en flytur jafnframt lög á hátíðinni.
FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

# Hátíð í síldarskúr

Tónlistarhátíðin Bræðslan verður haldin á Borgarfirði eystri laugardaginn 26. júlí. Þetta er í fjórða sinn sem hátíðin fer fram en hún hefur verið vel sótt frá upphafi.

Undanfarin ár hafa þar komið fram tónlistarmenn eins og Emilíana Torrini, Lay Low, Belle & Sebastian og Megas og Senuþjófarnir. Flytjendur eru ekki af verri endanum í ár. Írski tónlistarmaðurinn Damien Rice mun heiðra gesti með nærveru sinni, en hann hefur átt talsverði velgengni að fagna hérlendis. Þá munu færeyska söngkonan Eivör Pálsdóttir og rokkstjarnan Magni flytja lög, en sá síðarnefndi er jafnframt Bræðslustjóri í ár.

Nánar um hátíðina á www.midi.is.

*- mmr*



Eivör Pálsdóttir söngkona.

# Verkefni við allra hæfi

**Reiðskólinn Faxaból býður upp á skemmtileg reiðnámskeið fyrir börn á grunnskólaaldri í sumar.**



Þóra Þrastardóttir hefur áralanga reynslu af reiðkennslu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Við kennum krökkunum meðal annars á reiðtygi, heiti á líkamshlutum hestsins, hestalitina, sérstöðu íslenska hestsins og gangtegundir hans. Verklega kennslan gengur út á að ná jafnvægi á hestinum, sitja rétt, læra að teyma og umgangast hestinn og svo undirstöðuatriði í stjórnun hans,“ segir Þóra Þrastardóttir, einn eigenda og kennari við Reiðskólann Faxaból.

Þóra og eiginmaður hennar Tómas Ragnarsson stofnuðu Faxaból 2000 og er þetta annað árið sem skólinn er starfræktur í Reiðhöllinni í Víðidal. Faxaból er fyrst og fremst sumarskóli, þar sem kennd eru tveggja vikna námskeið bæði fyrir byrjendur og þá sem lengra eru komnir á aldursbilinu sex til fimmtán ára. Þátttakendum er raðað á námskeiðin eftir getu og þeir látnir fá verkefni sem efla sjálfstraust og færni í íþróttinni. „Við förum aðeins eftir getu barnanna og leggjum áherslu á að allir fái verkefni við hæfi. Fjögur getustig eru í boði á hverju námskeiði og reynt að halda hópunum litlum til að allir geti fengið þá aðstoð sem þeir þurfa. Hver hópur er með sama kennarann og fastan aðstoðarmann allt námskeiðið, en um átta fastir kennarar starfa við reiðskólann.“

Faxaból sér nemendum fyrir reiðtygi, hjálmum og hestum en reiðskólinn er með sextíu hross. „Hestarnir eru til fyrirmyndar, þægilegir í umgengni og hlýðnir, og sumir þeirra hafa verið með skólanum frá upphafi,“ segir Þóra og bætir við að aðstaðan sé til fyrirmyndar. Mikið sé af skemmtilegum reiðleiðum í Víðidal og stutt inn á reiðvelli til æfinga. „Vegna þess hversu stór og góð aðstaðan okkar er hérna í Víðidalnum höldum við líka stórar sýningar í lok hvers námskeiðs.“ Þar fá nemendurnir viðurkenningarskjal og verðlaunapening fyrir frammistöðu.

„Aðsókn á reiðnámskeiðin okkur hefur verið góð og má segja að við stækkum ár hvert,“ bendir Þóra á. „Við hjónin höfum verið viðloðandi hestamennsku í mörg ár og nú er öll fjölskyldan í þessu. Okkar líf er bara hestur,“ segir hún og hlær.

Enn er laust pláss á nokkur námskeið í sumar. Þeir sem hafa áhuga geta fengið nánari upplýsingar á heimasíðu skólans www.faxabol.is.

*- kka*



# ER FLUGVÖLLUR OG GRÆN ORKA Á SKRIFSTOFUNNI ÞINNI?





Uppbygging á Vallarheiði byggir á tveimur meginstoðum; tækifærum tengdum vel staðsettum alþjóðaflugvelli á heimsvísu og tækifærum tengdum grænni orku.

99% af því rafmagni sem nýtt er á Íslandi er frá umhverfisvænum orkugjöfum. Markmiðið er að þróa og byggja upp vísinda- og þekkingarsamfélag sem stutt getur við atvinnuuppbyggingu á svæðinu.





Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar í samstarfi við ýmsa aðila vinnur að þróun og umbreytingu fyrrum varnarsvæðisins í vísinda- og þekkingarsamfélag.

Mikil starfsemi er þegar hafin og hefur Þróunarfélagið samhliða óskað eftir hugmyndum um nýtingu þeirra eigna sem eftir eru á svæðinu ásamt tilboðum í þær.

ERT ÞÚ OKKAR NÆSTI SAMSTARFSAÐILI?

Upplýsingar um eignir á svæðinu má finna á

www.kadeco.is

KADECO
Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar









Bragi Snær Hallsson sýnir engin vettlingatök við smíðavinnuna.



Óskar og Halldór voru byrjaðir á kofa þegar ljósmyndara bar að garði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Sigurvin mundar sögina.

# Kofar og kassabílar

**Sumarstarf ÍTR er farið af stað og voru smíðavellir opnaðir víða um borg á mánudaginn var.**

Í Grafarvogi eru starfræktir tveir smíðavellir, við Foldaskóla og Engjaskóla. Smíðavellirnir verða opnir í sex vikur í sumar.

„Þetta er hugsað sem skapandi starf fyrir börn á aldrinum átta til tólf ára eða börn sem voru að klára þriðja til sjöunda bekk,“ segir Þóra Melsteð, deildarstjóri barnastarfs ÍTR í Frístundamiðstöðinni Gufunesbæ.

„Þarna er verið að leyfa börnum að umgangast hamar og nagla og búa eitthvað til. Þetta er mjög vinsælt. Mikil þátttaka var í fyrra.“

Krakkarnir skrá sig á staðnum og greiða 600 krónur fyrir sex vikur. Opið er frá níu til tólf og aftur eftir hádegi frá klukkan eitt til fjögur og er frjáls mæting.

„Þetta fyrirkomulag hentar mörgum vel því þau eru ekki bundin einhverjum stað undir leiðsögn alla daga, heldur er frjáls mæting og þau geta sleppt því að mæta ef veðrið er til dæmis leiðinlegt. Þetta er ekki beinlínis gæsla og það hentar mörgum krökkum á þessum aldri,“ útskýrir Þóra.

Kofar og kassabílar hafa verið vinsælir til smíða og hægt er að fá kofann fluttan heim gegn 2.100 króna gjaldi. Allir leiðbeinendurnir á smíðavöllunum við Folda- og Engjaskóla hafa farið á skyndihjálparnámskeið og smíðanámskeið. Þeir eru til taks en krakkarnir hafa frjálsar hendur með smíðavinnuna. *- rat*



Kalli neglir einbeittur á svip.




JÓN BERGSSON EHF.
Klettháísi 15 110 Rvk S: 588 8886
IPC
IPC; garðskálar á braut, 50-75% opnun,
sjá nánar á www.JonBergsson.is
IPC
IPC; garðkúlur á braut, allt að 130° opnun,
snýst í heilan hring
Softub
Softub; er hann snjallasti potturinn á markaðnum?
sjá nánar á www.JonBergsson.is
MARQUIS SPAS
Marquis; traustur Amerískur gæða pottur
www.JonBergsson.is


HÁGÆÐA
VERKFÆRI
USAG
Grafika 2008
STOFNAÐ ÁRIÐ 1978
ístækni ehf.
VÉLAR-TÆKI-VERKFÆRI
Ístækni ehf. I Nethyl 2 I sími: 510 9100 I www.istaekni.is I istaekni@istaekni.is


Sólstofur - Svalalokanir
Viðhaldsfríar í húsið eða sumarbústaðinn
Sem dæmi um notkun hér á landi er:
Fyrir einkaheimili: Stofur, sólstofur, borðstofur, eldhús, svalalokanir, sumarbústaðir og margt fleira.
Fyrir atvinnuhúsnæði: Veitingahús, hótel, verslunarhús, söluskálar, barnaheimili, elliheimili og margt fleira.
Four Seasons glerbyggingar eru frábær lausn sem hefur verið mikið notuð á Íslandi.
Glerið er háeinangrandi, með mjög góðri sólarvörn og öryggisgler sem er skylda að nota í þök.
Glerið gerir húsin að 100% heilsárshúsum.
Tré-ál eða ál útfærsla.
Verkhönnun - Tæknisalan ehf
Kirkjulundi 19, 210, Garðabæ
Sími 565 6900
Netfang verkhonnun@simnet.is
verkhonnun.com
FOUR SEASONS SUNROOMS
Mjög hagstætt verð

WOLF Garten
Garðsláttuvélar
Þýskar gæðasláttuvélar fyrir þá sem gera kröfur um gæði
ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
Ármúla 11 - sími 568-1500
Lónsbakka - sími 461-1070

Kawasaki
Vélorf
Alvöru orf á góðu verði
ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
Ármúla 11 - sími 568-1500
Lónsbakka - sími 461-1070

WOLF Garten
Rafm.sláttuvélar
Vandaðar vélar og öflugir mótorar
ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
Ármúla 11 - sími 568-1500
Lónsbakka - sími 461-1070

VANDAÐU VALIÐ
VELDU AFLMIKIL GRILL SEM ENDAST
Skoðið úrvalið á www.grillbudin.is
69.900
FULLT VERÐ 79.900
114.900
FULLT VERÐ 134.900
16,5 kw/h
39.900
FULLT VERÐ 49.900
Grillbúðin
www.grillbudin.is
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400
LANDMANN er frá Þýskalandi

STÁL & SUÐA
Hönnum og smíðum skóflu í öllum stærðum, á allar gerðir vinnuvéla.
Frábært verð.
Gerum verðtilboð.
100% HARDOX
Tökum einnig að okkur viðgerðir á skóflum.
Stál og Suða EHF • Stapahrauni 8. • 220. Hafnafjörður
Simi: 5545454-6935454 • heimir@stalogsuda.is



Sorbet er sumarlegur eftirréttur sem kælir og hressir. NORDICPHOTOS/GETTY

# Fljótlegur og ferskur

Sorbet er vinsæll réttur í heitu löndunum enda einstaklega kaldur og frísklegur að borða. Gallinn við réttinn er sá að hann er mikið til gerður úr sykri og auk þess þarf að bíða lengi áður en hægt er að snæða hann. Hér er uppskrift að gómsætum sorbet sem leysir þessi vandamál, hann er fljótlegur að útbúa og einstaklega hollur.

**500 g frosið mangó**
**250 g frosin hindber (eða önnur ber)**
**1 bakki af bláberjum**
**1 hrein lífræn jógúrt**
**1 msk. agave-sýróp (má sleppa)**



Öllu skellt í matvinnsluvél og hrært saman þar til blandan er orðin að mauki. Kókosmjöli og spæni úr 100 prósent dökku súkkulaði (raw cacao nibs) stráð yfir og rétturinn borinn fram strax.

Í raun er hægt að hafa hvaða frosnu ávexti sem er í uppskriftinni. Til dæmis er gott að hafa frosinn ananas sem fæst meðal annars í Melabúðinni eða nýta banana sem orðnir eru gamlir og brúnir.

# Ferskur en kryddaður sumardrykkur

**frá Hótel Holti**

**1/2 límóna**
**1 1/2 tsk. hrásykur**
**3-5 skvettur af Angostura bitter (ætti að fást í næstu búð)**
**klaki**
**fyllt upp með sódavatni eða Sprite**



Aðferð: Hrásykur settur í glas. Niðurskorinni límónu bætt út í ásamt kreistum límónusafa. Angostura bitter bætt við í þremur til fimm skvettum eftir smekk og þessu hrært saman þangað til sykurinn leysist upp. Glasið er síðan fyllt með klaka og hrært svo að innihaldið sitji ekki eftir á botninum. Fyllt upp með sódavatni eða Sprite. Skreytt með límónu, röri og jafnvel berjum.




THULE® SWEDEN

Upplifðu Ísland með Thule ferðavörum

Ferðabox verð frá 24.900,-





Allar upplýsingar um THULE SWEDEN ferðaboxin er að finna á vef Stillingar www.stilling.is

Stilling

www.stilling.is // stilling@stilling.is

Skeifan 11, 108 Reykjavík | Bíldshöfði 12, 110 Reykjavík | Smiðjuvegur 68, 200 Kópavogur | Dalshraun 13, 220 Hafnarfjörður
Draupnisgata 1, 600 Akureyri | Eyrarvegur 29, 800 Selfoss. | Sími: 520-8000




Þann **15. júní** næstkomandi á Sveitarfélagið Garður 100 ára afmæli og af því tilefni fögnum við Garðbúar og höldum hátíð. Laugardaginn 14. júní verða opnaðar sýningar víðs vegar um bæinn og síðan á sjálfan afmælisdaginn, þann 15. júní kl. 14:00, hefst hátíðardagskrá í Íþróttamiðstöðinni í Garði. Allir eru velkomnir og vonumst við til að sem flestir brottfluttir Garðbúar og aðrir gestir sjái sér fært að sækja okkur heim.

## Dagskrá afmælishátíðarinnar helgina 14.-15. júní

### Laugardagurinn 14. júní

Í tilefni af afmælinu verða opnanir á eftirfarandi sýningum:

Kl. 10:00 **Auðarstofa, Gerðavegi 1** - Handverkssýning eldri borgara. Opin til kl. 17:00.

Kl. 11:00 **Byggðasafnið á Garðskaga** - Ljósmyndasýning með gömlum myndum úr Garðinum. Opin til kl. 17:00.

Kl. 13:00 **Bæjarskrifstofur** - Sýning á málverkum eftir Gunnar Örn myndlistarmann. Opin til kl. 17:00.

Kl. 14:00 **Gerðaskóli** - Sýning á saumuðum myndverkum Guðrúnar Guðmundsdóttur frá Garðhúsum. Verkin eru unnin með hliðsjón af teikningum og lýsingum úr íslenskum og erlendum handritum frá 14., 15. og 16. öld. Opin til kl. 17:00.

Kl. 15:00 **Sæborg** - Sýning á portrettmyndum eftir Braga Einarsson myndlistarmann. Opin til kl. 17:00.

Kl. 16:00 **Gauksstaðir, vinnustofa** - Sýning á verkum myndlistarmannanna Ágústu Malmquist og Ara Svavarssonar. Opin til kl. 18:00.

### Sunnudagurinn 15. júní

Kl. 09:00 Guðsþjónusta að Útskálum.

Kl. 10:00 Hátíðarfundur bæjarstjórnar á bæjarskrifstofunni. Afhjúpun lágmynda af heiðursborgurum Garðs.

Kl. 11:00 Listaverkið Skynjun eftir Ragnhildi Stefándóttur afhjúpað við innkomu í bæinn.

Kl. 14:00 Hátíðardagskrá í Íþróttamiðstöðinni.
Söngsveitin Víkingar syngja.
Forseti bæjarstjórnar setur hátíðina.
Ávarp forseta Íslands.
Bjarni Thor Kristinsson óperusöngvari syngur.
Ávarp bæjarstjóra.
Frumflutningur á tónverki eftir Áka Ásgeirsson tónlistarmann sem samið er fyrir bæinn á 100 ára afmælisári.
Ávarp ráðherra.
Hátíðarlok.
Gestum boðið upp á kaffi og meðlæti.

*Að lokinni hátíðardagskrá verða sýningar opnar til kl. 20:00.*

## Allir velkomnir

GARÐUR
100 ára
1908 - 2008



### 150cc air cooled Loncin engine

Gjafaverð 110 þ. 150cc pit bike. Nýtt hjól á gjafaverði. Aukagangur af dekkjum fylgir. S. 868 5001.



### Tilboð óskast

Til sölu Chervolet Corvette Stingray árg. '74 Ek. 44 þ. mílur, 350cc, sjálfsk. Orginal bíll í toppstandi. Ásett verð 1.690.000. Tilboð óskast. Uppl. í s. 896 5290.

7 manna Pajero V6 jeppi árg. '91. Nýskoðaður. V. 150 þ. S. 861 3767.

Nissan Double Cap árg. '99 ek. 182 þús. disel. V. 650 þús. áhv. 540 þús. S. 451 1184.

## 0-250 þús.



Subaru Legacy árg. '97, ek. 192 þús, bsk, sk. '09, s+v dekk. V. 230 þús. Uppl. í s. 866 7347.

Til sölu Pajero diesel 96 mod,7manna með ónýtri vél.V.150 þ.Uppl.6996296/6906192

CBR 1000 RR fierblade 2006 keirt 3000 km verð 1350000 90 % lán uplisingar í sima 8608012

## 250-499 þús.



Mersedes Benz A-klass 140, arg 02, 1.4 benzin, 105p km, sk.09, Verb 490pus Uppl.is 6615466

## 500-999 þús.



Mits. Eclipse, '03. Ek. 140 þ.km. Fallegur bíll í góðu ástandi. Verð 890 þús. S:8618801

M Benz E230 árg.96 Sjálsk. ekinn 150 þús. verð 790 þús. S:822-7078

## 1-2 milljónir




Skiptu í HYBRID og sparaðu hundruði þúsunda í eldsneyti. 40% minna eldsneyti, meiri kraftur og lægra verð. Hybrid er framtíðin sem leysir af hendi eyðslufreka og mengandi benzín og dísel bíla. Pantaðu HYBRID reynsluakstur Reykjavík eða Akureyri í síma 5522000. Kynntu þér úrval HYBRID jeppa og fólksbíla frá Toyota, Ford, Chevrolet og öðrum helstu framleiðendum á www.islandus.com

## 2 milljónir +




Skiptu í HYBRID og sparaðu hundruði þúsunda í eldsneyti. 40% minna eldsneyti, meiri kraftur og lægra verð. Hybrid er framtíðin sem leysir af hendi eyðslufreka og mengandi benzín og dísel bíla. Pantaðu HYBRID reynsluakstur Reykjavík eða Akureyri í síma 5522000. Kynntu þér úrval HYBRID jeppa og fólksbíla frá Toyota, Ford, Chevrolet og öðrum helstu framleiðendum á www.islandus.com

## Bílar óskast

Óska eftir bíl á verðbilinu 0-100. skoða jeppa og fólksbíla. s: 8663838

Óska eftir ódýrum bíl frá 20-60 þús. Allt kemur til greina. Uppl. í s. 699 2707.

## Jeppar




Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008 Ford Explorer frá 2790þús, Dodge Durango frá 2790þús, Jeep Grand Cherokee frá 2590þús, Toyota Highlander frá 3100þús, Landrover LR3 Discovery frá 5690þús, Benz ML350 frá 5350þús, Audi Q7 frá 5750þús, VW Touareg frá 4750þús. Sími 5522000. www.islandus.com

## TIL SÖLU

BÍLASALAN HÖFÐAHÖLLIN
567-4840 og 660-0565
- Kletthálsi 2 -
www.hofdahollin.is & diesel.is



**Volvo S40 árgerð 2005**

Ekinn aðeins 33 þúsund. 1800 cc, steingrár, ljóst leður, 17' felgur, ProSoundSystem, 170 hestöfl, þokuljós framan og aftan, sumar- og vetrardekk, beinskiptur, aksturstölva o.fl. Skoðaður 2010. Bíll í topp standi. Í ábyrgð hjá umboði til okt. 2008. Glæsilegur bíll. Upplýsingar gefur Höfðahöllin í síma 567-4840.

**Verð kr. 2.490 þús.**

3205 S THULE

Innanmál: 204x142x35 cm
Heildarþyngd: 750 kg
Burðargeta: 600 kg
Dekk: 13"
Listaverð kr. 149.000,-
Tilboðsverð: 125.000,-



Lyfta.is - 421 4037 - www.thuletrailers.is - thule@thuletrailers.is



### MMC Pajero

MMC Pajero DID. Skráður 3/2006. Verð 4.850 þús.kr. ekkert áhvílandi. Bíllinn er ekinn 43 þús.km. 17" Anker felgur, leður í sætum, dráttarkrókur. Upplýsingar í síma 893 1477.



Toyota 120 VX sj, 5. manna, dísil, silfur , einn eigandi , þjónustub, ekinn 54 þúsund. Verð listi 5.830 tilboð 5.150. Nánari upplýsingar í síma 820 1909.



Toyota 110 dísil , sj , silfur, naf, bakkmyndavél , ekinn 68 þúsund , sk. 10 flottur bíll með öllu. Listi 7.690 tilboð 6,690. Nánari upplýsingar í síma 820 1909.



Patrol 06 2003 dísil, sj , ekinn 180 þúsund flottur bíll tveir eigendur listi 2490 tilboð 1990. Nánari upplýsingar í síma 820 1909.



Toyota 120 GX 01 2006 ekinn 39 þúsund ,sj , dísil einn eigandi, þjónustubók, glæsilegur bíll listi 5.5 tilboð 4.8. Nánari upplýsingar í síma 820 1909.



Cherokee 3,8L ek 48þ. árg 05. mjög snyrtilegur bíll. Verð 2790þ Bíla-og vélasala Borgarness 437-120 www.geisli.com



Til sölu er Toyota Hilux Diesel 2.5. Árgerð 08/05. Ekinn 62 þús. Eyðsla 8,5 l/100km í langkeyrslu 10l innanbæjar. Verð 2.390 þús. Uppl i s 848 0944.



Toyota Land Cruiser VX árg. '97, diesel. Ek. 260 þ., sjsk. Tilboð. s. 659 4403.



BMW X5 20'felgur. Glæsilegar Kahn felgur og Michelin dekk,búið að keyra 3000 km,gangverð á pakkanum er 500 þús.fæst á 350þús. Verð 8997981

100% lán. Litil eyðsla. Hyundai Santa Fe disel '05, ek. 39þ. km. krókur, vetrar & sumardekk á álfelgum. fullkomin þjónustubók. Ekkert út og 35.þ á mán. 663-6961.

Til sölu 4,3ha í Grímsnesi afgirt með túnbletti trjárækt læk 8981505 á kvöldin

## Pallbílar




Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008. Ford CREW F150 frá 2450þús, Ford F350 DIESEL frá 3390þús, Dodge RAM 1500 frá 2300þús, Dodge RAM DIESEL frá 3290þús, Toyota Tacoma frá 2990þús, Toyota Tundra frá 3090þús. Sími 5522000. www.islandus.com



Rumbel Bee 4X4 árg. '04, 3700 eintök framl. og þessi no. 1667 uppl. í 892-1524 FLOTTUR FYRIR BÍLADAGA!!

## Sendibílar



Volvo FL611 árg. 07, ek 46þ. kælibún. einangr. kassi. Verð 6890þ+vsk Bíla-og vélasala, Borgarnesi 437-1200 www.geisli.com

## Hópferðabílar



Til sölu 52ja manna Man SR292 H hópferðabíll. Ekinn 789.000 Árgerð 1987, nýskoðaður í góðu standi. Mjög gott staðgr.verð. Upplýsingar í síma 770 1080.

## Vörubílar



### Vagnasmiðjan auglýsir:

Eigum á lager og setjum álbretti á vörubíla. Almenn járnsmíði, viðgerðir og viðhald á öllum vörubílum og vögnum. Gæði og gott verð. Vagnasmidjan.is Eldshöfða 21 R.vík s. 587-2200, 898-4500.

**VANTAR**

ÓSKUM EFTIR VÖRUBÍLUM OG VINNUVÉLUM Á SKRÁ. Erum með sölu á eldri Volvo-Benz-MAN bílum, einnig Cat hjólaskóflum - stórum hjólakrönum sem og öðrum vinnuvélum. Bíla-og vélasala Borgarnesi 437-1200 geisli@geisli.com



MAN H29 TGA 26,530 6X4 . Árgerð 10/2004 sjálfskiptur.Eurotrailer árg 6/2005. verð 12.5 millj m vsk. Erl lán hjá Glitnir c.a 8.5 millj. Uppl Síma 892-1435 eða 698-0070

## Húsbílar




### Til sölu gott úrval Pallhýsa.

Ný og notuð á flestar gerðir pallbíla. Sendum hvert á land sem er. Uppl í síma 421 7922 eða Ágúst 864 0982, Jóhannes 896 2317 www.pallhysi.is JS Campers ehf.

## Mótorhjól



### Sumartilboð!

Yamaha midnight warrior 1700 árg. '02 kemur á götu '03. 2" dragbarstýri. Power commander. K og N síur. Glæsigripur. Ásett v. 1490 þ. Tilboð 990 þús. stgr. S. 820 4469.



Til sölu Kawasaki 250F árg 2007. Nánast ónotað. Verð 720 þúsund. 50 þúsund út og hjólið er þitt. Uppl. í síma 898-2060.



### Kawasaki KLR 600 árg.

Kawasaki KLR 600, Árgerð 2007, Ekið 5995, Vörunúmer 1467, Verð 690 þús. Hvít númer. Uppl. í s. 824 6600. Sjá fleiri myndir á motorhjol.net

Kawsaki ER6F svart árg. '07. Yfirtaka af láni. Uppl. í s. 893 7754.

## Vespur



Til sölu vespur og þar af nokkrar útlitsgallaðar, 10 þús. afsláttur af þeim og verðið er aðeins 115000 +skráning. Vespurnar afhendast skoðaðar og á númerum. Uppl. í síma 5672700

## Fjórhjól



Linhai fjórhjól 300cc 4x4 til sölu ekið 800km götuskráð fyrir 2. Sem nýtt. verð 500 þ. S. 820 6001.



Polaris 500 X2 götusk. 2manna '07 úr umboðinu. Enn í ábyrgð. Frábært verð. S. 897 6195.

## Kerrur



Golfbíla- fjórhjólakerrur 125x250cm og 150x250cm.Verð 150þús S:8966800 og 8964561

## Hjólhýsi



T@B 800kg 16fet árg 2004 ísskápur 12w/gas/ac, gaseldavél vaskur, fortjald, hitari V. 1500þ S. 821 4358



### Frábært tilboð á nokkrum hjólhýsum.

Getum nú boðið upp á nokkur notuð og ný hjólhýsi á einstöku tilboðsverði Mótormax, Kletthálsi 13, sími 563 4400.

## Fellihýsi

Til sölu 8 feta Viking fellihýsi. Árg. '99, vel með farið. Nánari uppl. í s. 861 8017.

Palomino Colt fellihýsi til leigu vikan 42 þ. + vsk. Uppl. í s. 891 6229.

Palamino Colt '01. Með fortjaldi og fleiri fylgihlutum. Vel með farið og einn eigandi. Uppl. s. 862 1498

## Tjaldvagnar



Til sölu Fis Camper. Skúffan 1,98 aðeins 350 kg. Verð 1250 þús. S. 822 8244




### Tilboð 330 þús, stgr.

Compi Camp árg 2001 til sölu. Lítið notaður og mjög vel með farinn. Fæst jafnvel á visa-láni. Vagnasmidjan.is Eldshöfða 21 R.vík s. 587-2200, 898-4500.

Til sölu Camp-let tjaldvagn árg. 2001. Verð 370 þús. Uppl. S: 8972313, Steini.

## Vinnuvélar



### Mercedes Benz -Atego (917)

Vörubíll, JCB grafa, 250 kg jarðþjappa, 4 skóflur og brotfleigur áhv 2,7 millj á vörubíl og 2 millj á gröfu nánari uppl í s. 699 1050 Jón og 691 4521 Steini

ARMAR

SPJÓTLYFTUR og ýmis önnur tæki til byggingaframkvæmda til leigu.

S. 565 4646

www.armar.is

## Geymsluhúsnæði




Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar. www.buslodageymsla.iceware.net

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Employment agency seeks:**

**Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plummers, masons, heavy duty drivers, paintors and more for the construction area.**
**- Proventus -**

**Call Sverrir 661 7000**

**Skalli Vesturlandsvegi**
**Starfsfólk óskast í fullt starf og aukavinnu.**
**Upplýsingar á staðnum.**

**Veitingahús Nings - Framtíðarstarf**
**Veitingahús Nings óska eftir vaktstjóra og öðru starfsfólki í fullt starf. Unnið er á 15 daga vöktum. Skilyrði: starfsmaður þarf að hafa góða þjónustulund, vera röskur, 18 ára eða eldri og íslenskumælandi. Endilega hafið samband í síma 822 8835 eða www.nings.is**

**M1 - næg vinna í boði**
**M1 óskar eftir að ráða málarameistara, málara, múrara og verkamenn til starfa sem fyrst. Óskum einnig eftir mönnum vönum verkstjórn í húsaviðgerðum. Sterk verkefnastaða. Upplýsingar í s. 896 6614 Kolbeinn Hreinsson Múrarameistari**

SÍMSTÖÐIN

**Kvöld og helgarvinna**
Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til starfa! Ekki síður skemmtilegt fullorðið fólk. Hringdu núna í síma 575 1500 simstodin@simstodin.is www.simstodin.is

**Bakarí í Kópavogi**
**Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí í Breiðholti aðra hvora helgi. Ekki yngri en 20 ára. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. í s. 820 7370, Ragga.**

**Sveinsbakarí.**
**Óska eftir aðstoðarmanni til framleiðslu í Sveinsbakarí Arnarbakka. Upplýsingar í síma 893 7370**

**Bakarí í Breiðholti**
**Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí í Breiðholti aðra hvora helgi. Ekki yngri en 20 ára. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. í s. 820 7370, Ragga.**

heilsuakademian

Heilsuakademían í Egilshöll óskar eftir hressum starfskrafti í móttöku. Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri og með mikla þjónustulund. Áhugi á líkamsrækt kostur. Tilvalið starf með háskólanámi. Skemmtilegt og lifandi starfsumhverfi. Áhugasamir sendi ferilskrá á valdis@ha.is

**Bakarí í Kópavogi**
**Starfskraftur til afgreiðslu starfa í bakarí. Frá 1. Júlí. Vinnutími 6:30-13:00 og 13:00-18:30 og aðra hvora helgi. Ekki yngri enn 18 ára og íslensku kunnátta skilyrði. Uppl. í s. 899 8212.**

**Bettís**
**Starfsfólk óskast í afgreiðslustörf á kvöldin og um helgar. Yngri en 18 ára kemur ekki til greina. Íslenskukunnátta skilyrði. Upplýsingar í síma 899 8212.**

**Skútan Veislulist**
**Óskar eftir að ráða matreiðslumann**
**Upplýsingar veitir Sigurpáll í síma 555 1810 & 822 8253.**

OLIVER BAR CAFÉ GRILL

Við óskum eftir vönu starfsfólki í sal og vönum barþjónum. Aldurstakamark 20 ára. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband í síma 844 7589 eða 821 8500 www.cafeoliver.is

Gefðu þér gjöf. Fjárfestu 10 tímum í viku og hafðu +5 m á ári eftir 2 ár. Ireinar@internet.is

**HENDUR.IS**
Tugir spennandi starfa í boði á vef okkar.

Stýrimann vantar á 64 tonna beitningavélarbát. Upplýsingar í síma 8980981

**G.G Lagnir**
Óskum eftir meiraprófsbílstjóra og gröfumanni. Uppl. í s. 660 8870, www.gglagnir.is.

**50% vinna**
Efnalaug miðsvæðis í Rvk óskar eftir starfsmanni í móttöku. Þægileg vinna sem hentar öllum aldri. Uppl. í s. 896 8171 til kl. 20.

Útflutningsfyrirtæki í sjávarútvegi óskar eftir starfsmanni í bókhald og almenn skrifstofustörf. Um fullt starf er að ræða. Umsóknir óskast sendar til Fréttablaðsins merkt „sjávarútvegur"

Óska eftir mönnum í smíðavinnu. Looking for carpenters. S. 849 8785.

Starfsmaður óskast í steinsteypu sögun. Uppl. í s. 892 3710.

Veitingahús óskar eftir starfsfólki í sal, einnig uppvask. Hlutastörf. Upplýsingar á staðnum. Kína Húsið, Lækjargötu 8 - Sími 551 1014.

Sundanesti v/sæbraut. Vantar þig vinnu í sumar? Starfsfólk óskast í kvöld og helgarvinnu. Uppl. s. 822 0568.

Leita eftir barngóðri stúlku til að gæta 8 mánaða drengs frá 9-3 á daginn.. Uppl. s. 857 9533

POTRZEBNA OPIEKUNKA DO DZIECKA I DO POMOCY W DOMU,Z MOZLIWOSCIA ZAKWATEROWANIA.NR.TEL.849 2409

**PRACA OD ZARAZ**
Firma, Zatrudni. Fachowcow, glazurników-murarzy. Z doswiadczeniem. Dobre Zarobki. 847 2209.

Two men needed for painting work. Tel 695 1918.

Bílamálari óskast. Uppl. s. 862 8994

**Starfsfólk í Garðvinnu**
Óska eftir starfskröftum í garðslátt og umhirðu, 17 ára og eldri. Uppl. í s. 691 9151. Garðlíf.

## Atvinna óskast

Sjálfstætt starfandi trésmiður óskar eftir verkefnum. Stór og smá verk. S. 662 6413 Marteinn. Rvk og kefl.

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, meiraprófsbílstjórar, suðumenn o.fl. S.8457158

24 ára leikskólakennari tekur að sér pössun um helgar, er mjög vön og hef góð meðmæli! s: 8446361

**Inni-/útimálun**
30 ára starfsreynsla. Vönduð vinnubrögð. Snyrtileg umgengni. Örugg mæting. Sanngjarnt verð. Björn s. 847 5012.

28 ára karlmaður óskar eftir vinnu. Til dæmis við akstur. Er duglegur. Er með meirapróf. Ýmislegt kemur til greina. S. 857 7924.

2 smiðir óska eftir vinnu. Allt kemur til greina. Uppl. í s. 893 5908.

Vanur bókari óskar eftir að taka að sér bókhald smærri fyrirtækja, uppl. í s. 823 2904.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**BAR POLONIA**
**ZAPRASZA SERDECZNIE WSZYSTKICH WIERNYCH KIBICÓW PILKI NOZNEJ NA MECZ AUSTRIA-POLSKA 12.06.08. CZWARTEK GODZ.18.45. EURO 2008 FLATAHRAUN 21 HAFNARFJÖRÐUR S. 555 2329**

SOMETIMES A NO IS A SLOW YES Dalí, Akureyri

**BAR POLONIA**
ZAPRASZA SERDECZNIE WSZYSTKICH WIERNYCH KIBICÓW PILKI NOZNEJ NA MECZ AUSTRIA-POLSKA 12.06.08. CZWARTEK GODZ.18.45. EURO 2008 FLATAHRAUN 21 HAFNARFJÖRÐUR S. 555 2329

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

Kona: þú kynnist karlmönnum á Rauða Torginu Stefnumót. Legðu inn auglýsingu, hlustaðu á auglýsingar karlma og spjallaðu við karla á vandaðri spjallrás. Þjónustan er gjaldfrjáls. Síminn er 555-4321

Heit upptaka um m.a. ákveðna athöfn sem ungri konu finnst einstaklega góð. (ath. upptakan er mjög „innileg"). Þú heyrir upptökuna hjá Sögum Rauða Torgsins í síma 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort). Nánar: raudatorgid.is

Fertugur myndarlegur karl vill kynnast karlmanni, 50+. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl. nr. 8863.

**allt atvinna**
**Alla sunnudaga**

# ATVINNA



# Starfsfólk óskast

Vegna opnunar nýrrar verslunar á **Akureyri** leitar Europris að starfsfólki í eftirfarandi stöður:

- Verslunarstjóri
- Aðstoðarverslunarstjóri
- Afgreiðslufólk
- Kvöld- og helgarstarfsfólk

Vinsamlegast hafið samband við **skrifstofu Europris** Lynghálsi 4, eða í síma **533 3366**

Europris

# Sumarvinna
## - hálendismiðstöð

Við leitum að hressum einstaklingi til starfa við ferðaþjónustu í hálendismiðstöðinni Hólaskjóli, sem er á Fjallabaksleið, skammt frá eldgjá og langasjó. Þetta er fjölbreytt starf í fallegu umhverfi.

**Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Gunnar á netfangið flaga@simnet.is**

# KÓPAVOGSBÆR

## Arkitekt
### á skipulags- og umhverfissvið

**Ert þú tilbúin(n) til að takast á við krefjandi skipulagsverkefni í Kópavogi?**

*Verksvið:*
- ***Arkitekt annast hönnun og tillögugerð um svæðis-, aðal- og deiliskipulag fyrir skipulagsnefnd og tekur þátt í stefnumótun í skipulagsmálum.***

*Menntunar- og hæfniskröfur:*
- Háskólamenntun í arkitektúr
- Þekking á viðeigandi lögum og reglugerðum æskileg
- Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi kunnáttu og reynslu af vinnu við Autocad teikniforritið auk haldgóðrar reynslu af Excel og ritvinnsluforritum

*Meðal verkefna:*
- Annast gerð skipulagsuppdrátta í samráði við skipulagsstjóra, sviðsstjóra og skipulagsnefnd
- Annast gerð uppdrátta fyrir grenndarkynningar
- Vinnur með öðrum starfsmönnum sviðsins að undirbúningi verkefna fyrir skipulagsnefnd
- Samráð við hagsmunaaðila vegna skipulagsmála
- Annast lögbundið samráð við umsagnaraðila við skipulagsgerð
- Annast gerð umsagna í samráði við skipulagsstjóra og sviðsstjóra

Nánari upplýsingar veitir Birgir H. Sigurðsson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs í síma 570 1459
netfang: ***birgir@kopavogur.is***
Umsóknarfrestur er til 16. júní 2008.
Umsóknir með ferilskrá berist til starfsmannastjóra á netfangið ***starfsmannastjori@kopavogur.is***

***www.kopavogur.is***

# Blaðberinn bíður þín

**Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.**



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

heimili FASTEIGNASALA

Sími 530 6500

## Er með kaupendur af eftirtöldum eignum:

### Seljahverfi

Vantar gott raðhús , parhús eða einbýli Möguleg skipti á góðri 4ja herbergja íbúð með herbergi í kjallara í sama hverfi.

### Laugardalur og nágrenni

Er með fjársterkan kaupanda af góðu sérbýli ca 160-250 fm helst í nágrenni við Langholtsskóla, aðrar staðsetningar koma þó til greina.

### Fossvogur,

Smáíbúðarhverfi eða Hlíðar.Vantar fyrir aðila sem búinn er að selja einbýli, raðhús/parhús eða stóra hæð. Staðgreiðsla í boði fyrir rétta eign.

**Allar nánari upplýsingar gefur Einar Guðmundsson löggiltur fasteignasali í síma 530-6500 eða 896-8767.**

## Múrarar Óskast

Vegna góðrar verkefnastöðu vantar okkur góða fagmenn í múrverki.

Næg vinna framundan

Nánari upplýsingar í símum: 824 0150 824 0160

Strúctor
byggingaþjónusta • structor.is

## Verslunarstjóri

**Verslunin Tiger í Smáralind óskar eftirverslunarstjóra.**

**Góð mannleg samskipti, skipulagni, reynsla og áhugi á uppstillingum og verslunarstörfum æskileg.**

**Upplýsingar veitir Sandra í síma 660-8211 eða sendið umsókn á tiger.sandra@simnet.is**

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

## Hátún 31 – 105 Reykjavík.




Mjög vel skipulagt 178,6fm einbýlishús á tveimur hæðum. Efri hæð : Forstofa, gangur, eldhús, hjónaherbergi, baðherbergi, stofa og borðstofa. Neðri hæð : 3 herbergi, gangur, salerni, eldhús, búr, þvottahús og forstofa. Geymsla undir útitröppum. Endurnýjað þak. Vel skipulagt hús á góðum stað.
V-41,9millj. (5273)
Sölmenn verða á staðnum.

*Leifur Aðalsteinsson Löggildur fasteignasali.*

## VERKSTJÓRAR - HÚSASMIÐIR - VERKAMENN

TSH VERKTAKAR

### Við leitum eftir:

- vönum verkstjórum
- smiðum með/án kranaréttinda
- smiðum vönum einingareisningu
- smíðaflokkum

### Starfsstaðir:

- Reykjavík
- Reykjanesbær
- Akranes

### TSH

TSH er verktakafyrirtæki með þrjátíu ára reynslu í húsbyggingum. Hjá okkur starfa um þrjátíu manns. Verkefnastaða fyrirtækisins er mjög góð og leitum við því eftir framtíðarstarfsmönnum.

### Upplýsingar

Frekari upplýsingar gefur Ásbjörn í síma 660-1786, 663-0022 eða aj@tsh.is
Hjá okkur er virkt starfsmannafélag og aðbúnaður góður.



Hringdu í síma

# 512 50 60




ef blaðið berst ekki



## Morgunstund gefur gull í mund

Hvernig væri að taka daginn snemma, njóta þess að fara út á morgnana og hreyfa sig í klukkutíma á launum?

Pósthúsið leitar að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 virka daga, eða um helgar.

Nánari upplýsingar gefur dreifingardeild í síma 585 8330. Einnig er hægt að fylla út umsóknarform á **www.posthusid.is**

Pósthúsið er öflugt dreifingarfyrirtæki sem starfar á skemmtilegum og fjölbreyttum vettvangi. Pósthúsið dreifir blöðum og tímaritum 7 daga vikunnar, flesta daga ársins og sér að auki um vörudreifingu fyrir stærri sem smærri fyrirtæki.

Pósthúsið
www.posthusid.is

Pósthúsið ehf, Suðurhraun 1, 210 Garðabær, s: 585 8300



**VEGLEG VEISLA** Í tilefni afmælisins veður mikil hátíð að Logalandi á sjálfan þjóðahátíðardaginn.

# Hundrað ára ungmennafélag

Ungmennafélag Reykdæla heldur upp á hundrað ára afmæli í Logalandi.

Í tilefni afmælisins munu félagsmenn standa fyrir veglegri veislu í Logalandi á þjóðhátíðardaginn 17. júní. Skemmtidagskrá verður bæði innan- og utanhúss.

Ungmennafélag Reykdæla var stofnað í Deildartungu sumardaginn fyrsta árið 1908. Félagið er síungt og starfar enn af fullum krafti þó hundrað ára sé. Félagsheimilið Logaland hefur frá upphafi verið alfarið í eigu félagsins. Í Logalandi hafa félagsmenn iðkað leiklist nánast frá stofnun félagsins og staðið fyrir ýmiss konar skemmtunum og dansleikjum svo eitthvað sé nefnt.

Afmælisdagskráin hefst árdegis á þjóðhátíðardaginn með hópreið til messu í Reykholti. Eiginleg afmælisdagskrá hefst svo klukkan 15 þegar ýmsir þjóðþekktir skemmtikraftar mæta á svæðið.

Ungmennafélag Reykdæla býður alla félagsmenn fyrr og síðar, sem og aðra velunnara félagsins, velkomna til afmælishátíðarinnar þann 17. júní.



**LEYNISÆTI** Mikil leynd hvílir yfir stólasöfnun Borgarleikhússins sem nú stendur yfir.

# Vantar 400 stóla

Borgarleikhúsið reiðir sig á aðstoð landsmanna við að útvega um 400 stóla.

Fimmtudaginn 12. júní á milli 16 og 18 verður tekið við stólum í Borgarleikhúsinu sem nýtast ekki lengur. Stólarnir verða notaðir í nýjum söngleik Ólafs Hauks Símonarsonar, Fólkið í blokkinni, sem frumsýndur verður á stóra sviði Borgarleikhússins í haust. Ekki er verið að biðja um neitt lítinn fjölda heldur ríflega 400 stóla. Þeir gjafmildu einstaklingar sem láta af hendi stól til sýningarinnar fá að launum gjafabréf á forsýningu verksins og fjórir heppnir fá áskriftarkort. Óskað er eftir þægilegum stólum úr borðstofum, eldhúsum, fundarherbergjum eða skólastofum en stórir hægindastólar eru hins vegar afþakkaðir.

Mikil leynd hvílir yfir því til hvers stólarnir verða notaðir. Leikstjórinn, Unnur Ösp Stefánsdóttir, og höfundurinn, Ólafur Haukur, segja aðeins að stólarnir muni svo sannarlega koma að góðum notum við uppsetningu verksins.

# Geitamjólk og gaman

Hljómsveitin Hraun hefur lokið við upptökur á annarri plötu sinni „Silent Treatment“. Platan er í beinu framhaldi af hljómplötunni „I can´t believe it´s not happiness“ sem Hraun gaf út í fyrrasumar. Halda Hraunliðar þar áfram ferðalaginu frá eymd til endurlausnar. Platan verður komin í allar betri hljómplötubúðir 13.júní næstkomandi og verður útgáfu hennar fagnað með útgáfutónleikum þann 16.júní á Rúbín í Öskjuhlíð, en þá fagnar hljómsveitin einmitt 5 ára afmæli sínu og er því von á góðu frá Hrauni. Að loknum útgáfutóleikum tekur við gleðskapur sem stendur fram á nótt. Ágóði af tónleikunum mun renna til styrktar íslenska geitastofninum, en hljómsveitarmeðlimir hafa ákveðið að ættleiða eina kind hver í eitt ár og fleiri ef vel gengur. Jóhanna Þorvaldsdóttir geitabóndi hefur ennfremur heitið geitamjólk til að blanda kaffidrykki kvöldsins, þannig að gestir Hrauns geta gætt sér á ljúffengum geita-latte á meðan þeir gleðjast með sveitinni. Forsala aðgöngumiða er á www.midi.is.




**NÝJA PLATAN** frá Hraun kemur út 13.júní næstkomandi.

**NAFNIÐ MITT:** URÐUR HÁKONARDÓTTIR

# Heitir eftir örlaganorn

Urður Hákonardóttir söngkona verður hissa þegar hún er spurð út í nafnið sitt.

„Það er ekki frá neinu að segja, ég bara var skírð Urður og heiti Urður í höfuðið á örlaganorninni væntanlega.“

Þegar Urður er innt eftir því af hverju hún hafi verið skírð þessu nafni og hvort það tengist einhverju í fjölskyldunni segist hún halda að mömmu sinni hafi bara þótt það fallegt nafn.

Urður segir að þegar skrifað sé um nafnið hennar og merkingu þess sé alltaf vísað í örlaganornirnar. Þær voru eins og flestir vita Urður, Verðandi og Skuld. Í norrænu goðafræðinni táknar hver norn ákveðna tíð og er Urður fortíðin. Nafnið merkir það sem orðið er. Örlaganornir, sem einnig eru nefndar skapanornir, ákveða aldur og örlög manna. Þær geta einnig séð framtíðina.

Oft getur verið erfitt að heita sérstöku nafni en Urður varð þó ekki vör við það. „Mér var mjög lítið strítt út af nafninu mínu, eiginlega bara aldrei.“

**URÐUR HÁKONARDÓTTIR** var skírð þessu nafni vegna þess að mömmu hennar þótti það fallegt.





*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Stefanía Ólöf Stefánsdóttir**
Laufbrekku 4, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð fimmtudaginn 5. júní. Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 13. júní kl. 13.00.

**Guðbrandur Ingólfsson**
**Björn Ingólfsson** **Steinunn Erla Friðþjófsdóttir**
**Þuríður Ingólfsdóttir** **Jóhannes Pétursson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Olgeir Kristinn Axelsson**
kennari og prentari,
Fannborg 8, Kópavogi,

lést á líknardeild Landakotsspítala mánudaginn 9. júní. Útförin auglýst síðar.

**Ester Vilhjámsdóttir**
**Valgerður K. Olgeirsdóttir** **Unnar Már Sumarliðason**
**Kolbrún Olgeirsdóttir** **Ingvar Ólafsson**
**Edda Olgeirsdóttir**
**Sigríður Olgeirsdóttir** **Sigurjón Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Yndislegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi*

**Björn Guðmundsson**
Andrésbrunni 8, Reykjavík,

var bráðkvaddur þann 8. júní síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju föstudaginn 13. júní kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda**

**Kristín Guðmundsdóttir**
**Anna Björg Björnsdóttir** **Jón Haukur Björnsson**
**Berglind Björnsdóttir** **Ólafur Einarsson**
**Bryndís Björnsdóttir** **Charles DuBeck**
**Guðmundur Björnsson** **Inga Birna Barkardóttir**
**börn, barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi.*

**Bjarni Ingimundarson**
fv. slökkviliðsmaður, Asparási 10
Garðabæ,

sem lést á gjörgæsludeild Sjúkrahúss Reykjavíkur í Fossvogi þann 3. júní verður jarðsunginn í Garðakirkju Garðholti 12. júní kl. 11.

**Elín Gústafsdóttir**
**Rósa Bjarnadóttir** **Pétur E. Jónsson**
**Inga Lóa Bjarnadóttir** **Bergur Konráðsson**
**Haukur Bjarnason** **Katrín Guðmundsdóttir**
**og barnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma.*

**Þorbjörg Svavarsdóttir (Didda)**
Arahólum 2, Reykjavík,

lést sunnudaginn 8. júní á líknardeild Landspítalans í Reykjavík. Útför tilkynnt síðar.

**Svavar Þorvaldsson** **Elzbieta Lul**
**Selma Þorvaldsdóttir**
**Ásgeir Jóhannes Þorvaldsson** **Kristín H. Alexandersdóttir**
**Elísabet Þorvaldsdóttir** **Guðmundur Einarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns,föður,tengdaföður og afa.*

**Ingvars Guðjónssonar**
Skaftahlíð 4 ,Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks 4. hæðar á Skjóli og bráðamóttöku Landspítalans við Hringbraut.

**Fjóla H. Halldórsdóttir**
**Hafdís Ingvarsdóttir** **Hilmar Bjarnason**
**Ingvar Örn Hilmarsson**
**Svana Fjóla Hilmarsdóttir**
**Birna Svanhvít Hilmarsdóttir.**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Gunnfríðar Ólafsdóttur**
Ánahlíð 12, Borgarnesi.

**Særún Helgadóttir** **Jóhann B. Hjörleifsson**
**Ólafur Helgason** **Sigríður I. Karlsdóttir**
**Hrönn Helgadóttir** **Indriði Jósafatsson**
**Friðborg Helgadóttir** **Árni Guðmundsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Ragnheiður Einarsdóttir (Ransý)**
síðast til heimilis að hjúkrunarheimilinu Eir,

verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík, 16. júní kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Barnaspítala Hringsins.

**Ragnar Tómasson** **Dagný Gísladóttir**
**Gunnar Tómasson** **Guðrún Ólafía Jónsdóttir**
**Ragnheiður Tómasdóttir** **Jón Pétursson**
**Guðríður Tómasdóttir** **Guðni Pálsson**
**Einar Sverrisson** **Guðrún Bjarnadóttir**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubarn.**






## STUÐ MILLI STRÍÐA Sumar og sund

**SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR** HYGGST FARA HRINGINN Í SUMAR



Sumarið er komið, svona á það að vera, og svo framvegis. Ég hafði háleit áform um að keyra hringinn í kringum landið í sumar, þar sem ég hafði strengt þess heit að dveljast á Fróni í ár og nýta fríið mitt í að rifja upp gömul kynni af smábæjum hér og þar. Sú áform eru eiginlega farin í vaskinn í heild sinni, þar sem ég sé ekki fram á að komast mikið lengra en í dagsferð að Hyrnunni í Borgarnesi miðað við bensínverð. Ég hef ekki afskrifað þá ferð ennþá og ég held að það sé blómabeð þarna við hliðina á Bónus sem ég gæti tjaldað í með ágætis árangri ef ég vildi lengja þetta upp í útileguhelgi.

Í staðinn hef ég lagt drög að annarri hringferð sem ætti ekki að kosta mig um of. Ég hyggst heimsækja allar sundlaugar höfuðborgarsvæðisins í sumar. Sund og sumar er óaðskiljanlegt í mínum huga. Ekki einu sinni ylvolgur og túrkísblár sjór kemur í stað heitu pottanna á sumarstemningarskalanum mínum og það þó að það sé áliðið dags og það sjáist varla í botninn lengur sökum fljótandi húðflaga.

Ég er meira að segja ekki frá því að sunddýrkun landans hafi sitt að segja um margumrædda framhleypni íslenskra kvenna. Það er bara ekkert pláss til þess að vera spéhræddur eða feiminn í sumarsundi. Það er hvergi auðveldara að greina innfædda frá erlendum gestum en í kvennaklefum sundlauganna. Á meðan íslensku valkyrjurnar spígspora um eins og þær koma af trénu reyna gestirnir hvað þeir geta að troða sér inn í skápana á meðan þeir leita í örvæntingu lausnar á vandanum: hvernig maður klæðir sig í sundbol án þess að fara úr gallabuxum og flíspeysu.

Eini gallinn á þessum áformum mínum er að þar sem ég ólst upp annars vegar við hliðina á Laugardalslauginni og hins vegar Árbæjarlauginni hef ég takmarkaða þekkingu á hvar hinar laugarnar er að finna. Bensínkostnaður gæti því orðið þó nokkur. En ég örvænti ekki, ég get alltaf gengið upp í Breiðholt. Eða tekið með mér tjald í von um að finna gott blómabeð.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Overli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** — Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** — Eftir Kirkman/Scott





Fjórir naglar komnir út!
Fyrsta nýja platan frá Bubba í 3 ár er komin í næstu verslun.
★★★★★
„Bubbi... ... með sína allra bestu plötu í árabil.“
Jóhann Ágúst Jóhannsson, Morgunblaðið 6. júní 2008
Bubbi fjórir naglar
Bubbi fjórir naglar
1. Mundu Drottinn 2. Myndbrot 3. Brúnu augun þín
4. Græna húsið 5. Frelsi til að velja 6. Algleymi svart
7. Þegar tíminn er liðinn 8. Snærið varð að duga
9. Femmi 10. Fjórir naglar 11. Dýrðin er þín
12. Þú ert ekki staur 13. Fótatak þitt
Upptökustjóri: Pétur Ben
Góða skemmtun! ►
sena
okkar heimur // þín skemmtun

**Kl. 21.30**

*Boðið verður upp á músík og ljóðakabarett á skemmtistaðnum Organ í Hafnarstræti í kvöld kl. 21.30. Þar koma fram hljómsveitin Gæðablóð, sem er skipuð Kormáki Bragasyni, Magnúsi Einarssyni og Tómasi Tómassyni, og Hljómsveitin hans pabba, sem skipuð er þeim Margréti Guðrúnardóttur, Ásgeiri Óskarssyni, Björgvin Gíslasyni og Tómasi Tómassyni. Aðgangseyrir er 500 kr.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Fyndið en alvarlegt*

Rithöfundurinn Ian McEwan tekst gjarnan á við erfið og vandmeðfarin málefni í bókum sínum. Hann hefur skrifað um persónuleg vandamál svo sem kynferðislega vanhæfni og sviksama fjölskyldumeðlimi, en einnig fjallað um stærri viðfangsefni eins og innrásina í Írak. Það kemur því varla nokkrum lesenda á óvart að þegar McEwan kynnti nýjustu skáldsögu sína á Hay-bókahátíðinni sem stóð nýverið yfir í Wales kom í ljós að umfjöllunarefni hennar var af heldur alvarlegum toga: bókin fjallar um gróðurhúsaáhrifin. Aftur á móti kom nokkuð flatt upp á marga að McEwan tekst á við þetta alvarlega málefni á allt að því gamansaman hátt. Aðalpersóna þessarar nýju sögu er vísindamaður sem hlotið hefur Nóbelsverðlaun á sviði eðlisfræði og vinnur að því að finna lausn á umhverfisvandanum. Vísindamaðurinn er þó breyskur og þarf að takast á við sína eigin matargræðgi, sem leiðir oft á tíðum til heldur skoplegra aðstæðna.

McEwan þvertók þó fyrir að um gamansögu væri að ræða. „Ég þoli ekki gamansögur,“ sagði McEwan aðspurður um nýju bókina. „Þær eru eins og að vera kitlaður; klaufaleg tilraun til að þvinga fram hjá manni hlátur.“ Hann sagði að skáldsagan væri í grunninn alvarleg, en að finna mætti nokkrar fyndnar aðstæður í henni. **- vþ**



**IAN MCEWAN** Kynnti óútgefna skáldsögu sína á Hay-bókahátíðinni nýverið.



**HJÖRLEIFUR VALSSON FIÐLULEIKARI** Kemur fram ásamt þeim Ingu Backman og Arnhildi Valgarðsdóttur í Iðnó í kvöld.

## *Minnast tónskálds*

Hið stórskemmtilega þríeyki Inga Backman, Hjörleifur Valsson og Arnhildur Valgarðsdóttir koma fram á tónleikum í Iðnó í kvöld kl. 20. Á dagskrá tónleikanna verða lög Jakobs Hallgrímssonar, organista, fiðlukennara og tónskálds sem lést árið 1998, langt fyrir aldur fram, en lét eftir sig sannkallaðan fjársjóð sönglaga.

Ofangreint tríó tók sig nýverið til og hljóðritaði diskinn „Ó undur lífs“ sem inniheldur mörg af fallegustu sönglögum Jakobs við texta eftir skáld á borð við Halldór Laxness og Davíð Stefánsson. Með tónleikunum í kvöld vill tríóið minnast þess að tíu ár eru liðin frá andláti tónskáldsins og um leið fagna útgáfu þessa löngu tímabæra hljómdisks.

Miðaverð á tónleikana er 1.000 kr. **- vþ**






**AÐSTANDENDUR PROLOGUS** Tinna Gunnlaugsdóttir, Helga Sverrisdóttir og Bjarni Ármannsson voru kát á blaðamannafundinum í Þjóðleikhúsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hlúð að leikritun í landinu

**Styrktarsjóðurinn Prologus var formlega kynntur á blaðamannafundi í Þjóðleikhúsinu í gær. Markmið sjóðsins er að hlúa að leikritun á Íslandi og efla höfundastarf við Þjóðleikhúsið. Sjóðurinn er stofnaður af Bjarna Ármannssyni og Helgu Sverrisdóttur í samvinnu við Þjóðleikhúsið.**

Stofnframlag sjóðsins er sextán milljónir króna, en sjóðurinn mun starfa til ársins 2010. Innan skamms verður auglýst eftir hugmyndum að leikverkum og öðrum leikhústengdum verkefnum. Í kjölfarið mun fagráð sjóðsins taka umsóknirnar til athugunar og mæla með verkefnum við sjóðstjórn. Gert er ráð fyrir að styrkja fimm verkefni á ári um 600.000 kr. og munu tvö þeirra verkefna hljóta 600.000 kr. styrk til viðbótar.

Melkorka Tekla Ólafsdóttir leiklistarráðunautur situr í fagráði sjóðsins. Hún segir fjárhagslegt öryggi geta skipt sköpum fyrir leikritahöfunda. „Með stofnun Prologus er hægt að bjóða leikskáldum fjárstuðning í ákveðinn tíma til þess að þau geti einbeitt sér að ritun verka sinna. Sjóðurinn skapar þannig kærkomið tækifæri til þess að efla nýsköpun í íslensku leikhúsi, og gefa jafnt nýjum sem reyndari höfundum tækifæri til að sinna list sinni.“

Sjóðnum er einnig ætlað að stuðla að framþróun og eflingu leikritunar með höfundasmiðjum, útgáfu og tilraunaverkefnum þar sem teflt verður saman fólki úr ólíkum listgreinum.

Þó að Þjóðleikhúsið sé einn þeirra aðila sem standa að sjóðnum koma verkin sem styrki hljóta ekki sjálfkrafa til með að verða sett þar upp. „Þjóðleikhúsið getur gert samninga við höfunda um uppfærslu þeirra verka sem því líst vel á, en leikhúsið vonast um leið til þess að sjóðurinn efli íslenskt leikhúslíf almennt. Þannig munu vonandi sem flest þeirra verka sem sjóðurinn styrkir eiga sér framhaldslíf, í Þjóðleikhúsinu eða annars staðar. En hvort sem sú hugmynd sem höfundur er að vinna að með styrk frá sjóðnum endar sem fullgert leikrit á leiksviði eða ekki, þá er víst að sá tími sem höfundurinn hefur getað helgað sig leikritun er dýrmætur í þroska hans sem listamanns.“ segir Melkorka. **vigdis@frettabladid.is**

# Sænskar raddir hljóma

Hinn sænski Åkersberga kammarkör heldur tónleika í Fríkirkjunni í Reykjavík í kvöld kl. 20. Kórinn er frá Stokkhólmi en er staddur hér á landi vegna þátttöku sinnar í Kórastefnunni á Mývatni sem fór fram nú um liðna helgi. Kórinn hefur að auki talsverð tengsl við Ísland þar sem stjórnandi hans er Ingibjörg Guðlaugsdóttir, íslenskur tónlistarmaður búsettur í Svíþjóð.

Åkersberga kammarkör er blandaður kór sem telur um 25 manns og hefur verið starfandi frá því árið 1973. Ingibjörg tók við stjórn kórsins í fyrra og er þar með fjórði stjórnandi kórsins frá upphafi. Kórinn syngur alla mögulega stíla tónlistar; vísur, þjóðlög, klassík, gospel og hefur einnig tekið þátt í flutningi stærri verka með öðrum kórum og hljómsveitum.



**VIÐ ÆFINGAR** Åkersberga kammarkör heldur tónleika í Fríkirkjunni í Reykjavík í kvöld.

Á tónleikadagskránni í kvöld verða meðal annars gullmolar úr sænskri kórtónlist, þjóðlög, vísur, rómantísk og klassísk verk og einnig verk sem Ingibjörg samdi sérstaklega fyrir kórinn. Ásamt kórnum koma fram nokkrir hljóðfæraleikarar; kórstjórinn Ingibjörg leikur á básúnu, en einnig spila með flautuleikari og píanóleikari. **- vþ**

## NÝJAR BÆKUR



**Tré Janissar-anna** eftir **Jason Goodwin** vann til hinna virtu Edgar-verð-launa í Banda-ríkjunum, en þau eru veitt bókum í flokki spennusagna. Bókin gerist í Istanbúl á 19. öld. Morð er framið í kvennabúri soldánsins og sömu nótt er liðsforingja slátrað á götum borgar-innar. Skuggi forlag gefur bókina út og hefur þegar tryggt sér réttinn að framhaldinu. Ragnar J. Gunnarsson þýddi bókina.



**Morðin í Betlehem** eftir **Matt Rees** segir frá palestínska rannsókarlög-reglumann-inum Omar Yussef, en um er að ræða fyrstu bókina í röð spennu-sagna um hann. Bókin tekur fyrir flókinn heim menningar-árekstra og setur hann í mannlegt samhengi. Skuggi forlag gefur út og þýðandi er Vignir Andri Guðmunds-son.



**Saga Ástar-innar** eftir **Nicole Krauss** er afar hugljúf skáldsaga sem tilnefnd var til Orange-bókmennta-verðlaunanna, en þau eru einungis veitt konum af dómnefnd skipaðri konum. Bókin segir sögur hinnar fjórtán ára gömlu Ölmu Singer og ellilífeyrisþegans Leo Gursky, en líf þeirra tengjast á óvæntan hátt. Kristrún Heiða Hauks-dóttir þýddi bókina og Skuggi forlag gefur út.



**Golf og Gaman** eftir **Kristján Hreinsson** sameinar golfsögur og gamanmál. Hér er á ferðinni stór-skemmtileg og meinfyndin bók full af vísum og sögum úr golf-íþróttinni. Í bókinni eru einnig líflegar myndir úr golfinu hér á landi frá því um miðbik síðustu aldar og fram til dagsins í dag. Skuggi forlag gefur út.




Viltu taka daginn snemma í sumar?

Erum að leita að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana.

Hafðu samband við dreifingar-deild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að fylla út umsókn á **www.posthusid.is**

Pósthúsið


# Fjölbreytt tónlistar-hátíð í Borgarfirði

Tónlistarhátíðir fara fram víða um land nú í sumar. Ein þeirra er hátíðin IsNord í Borgarfirði sem fer fram í fjórða sinn nú í ár og hefst á föstudaginn með tónleik-um hljómsveitarinnar Hjaltalín í Gamla Mjólkursamlaginu.

Á laugardag kl. 16 verða svo tónleikar í Borgarneskirkju þar sem flutt verður tónlist eftir Carl Nielsen og fleiri Dani. Flytjendur eru danski tenórinn David Dan-holt og Jónína Erna Arnarsdóttir píanóleikari. Fyrir tónleikana, eða kl. 14, heldur Knut Ketting fyrir-lestur um Carl Nielsen og konu hans, Anne Marie, í Tónlistarskóla Borgarfjarðar. Á laugardags-kvöldið kl. 20.30 verða svo tangó-tónleikar á Hótel Borgarnesi. Þar kemur fram norska tangóhljóm-sveitin Tango for tre ásamt íslenska tangóparinu Bryndísi Halldórsdóttur og Hany Hadaya sem munu sýna nokkur vel valin spor og leiða áhorfendur inn í dansinn.

Á sunnudag kl. 16 lýkur hátíðinni með tónleikum í Reykholtskirkju þar sem fram koma meðal annarra Ingibjörg Þorsteinsdóttir og Ástríður Alda Sigurðardóttir. - vþ



**HJALTALÍN** Hljómsveitin er á meðal þeirra listamanna sem koma fram á hátíðinni IsNord í Borgarfirði.


AIM Festival 2008
alþjóðleg tónlistarhátíð á Akureyri
dagana 12. - 16. júní 2008

aim
AIMFESTIVAL.IS

**Fimmtudagur 12. júní**

Höepfnersbryggja kl 16.30
Valsað í háloftunum
Arngrímur dansar á svifflugvél sinni

Akureyrarkirkja kl 20.00
Ferð án fyrirheits
Steinn Steinarr í 100 ár

Marína kl 21.00
Jazzklúbbur Akureyrar
Park Projekt, Hrund Ósk Árnadóttir
og Sebastian Studnitzky
Hoodangers frá Ástralíu

**Föstudagur 13. júní**

Húsið kl 20.00
bílskúrsrokk

Marína kl 21.00
Mannakorn og Sebastian Studnitzky

Græni Hatturinn kl 21.00
Múgsefjun og Sickbird

Græni Hatturinn kl 23.30
Hjálmar

Vélsmiðjan kl 23.30
Von

Sjallinn kl 00.00
Splash Partý

**Laugardagur 14. júní**

Allinn kl 20.30
Bráðavaktin

Marína kl 21.00
Hoodangers
rokkabillí jazz sveit frá Ástralíu

Græni Hatturinn kl 22.30
Kimi Records
Mugison, Retro Stefson
Helgi og hljóðfæraleikararnir

Sjallinn kl 00.00
N3

Vélsmiðjan kl 00.00
Von

**Sunnudagur 15. júní**

Ketilhúsið kl 15.00
Víkingur Heiðar Ólafsson

Akureyrarkirkja kl 17.00
Mótettukórinn og Vladimir Miller

**Mánudagur 16. júní**

Græni hatturinn kl 21.30
Hvanndalsbræður

Allinn kl 22.00
Helgi og hljóðfæraleikararnir

Sjallinn kl 00.00
Skítamórall

Saga Capital FJÁRFESTINGARBANKI
AKUREYRARSTOFA
MENNINGARRÁÐ EYÞINGS
RARIK
GEIMSTOFAN AUGLÝSINGASTOFA / SKILTAGERÐ
BYR SPARISJÓÐUR
VOICE
ÁSPRENT
KEA
FLUGFÉLAG ÍSLANDS Air Iceland

AIMFESTIVAL.IS

## > PANETTIERE SYNGUR

**Hayden Panettiere**, klappstýran úr Heroes, ætlar að reyna fyrir sér í söngnum og gefa út plötu á næsta ári. Lagið Wake Up Call mun þó heyrast von bráðar, því það verður notað í auglýsingar fyrir fyrirtækið Candies í sumar. Lagið ku vera popplag með reggí-áhrifum.



# Fólk

folk@frettabl

# Þorgrímur klárar kvikmyndahandrit

„Ég er sem blóm í eggi enda hefur sveitin þau áhrif að heilinn tekur að virka af einhverri alvöru," segir rithöfundurinn Þorgrímur Þráinsson. En í lok síðasta mánaðar kvaddi hann borgarlífið og hélt norður á Skagaströnd þar sem hann hugðist klára kvikmyndahandrit. Eins og Fréttablaðið greindi frá á síðasta ári fór Þorgrímur í sérferð til Parísar og byrjaði að skrifa en eftir að heim var komið hefur handritið legið í dvala. „Ég ákvað því að fara bara út á land og klára þetta," útskýrir Þorgrímur sem fékk inni í nýrri listamiðstöð á Skagaströnd. „Ég er reyndar í fyrsta hollinu og þetta umhverfi og aðstaða fær algjöra toppeinkunn hjá mér."

Og ekki var að sökum að spyrja. Heilnæmt sveitaloftið hafði tilætluð áhrif og á innan við viku var handritið fullklárað. „Ég er mjög stoltur af þessu afreki mínu. Ég hafði ekki skrifað staf frá því í París en svo loks þegar maður fékk smá frið þá kom þetta bara í einum rykk. Þetta er líka hugmynd sem hefur fengið að gerjast frá árinu 1989 þannig að þetta var svo sem ekki mikið mál," útskýrir Þorgrímur sem ætlar nú að reyna að selja handritið til kvikmyndaframleiðenda. „Ég er alveg viss um að það eigi eftir selja sig sjálft."

En þrátt fyrir að vera búinn að skrifa handritið ætlar rithöfundurinn ekkert að bruna aftur í bæinn. Því hann er með plássið á listamiðstöðinni út júní. Hann verður þó ekki einmana því tvö yngstu börnin hans og tvö frændsystkini þeirra eru mætt á svæðið ásamt hvolpi. **- fgg**



**KLÁRAÐ Í SVEITINNI** Þorgrímur er búinn að klára kvikmyndahandritið sitt og hyggst fara á stúfana í næsta mánuði við að selja það. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


**All Russian compatriots are cordially invited**
to a reception hosted by the Russian Embassy in Iceland on the occasion of the Day of Russia on June 12th, 2008 from 19.30 to 21.00 at a reception hall of the Embassy at Garðastræti 33




FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**DÓRI OG ÞÓRARINN**

**Dóri DNA** (til vinstri) er fyrirmynd persónu í barnabók **Þórarins Leifssonar**.

# DNA frumgerð Dóra litla

**Rapparinn Dóri DNA er ósáttur við að vera notaður sem fyrirmynd að persónu í nýrri barnabók. Hann vill ekki að fólk viti að hann er kallaður Dóri litli.**

„Ég nota Dóra litla í bók sem er lesbók fyrir krakka á aldrinum 10-12 ára," segir Þórarinn Leifsson, rithöfundur og myndlistarmaður með meiru. Hann hefur nú skrifað bókina Draugasaga Dóra litla og er fyrirmyndin að sjálfum Dóra litla rapparinn Halldór Halldórsson – Dóri DNA. „Bókin er ekki um Dóra en hann er fyrirmyndin. Ég nota oft útlitseinkenni eða nöfn fólks sem mér finnst áhugavert og kem því inn í bækurnar mínar," segir Þórarinn.

Þórarinn og Dóri tengjast fjölskylduböndum. Kona Þórarins er Auður Jónsdóttir skáldkona en hún og Dóri DNA eru systrabörn. „Ég kynntist Dóra litla um aldamótin, þegar ég kynntist konunni minni. Hann rataði að vísu alveg óvart inn í bókina mína sem kom út um síðustu jól, Leyndarmálið hans Pabba. Á blaðsíðu tíu er teikning af hópi krakka og þegar konan mín sá myndina benti hún á einn krakkann og sagði: Hey, þetta er svo líkt Dóra litla," segir Þórarinn sem ákvað fljótlega að gera bók um „Dóra litla" en það er Námsgagnastofnun gefur hana út. Í spjalli Þórarins og blaðamanns kallar hann Dóra DNA aldrei annað en Dóra litla. „Það er til að aðgreina hann frá pabba hans sem er Dóri stóri."

Þórarinn er ánægður með bókina en það kveður við annan tón hjá hinum eina sanna Dóra litla. „Þetta Dóra litla nafn gæti orðið mér að falli," segir Dóri DNA. „Mér hefur tekist að halda því í skefjum hingað til og gengið ágætlega. Nú get ég gleymt því. Ég þakka bara fyrir að vera hættur í battlinu. Dóri litli er ekkert að fara að battla neinn."

Hann hefur þó meiri áhyggjur af teikningunni af sjálfum sér. „Ég kem illa út úr teikningum. Í árbókinni minni úr MH er ég ógeðslegur. Þeir sem munu horfa á þá mynd eftir tuttugu ár hugsa: „Hvaða djöfulsins ógeð er þetta?" Nú getur einhver sagt við það fólk: „Veistu ekki hver þetta er? Þetta er Dóri litli," segir Dóri DNA þungur í bragði. Það verður þó ekki aftur snúið því bókin er í síðustu prófork og verður senn prentuð. **soli@frettabladid.is**



**TEIKNINGIN** Svona lítur Dóri DNA út í bókinni Draugasaga Dóra Litla. MYND/ÞÓRARINN LEIFSSON

# Þekktar konur í landssöfnun

„Þau á Skjá einum heilluðust af verkefninu og Sigríður Margrét framkvæmdastjóri hafði samband við okkur að fyrra bragði til að athuga hvort við værum til í samstarf," segir Gróa Ásgeirsdóttir, einn af forsprökkum átaksins „Á allra vörum" til styrktar Krabbameinsfélaginu, sem hefur farið fram með sölu á varagljáa frá Yves Saint Laurent. Nú þegar hafa selst um 20.000 eintök af varagljáanum sem merktur er átakinu og mun allur ágóðinn renna óskiptur til Krabbameinsfélagsins. Efnt verður til glæsilegrar landssöfnunar í beinni útsendingu á SkjáEinum á föstudaginn í næstu viku þar sem þjóðþekktar konur verða í aðalhlutverki.

„Þetta verður skemmtiþáttur með tilgang, sérstaklega ætlaður konum og það verða allt saman konur sem koma að þessu. Landsliðs íslenskra kvenna í sjónvarps- og kvikmyndagerð sér um útsendinguna sjálfa og svo verða landsfrægar konur að svara í símann þar sem hægt verður að hringja í mismunandi 900 númer og leggja málefninu lið, en símafyrirtækin munu leggja til allan kostnað við símanúmerin," segir Gróa og tekur fram að jafnframt verði hópur fólks í símaveri 118 sem mun svara í símann, en allir sem að söfnuninni koma ætla að gefa vinnu sína.

„Útsendingin hefst klukkan 21, föstudagskvöldið 20. júní og kynnir kvöldsis verður Kolfinna Baldvinsdóttir, en meðal þeirra sem koma fram eru söngkonurnar Ragnheiður Gröndal, Birgitta Haukdal og Sigríður Beinteinsdóttir, leikkonurnar Helga Braga og Ilmur Kristjánsdóttir, Flugfreyjukórinn og Rokkslæðan. Auk þess munu konur koma í viðtöl og segja reynslusögu sína," segir Gróa og útskýrir að verið sé að safna fyrir nýju greiningartæki hjá Krabbameinsfélaginu sem þurfi að koma í gagnið sem fyrst. „Átakið hefur gengið vonum framar og landssöfnunin hjá Skjá einum mun svo sannarlega hjálpa til. Við vonumst til að greiningartækið fari í notkun í lok ágúst, þegar átakinu lýkur." **- ag**



**„Á ALLRA VÖRUM"** Gróa Ásgeirsdóttir er einn af forsprökkum átaksins, en nú þegar hafa selst um 20.000 eintök af varagljáanum til styrktar Krabbameinsfélaginu.


VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

Kaffihúsið heim í eldhús



magimix

Magimix kaffivél nú með flóunarkönnu

Njótið þess að fá rjúkandi kaffi, cappuccino eða caffe latte á innan við mínútu heima í eldhúsi. Magimix kaffivélarnar nota einungis Nespressó kaffi af bestu gerð.

**Verið velkomin í verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Magimix kaffivélarnar.**

**Verð kr.: 37.900**

www.eirvik.is

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200

vilborga@centrum.is


MIÐNÆTUROPNUN Í SKEIFUNNI!
KONAMI
METAL GEAR SOLID 4
GUNS OF THE PATRIOTS
TACTICAL ESPIONAGE ACTION
PLAYSTATION 3
18+
www.pegi.info
THE HAPPENING
EINGÖNGU Á PLAYSTATION 3
"Einstakt afrek.." - 10 af 10 PlayStation Official Magazine
"Einn besti leikur allra tíma.." - 10 af 10 GamePro
"Einhver besti hasarleikur sem gerður hefur verið.." - 97 af 100 Games Master UK
"MGS 4 er meistarstykki.." - 95 af 100 PSM3 Magazine UK
BÚÐIN OPNAR KL. 23.00 SALA HEFST KL. 24.00
BÍÓMIÐAR Á HEIMSFRUMSÝNINGU THE HAPPENING FYLGJA HVERJU SELDU EINTAKI*
PIZZUR OG PEPSI MAX Í BOÐI*
PEPSI MAX
PRÓFAÐU LEIKINN
- FYRIRLESTUR UM SÖGU LEIKSINS OG FLEIRA SKEMMTILEGT!
BT
PLAYSTATION 3
*Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

# Á bítlaskóm meðal víkinga

„Bítlið leggst svakalega vel í víkingana,“ segir Óttar Felix Hauksson bítill, umboðsmaður, plötútgefandi og töffari með meiru.

Hann er nú að safna saman félögum sínum í hljómsveitinni Specials með það fyrir augum að troða upp á Víkingahátíð sem hefst um næstu helgi. Í hljómsveitinni eru auk Óttars sem spilar á gítar og syngur þeir Ásgeir Óskarsson á trommur, Jón Ólafs á bassa og Ingvar Birnir gítarleikari.

„Ingvar er mjög góður. Hann er sonur Grétars sem var gítarleikari í bandinu hans Ingimars Eydal,“ segir Óttar sem er með rokksöguna algerlega á hreinu. Specials spiluðu á Víkingahátíðinni í fyrra við góðar undirtektir víkinganna sem nú hópast til Hafnarfjarðar: 200 víkingar frá tíu löndum. „Já, nei, við verðum ekki í víkingagöllum heldur á bítlaskóm. Spilum lög með The Beatles, Stones, Kinks og Hljómum. Það var troðfullt í fyrra og mikið stuð,“ segir Óttar Felix – bítill númer eitt á Íslandi. - jbg



**BÍTLIÐ LEGGST VEL Í VÍKINGANA** Óttar Felix hér með hljómsveit sinni Specials sem ætlar að spila fyrir víkinga um helgina.



**MEZZOFORTE ER ENN AÐ OG HEFUR SPILAÐ Í ÝMSUM MYNDUM Í GEGNUM ÁRIN** Í Hljómskálagarðinum á mánudaginn spila upprunalegu meðlimirnir Eyþór, Gunnlaugur Briem og Jóhann Ásmundsson ásamt Óskari Guðjónssyni og tveimur Þjóðverjum sem spilað hafa með sveitinni að undanförnu. Á þessari mynd sem tekin var fyrir tveimur árum voru Guðmundur Pétursson og Jóel Pálsson með Mezzoforte.

# Líf okkar umturnaðist

**Íslensk tónlist þótti ekki alltaf jafn svöl í útlöndum og hún er í dag. Löngu áður en Björk og Sigur Rós sungu sig inn á alheiminn voru strákarnir í Mezzoforte að opna rifur fyrir íslenska tónlist með bræðingssmelli sínum „Garden Party“. Í ár eru 25 ár liðin síðan lagið kom út. Af því tilefni spilar Mezzoforte í Hljómskálagarðinum næstkomandi mánudag.**

„Lagið varð nú bara til inni í stofu heima hjá mér,“ segir Eyþór Gunnarsson, hljómborðsleikari Mezzoforte. „Ég var með Elsu dóttur mína litla og eitthvað að glamra á píanóið þegar riffið kom. Svo vatt þetta upp á sig. Það eru mikil Earth Wind and Fire-áhrif í þessu eins og heyra má.“

Lagið hét „Sprett úr spori“ þegar það kom út á Íslandi á breiðskífunni Mezzoforte 4 fyrir jólin 1982. Árni Johnsen var hrifinn og sagði lagið „dúndurgott“ í dómi í Mogganum. Steinar Berg útgefandi var líka yfir sig hrifinn – „Hann hafði ofurtrú á þessu og reyndi að koma okkur á samning hjá fyrirtækjum úti,“ segir Eyþór. „Það gekk lítið svo hann stofnaði beinlínis enska Steinars-fyrirtækið til að gefa okkur út.“

Smáskífan seldist vel og var í 29. sæti þegar Mezzoforte lék lagið í Top of the Pops sjónvarpsþættinum á BBC. Með þeim í þættinum voru meðal annars Bonnie Tyler, Bananarama og The Style Council með Paul Weller í fararbroddi. Sala á smáskífunni jókst gríðarlega eftir þáttinn og í vikunni á eftir, þann 23. mars, var „Garden Party“ komið í 17. sæti – „Ég tel raunhæft að áætla að platan fari inn á topp 10,“ lét Steinar hafa eftir sér í Mogganum. Spá útgefandans gekk þó ekki eftir, í næstu viku var lagið dottið niður í 19. sæti og þaðan hrapaði það niður listann.

„Það var allt annað umhverfi í poppinu á þessum tíma,“ segir Eyþór. „Í vikunni sem við vorum í 17. sæti seldum við hundrað þúsund eintök en duttum samt niður. Í dag þarf ekki að selja nema þrjátíu þúsund eintök til að ná fyrsta sætinu.“

Hagur Eyþórs og hinna Mezzoforte-strákanna breyttist mikið við velgengnina. „Líf okkar umturnaðist. Ég var nýbyrjaður að vinna á plötumarkaði upp á Höfða en mánuði síðar var ég fluttur með alla fjölskylduna til London. Við höfðum verið að spila fyrir örfáar hræður í menntaskólum á Íslandi en nú var okkur hent beint í djúpu laugina. Fyrsti túrinn okkar úti samanstóð af 47 tónleikum á 49 dögum um allt Bretland.“

Garden Party varð svokallað „one-hit-wonder“. „Það var samt þrýst mikið á okkur að endurtaka leikinn með misjöfnum árangri,“ viðurkennir Eyþór og hlær. „Það er í raun mjög óalgengt að „instrumental“ hljómsveit eins og við séum með smelli.“

gunnarh@frettabladid.is

**ÍSLENDINGAR Á ENSKA TOPP 20 SMÁSKÍFULISTANUM**

**Björk** - It's Oh so Quiet *(4. sæti, 1995)*
**Alda Björk** - Real Good Time *(7. sæti, 1998)*
**Björk** - Hyperballad *(8. sæti, 1996)*
**Björk** - Army of Me *(10. sæti, 1995)*
**Björk** - Play Dead *(12. sæti, 1993)*
**Björk** - Violently Happy *(13. sæti, 1994)*
**Björk** - Possibly Maybe *(13. sæti, 1996)*
**Mezzoforte** - Garden Party *(17. sæti, 1983)*
**Sykurmolarnir** - Hit *(17. sæti, 1991)*
**Björk** - Big Time Sensuality *(17. sæti, 1993)*
**Alda Björk** - Girls Night Out *(20. sæti, 1998)*

# Dansað á Ingólfstorgi

Tvo sunnudaga á sumri hefur félagið Komið og dansið boðið upp á sveiflu á Ingólfstorgi. Þar eru gömlu dansarnir dansaðir, línudans og swing við fjörlega tónlist. Með þessu lýkur félagið vetrarstarfi sínu auk þess að koma fram á 17. júní á sama stað. Ekki er boðið upp á kennslu en öllum er velkomið að slást í hópinn og dansa með. „Það er yfirleitt mikið af áhorfendum, en meirihlutinn af dönsurunum hefur stundað námskeið hjá okkur,“ segir Gunnar Þorláksson. Hann segir námskeiðin vinsæl.

„Þar sem megnið af þeim sem taka dansnámskeið er konur finna strákarnir sig fljótlega og fá á tilfinninguna að þeir stjórni, það sem þeir vilja,“ segir Gunnar glettilega. Hann bætir því við að allir dansa þó á sinn eigin hátt. Seinni sveifla sumarsins er á næsta sunnudag frá tvö til fjögur og eru lesendur hér með hvattir til að taka sporið. - kbs



**SVEIFLA Í SÓLINNI** Dansað á Ingólfstorgi á sunnudegi. MYND/ÓLAFUR GÍSLASON





**ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| SPEED RACER | kl. 5D - 8 - 10:50 | L |
| SPEED RACER | kl. 5 | VIP |
| THE FORBIDDEN KINGDOM | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 5:30 - 8D - 10:40D | 12 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 8 - 10:40 | VIP |
| LOVE IN TIME OF CHOLERA | kl. 5:30 - 8:15 | 7 |
| NEVER BACK DOWN | kl. 10:40 | 14 |
| IRON MAN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |

**KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| THE HAPPENING | kl. 6 - 8 - 10:10 | 16 |
| SPEED RACER | kl. 5D - 8 - 10:50 | L |
| SEX AND THE CITY | kl. 5 - 8 - 10:50 | 14 |

**SELFOSS**

| | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY | kl. 8 - 10:50 | 14 |
| SPEED RACER | kl. 8 | L |
| NEVER BACK DOWN | kl. 10:20 | 14 |

**AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| SPEED RACER | kl. 8 | L |
| FORBIDDEN KINGDOM | kl. 8 | 16 |

**KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| THE HAPPENING | kl. 8 - 10 | 16 |
| ZOHAN | kl. 8 - 10:20 | 10 |

NÝTT Í BÍÓ!




**SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000**

| | | |
|---|---|---|
| THE HAPPENING | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| THE HAPPENING LÚXUS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | |
| ZOHAN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| SEX AND THE CITY | kl. 5 - 8 - 11 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| HORTON | kl. 4 ÍSLENSKT TAL | |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 4 ÍSLENSKT TAL | |

**REGNBOGINN SÍMI 551 9000** 650 kr. SUMARTILBOÐ

| | | |
|---|---|---|
| FLAWLESS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | |
| 88 MINUTES | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| HAROLD & KUMAR ESCAPE FROM GB | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 5.40 ENSKUR TEXTI | 7 |

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

**HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919** AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE HAPPENING | kl. 6 - 8.30 - 10.30 | 16 |
| ZOHAN | kl. 6 - 8.30 - 11 | 10 |
| SEX AND THE CITY | kl. 6 - 9 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |

**BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500**

| | | |
|---|---|---|
| ZOHAN | kl. 8 - 10.15 | 10 |
| SEX AND THE CITY | kl. 5.20 - 8 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 5.40 - 10.40 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




**LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR**

| | | |
|---|---|---|
| ZOHAN | kl. 8 og 10.10 | 10 |
| SEX AND THE CITY | kl. 5, 7 og 9 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 4.30 og 10 | 12 |

## Frí smáskífa

Það styttist í fjórðu plötu Singapore Sling, en til upphitunar fylgir ókeypis smáskífa með afmælisútgáfu Grapevine 20. júní næstkomandi. Á henni verða tvö lög með sveitinni ásamt remix-útgáfu annars þeirra eftir Evil Madness og Bacon. Um kvöldið sama daga munu hljómsveitirnar þrjár svo halda útgáfuteiti á skemmtistaðnum Organ. Það verða fyrstu tónleikar Singapore Sling síðan í mars. Verið er að leggja lokahönd á útlit og hljóðblöndun plötunnar en útgáfa er áætluð í lok ágúst. - kbs

## Fljóð og reynsluboltar

**Nokkuð sérstök tónlistarveisla er í kvöld á Organ. Þá stíga á stokk Gæðablóð, sem skipuð er þeim Tómasi Tómassyni, Magnúsi R. Einarssyni og Kormáki Bragasyni, auk söngkonunnar Heiðrúnar Hallgrímsdóttur. Einnig má þar líta Frú Birnu, sem flytur frumsamin ljóð við undirspil Hilmars Arnars Hilmarssonar og Tomma Tomm. Loks flytja Margrét Guðrúnardóttir og Bandið hans pabba eigin lög. Hér mætast því fljóð og reynsluboltar í samtvinningu listgreina. „Við viljum ekkert stuð. Stuð er dottið úr tísku,“ sagði Magnús. „Menn sofna vel eftir svona.“ Hafist er handa kl. hálf tíu og kostar 500 krónur inn.** - kbs

# Enn toppar Bubbi



TÓNLIST
**Fjórir naglar**
Bubbi
★★★★★
Bubbi Morthens sýnir það á Fjórum nöglum að hann er yfirburðamaður í sínu fagi. Allt öðruvísi plata en síðast, en engu síðri. Fínar lagasmíðar, flottur hljómur, fjölbreyttar útsetningar og lifandi flutningur.

Fjórir naglar er fyrsta Bubbaplatan með nýju efni síðan plötutvennan Ást … Í 6 skrefa fjarlægð frá Paradís kom út fyrir þremur árum síðan. Fjórir naglar var tekin upp undir stjórn Péturs Ben. Um hljóðfæraleik sá hljómsveitin Stríð og friður (Gummi Péturs, Jakob Smári, Pétur Hallgríms og Arnar Geir Ómarsson) ásamt Pétri Ben sem spilaði á farfisa-orgel, Jóel Pálssyni saxófónleikara, Kjartani Hákonarsyni trompetleikara, Kjartani Sveinssyni hljómborðsleikara og tíu manna strengjaveit.

Ást og Í 6 skrefa fjarlægð frá Paradís voru gerðar með Barða Jóhannssyni. Tónlistin var fágað popp með sérstaklega flottum hljómi. Frábært verk sem fékk mjög góðar viðtökur. Einhverjum hefði eflaust dottið í hug að kalla aftur á Barða og halda því farsæla samstarfi áfram. En ekki Bubba. Bubbi endurtekur sig sjaldnast. Það er einn af hans stærstu kostum. Fjórir naglar er bæði hrárri og rokkaðri, en líka miklu fjölbreyttari. Allt öðruvísi plata. Á henni má m.a. finna popp, nýbylgjurokk, gospel og soul. Breiddin er mikil, en heildarsvipurinn samt ótrúlega sterkur. Útsetningarnar sem Pétur Ben á mestan heiðurinn af eru lifandi og draga fram hæfileika þeirra frábæru hljóðfæraleikara sem spila á plötunni.

Fyrsta lagið, Mundu Drottinn, er djassskotið og svalt popp með flottum gítartilþrifum, Myndabrot og Fjórir naglar eru soulslagarar með Stax-legum blæstri, Brúnu augun þín einkennist af flottum trommuleik og slidegítarhljómi, Græna húsið er léttbjagað rokk í ætt við Velvet Underground eða Singapore Sling, Frelsi til að velja er hrár rokkari með flottum orgelkafla, Algleymi svart einkennist af svölum takti og listilegum hljómborðs- og gítarleik sem mallar í bakgrunninum, slide-gítarleikur setur sterkan svip á Þegar tíminn er liðinn, Snærið varð að duga minnir á Joy Division. Það er næstum því hægt að tala um að bassaleikurinn og trommuleikurinn vísi í She's Lost Control. Femmi er hressilegur nýbylgjurokkari, Dýrðin er þín er gospelslagari, Þú ert ekki staur gæti verið hljóðritað í Ameríku á miðri síðustu öld og lokalagið Fótatak þitt er róleg poppsmíð með flottum strengjaleik sem stigmagnast eftir því sem það líður á lagið. Og þá er allt upp talið. Þrettán lög. Ekkert slæmt. Mörg hreint frábær.

Og svo eru það textarnir. Þeir eru misjafnir. Allt frá einföldum ástartextum yfir í trúarlega texta og þjóðfélagslega, sögur af fólki og hugleiðingar um lífið og tilveruna. Ekki allt tóm snilld, en margt gott innan um samt sem áður. Það helsta sem ég get fundið að þessari plötu er umslagið sem mér finnst ljótt persónulega, en það er aukaatriði og skemmir engan veginn þessa frábæru plötu.

Bubbi Morthens reynir stundum á þolinmæði manns. Auglýsingamennskan og yfirlýsingagleðin. Svo kemur ný plata og þá sannar hann að hann er engum líkur. Yfirburðamaður í sínu fagi. Einn Bubbi + Fjórir naglar = fimm stjörnur …

Trausti Júlíusson



**FORSAGAN SKRIFUÐ** J.K. Rowling hefur skrifað smásögu sem gerist þremur árum fyrir fæðingu Harry Potter, en hyggur ekki á skáldsagnaskrif um efnið. NORDICPHOTOS/GETTY

## Potter-smásaga boðin upp

J.K. Rowling hefur skrifað áttundu Harry Potter-söguna. Hún er að vísu í styttri kantinum, aðeins um 800 orð, og gerist þremur árum fyrir fæðingu söguhetju sagnabálksins, Harry. Rowling er ekki með nýja skáldsögu um Harry í smíðum. Smásagan er framlag hennar til góðgerðauppboðs sem haldið verður í London á næstunni, þar sem smásögur eftir alls þrettán rithöfunda, þar á meðal Nóbelsverðlaunahafann Doris Lessing og Nick Hornby, verða boðnar upp.

Aðdáendur J.K. Rowling ættu þó að geta komið höndum yfir smásöguna, þó að þeir hafi ekki milljónum til að dreifa, því sagan, ásamt hinum smásögunum tólf, verður gefin út á bók í haust. Ágóði af sölu hennar mun einnig renna til góðgerðamála.



## > Aron Einar til Coventry?

Samkvæmt heimildum vefmiðilsins Vísis á landsliðsmaðurinn Aron Einar Gunnarsson, leikmaður AZ Alkmaar í Hollandi, nú í viðræðum Coventry eftir að AZ samþykkti kauptilboð enska félagsins í leikmanninn. Aron Einar, sem hefur verið fastamaður í landsliðshópum Ólafs Jóhannessonar, hefur ekki farið leynt með vilja sinn til að komast burt frá AZ en hann hefur verið að leika með unglinga -og varaliði félagsins til þessa. Coventry rétt náði að bjarga sér frá falli í næst efstu deild á Englandi á nýafstöðnu tímabili þegar félagið endaði í 21. sæti af 24. félögum í deildinni. Knattspyrnustjóri Coventry er Chris Colemann sem þjálfaði Heiðar Helguson hjá Fulham á sínum tíma.



# sport

sport@frettabladid.is

LANDSBANKADEILD KVENNA Í FÓTBOLTA: MARGRÉT LÁRA, VAL, OG HÓLMFRÍÐUR, KR, VERÐA Í ELDLÍNUNNI Í KVÖLD

## *Einn af stórleikjum sumarsins í kvennaboltanum*

Valur og KR mætast á Vodafonevellinum í kvöld kl. 19.15 í einum af stórleikjum sumarsins í kvennaboltanum. Bæði lið eru með fullt hús stiga eftir fimm umferðir og hafa stungið af í deildinni.

Margrét Lára Viðarsdóttir, leikmaður Vals, kvað Valsstúlkurnar tilbúnar í slaginn.

„Það er gríðarlega góð stemming í Valsliðinu og mikil eftirvænting eftir þessum leik, sem er klárlega einn af stórleikjum sumarsins,“ sagði Margrét Lára, sem telur að Íslandsmeistarar Vals hafi alla burði til þess að halda uppteknum hætti í Landsbankadeildinni sumar.



„Það er komin gríðarlega reynsla í okkar hóp, reynsla sem hefur verið að koma á undanförnum tímabilum með þátttöku í Evrópukeppnum og öðru, sem á örugglega eftir að hjálpa okkur í undirbúningi fyrir svona leik. Við vitum samt að við þurfum að vera klárar þegar leikurinn byrjar og sýna hvað við getum inni á vellinum.“

Hólmfríður Magnúsdóttir, leikmaður KR, kvað KR-stúlkur ekki síður spenntar fyrir leiknum en stöllur þeirra hjá Val.

„Við lentum í smá ströggli í upphafi móts en höfum náð að klára alla okkar leiki og þetta er allt að smella hjá okkur núna,“ sagði Hólmfríður, sem er eðlilega minnug þess hvernig fór hjá KR í fyrra þar sem Vesturbæjarliðið tapaði aðeins einum leik um sumarið en varð að sætta sig við annað sætið.



„Við komum náttúrlega alveg brjálaðar í þennan leik og ætlum okkur ekkert annað en sigur og erum orðnar hungraðar í að fá Íslandsmeistaratitilinn í Vesturbæinn,“ sagði Hólmfríður, sem vonast til þess að fólk fjölmenni á völlinn.

„Það væri gott fyrir okkur ef stuðningsmenn KR myndu fjölmenna á völlinn og ég skora sérstaklega á stuðningsmannafélagið „Miðjuna“ að mæta.“




Hádegishlaðborð alla virka daga. Grill á góðviðrisdögum.

Þegar vel viðrar er boðið upp á grill og veitingar í suðurgarðinum okkar. Þá er hægt að borða úti og njóta sumarsins. Grillveislur í boði fyrir hópa.

Hlaðborð kr. 2.150.-

weber

Grand HÓTEL REYKJAVÍK

Sigtúni / S. 514 8080 / www.GRAND.is


# Gaf Lottomatica tóninn og trúna

**Einbeittur og einstaklega baráttuglaður Jón Arnór Stefánsson átti mikinn þátt í frábærum 14 stiga sigri Lottomatica Roma á Montepaschi Siena, sem hafði ekki tapað leik síðan í deildarkeppninni 20. janúar.**

**KÖRFUBOLTI** Jón Arnór Stefánsson og félagar í Lottomatica Roma urðu fyrstir til þess að vinna Montepaschi Siena í úrslitakeppninni þegar þeir unnu öruggan sigur, 84-70, á heimavelli sínum í PalaLottomatica í gærkvöldi.

Jón Arnór gaf sínu liði tóninn og trúna með frábærri byrjun en hann skoraði öll sjö stigin sín í fyrsta leikhluta og stal auk þess 5 boltum og tók 3 fráköst á 26 mínútum. Baráttan og hungrið í sigur var þó hans meginframlag til leiksins í gær og átti stóran þátt í frábærum sigri.

„Spennustigið hjá okkur var rétt í kvöld. Við vorum afslappaðir og mun afslappaðri en í hinum leikjunum því öll pressan var á þeim. Við komum inn í þennan leik með því hugarfari að láta reyna á þetta og berjast og spennustigið var jafnt og gott hjá okkur. Það var samt vörnin sem skilaði þessum sigri því varnartaktíkin var ofsalega góð hjá okkur,“ sagði Jón Arnór og bætti við: „Ég fann mig vel í kvöld og svona hefur mér liðið mestallt tímabilið. Það er gott að vera kominn með þessa tilfinningu aftur. Þessir tveir síðustu leikir hafa verið mjög góðir fyrir mig og sjálfstraustið,“ sagði Jón Arnór, sem hefur skorað 15 stig í síðustu tveimur leikjum eftir að hafa skorað 8 stig í fyrstu tveimur leikjunum í Siena.



**EINBEITTUR** Jón Arnór átti góðan leik fyrir Lottomatica Roma í 84-70 sigri liðsins gegn Montepaschi Siena á heimavelli í fjórða leik liðanna í úrslitaeinvígi um ítalska meistaratitilinn. Staðan í einvíginu er 3-1 fyrir Montepaschi Siena. GRAZIANERI



**HARÐFYLGI** Jón Arnór gefur hér ekkert eftir gegn leikmönnum Montepaschi Siena. GRAZIANERI

Jón Arnór var aftur í byrjunarliðinu og byrjaði aftur á Mið-Afríkumanninum Romain Sato. Það var greinilega að dagsskipunin hjá Siena var að fara inn á Sato í upphafi leiks en Jón Arnór stoppaði hann þrisvar í fyrstu tveimur sóknunum og skoraði síðan fimm stig á fyrstu þremur mínútunum, öll úr hraðaupphlaupum. Jón Arnór át Sato hreinlega og eftir fimm mínútur var Sato skipt útaf. Jón Arnór fékk síðan mikið klapp þegar hann fékk sína fyrstu hvíld með 5 stig og 2 stolna bolta á fyrstu 7 mínútunum.

Jón Arnór byrjaði svo annan leikhluta og gætti þá Litháans Rimantas Kaukenas. Góð vörn Jóns þvingaði strax tapaðan bolta og skoraði hann síðan í framhaldinu körfu úr hraðaupphlaupi og fékk víti að auki. Vítið fór reyndar forgörðum en Jón Arnór var orðinn langstigahæstur í Rómarliðinu með sjö stig.

Jón Arnór settist á bekkinn þegar fjórar og hálf mínúta voru liðnar. Lottomatica lenti í kjölfarið undir en skoraði fjögur stig í röð og komst aftur yfir skömmu eftir að Jón Arnór kom aftur inn í leikinn. Staðan var síðan jöfn, 39-39, þegar hálfleiksflautið gall.

Lottomatica-liðið hitti hins vegar mjög illa úr þriggja stiga körfum og það var aðeins Jón Arnór sem hitti úr þriggja stiga skoti í fyrri hálfleik en ekkert átta skotanna sem aðrir leikmenn tóku rötuðu í körfuna.

Jón Arnór fékk nú að byrja seinni hálfleikinn og Jasmin Repesa gerði ekki sömu mistök og í síðasta leik. Jón Arnór stal boltanum eftir aðeins tuttugu sekúndur, fiskaði villu strax í kjölfarið og Roma komst síðan yfir í sókninni á eftir. Gott frákast og góð ákvörðun Jóns í næstu sókn á eftir skilaði sér í opnu þriggja stiga skoti sem Hawkins setti niður og kom Lottomatica fimm stigum yfir, 44-39. Jón Arnór náði síðan að stela fimmta boltanum sínum í leiknum áður en hann fékk aftur hvíld. Staðan fyrir lokaleikhlutann var 59-56 fyrir Lottomatica.

Ibrahim Jaaber átti flotta rispu í upphafi fjórða leikhluta og eftir níu stig í röð hjá honum var Lottomatica komið tíu stigum yfir, 68-58. Jón Arnór sat á bekknum á meðan liðið náði þessum frábæra kafla en með hverri körfu jókst stemningin og stuðningurinn við Lottomatica-liðið. Það gekk hreinlega allt upp hjá Rómarliðinu og það náði í kjölfarið þrettán stiga forskoti. Munurinn var 9 stig þegar Jón Arnór kom aftur inn í leikinn þegar 4:40 voru eftir. Jón Arnór kom yfirvegun inn í liðið á þessum tíma og Lottomatica stýrði skútunni heim og vann flottan fjórtán stiga sigur, 84-70.

„Núna er allt önnur staða komin upp og ef við stelum næsta leik er þetta orðin sería aftur. Maður finnur það að þegar á móti blæs hjá þessu liði verða þeir svolítið stressaðir,“ sagði Jón Arnór og er bjartsýnn fyrir fimmta leikinn annað kvöld. ooj@frettabladid.is



ÍTALSKI KÖRFUBOLTINN
**ÓSKAR ÓFEIGUR JÓNSSON**
skrifar frá Róm
ooj@frettabladid.is


Auglýsingasími
512 5050

– Mest lesið





'Coca-Cola' and 'Coke' are registered trademarks of The Coca-Cola Company. © 2008 The Coca-Cola Company.


Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ tók fyrir 6. umferð Landsbankadeildar karla í gær:

# Nóg að gera hjá aganefndinni

**FÓTBOLTI** Skagamaðurinn Stefán Þór Þórðarson var dæmdur í tveggja leikja bann af aga- og úrskurðarnefnd KSÍ í gær. Sex aðrir leikmenn, einn forráðamaður og einn þjálfari úr Landsbankadeild voru settir í skammarkrókinn.

Það var af nógu að taka á fundi Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ en alls níu rauð spjöld fóru á loft í 6. umferð Landsbankadeildar karla. Flest spjöld voru í leik Fram og Grindavíkur þar sem Grindvíkingarnir Zoran Stamenic, Marinko Stamenic og Scott Ramsey fengu reisupassann. Í leikslok fengu svo þjálfarinn Milan Stefán Jankovic og forráðamaðurinn Ingvar Guðjónsson hjá Grindavík brottvísanir. Allir þessir aðilar voru dæmdir í eins leiks bann, sem og þeir Atli Sveinn Þórarinsson, hjá Val, Davíð Þór Viðarsson, hjá FH og Kristján Valdimarsson, hjá Fylki.



**SVEKKTUR** Stefán Þór fékk tveggja leikja bann í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR

Stefán Þór Þórðarson, hjá ÍA, var hins vegar dæmdur í tveggja leikja bann eftir að hafa fengið sitt annað rauða spjald í sumar gegn HK, en Stefán Þór var þá að spila sinn fyrsta leik eftir að hafa afplánað eins leiks bann. Stefán Þór var vissulega svekktur með að vera að fara aftur í leikbann en kvaðst engu geta ráðið um það núna og horfir björtum augum fram á veginn.

„Það þýðir lítið að tala um þessi rauðu spjöld núna, það hefur ekkert upp á sig,“ sagði Stefán Þór, sem fundaði með þjálfara og stjórn ÍA um stöðu mála á mánudagskvöld.

„Við ætlum bara að leggja þetta mál að baki okkur og horfa fram á veginn. Ég mun alla vega ekki breyta mínum leikstíl, það er hlutur sem ég mun ekki gera, því miður fyrir suma. Ég stend í þeirri trú að allir leikmenn séu jafnir þegar þeir ganga inn á völlinn og vona að það sé þannig,“ sagði Stefán Þór að lokum. - óþ



**GUÐMUNDUR FRÁ** Guðmundar er sárt saknað af Val. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

Guðmundur Benediktsson:

## Líkaminn leyfir bara skokk í bili

**FÓTBOLTI** Valsarinn Guðmundur Benediktsson var hjá sjúkraþjálfara þegar Fréttablaðið sló á þráðinn til hans í gær til að taka stöðuna á meiðslum hans. „Ég er á kunnuglegum stað,“ sagði Guðmundur léttur þrátt fyrir allt. Hann er meiddur á liðbandi í ökkla. „Þeir segja mér að það sé erfitt að eiga við þetta“.

Guðmundur hefur aðeins tekið þátt í tveimur leikjum Vals í sumar og sér enn ekki fyrir hvenær hann snýr aftur. „Ég get ekki gefið upp neina dagsetningu en þetta er allt að þokast í rétta átt. Ég get í það minnsta aðeins skokkað. Annars er ég rólegur, ég bíð bara þar til líkaminn leyfir mér að gera meira,“ sagði Guðmundur sem hefur glímt við þó nokkur meiðsli á ferli sínum. „Ég þekki þetta orðið ágætlega,“ sagði framherjinn. - hþh



**ADOLF** Meiddist verr en margur hélt í leiknum gegn Fylki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Slæmar fréttir fyrir Þróttara:

## Adolf fékk gat á lungað

**FÓTBOLTI** Þróttarar urðu fyrir nokkru áfalli er í ljós kom að framherjinn Adolf Sveinsson hefði fengið gat á lungað í leiknum gegn Fylki.

Adolf lenti illa á bakinu snemma í leiknum og fór fljótlega af velli. Í kjölfarið átti hann í vandræðum með andardrátt, sem leiddi til þess að hann var fluttur á brott með sjúkrabíl og eyddi hann nóttinni á sjúkrahúsi.

„Ég má nánast ekkert gera. Næst á dagskrá er myndataka á föstudaginn þar sem ég fæ að vita næsta skref. Ég veit ekkert hvað ég verð lengi frá,“ sagði Adolf við Vísi í gær. - hbg



**VINSÆLL** Ottakringer-bjórinn er vinsæll eins og sést bersýnilega á þessari mynd. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Fyrsti markaskorari Austurríkis:

## Fær ævibirgðir af bjór í staðinn

**EM 2008** Sá sem skorar fyrsta mark Austurríkis á Evrópumótinu í ár fær ævibirgðir af bjór í staðinn. „Kannski er þetta hvatningin sem leikmenn þurfa til að ná árangri í mótinu,“ sagði Sigi Menz, yfirmaður Ottakringer -brugghússins sem gefur bjórinn. Austurríki tapaði 1-0 gegn Króatíu og á enn eftir að mæta Pólverjum og Þjóðverjum á fyrsta Evrópumót sem heimaþjóðin tekur þátt í. - hþh

Leikið var í D-riðli á EM í gær þar sem Spánverjar og Svíar lönduðu sigrum:

# Spánverjar sýndu styrk sinn

**FÓTBOLTI** Spánverjar unnu Rússa og Svíar skelltu Evrópumeisturum Grikkja í fyrstu leikjum D-riðils á EM í gær.

Rússarnir byrjuðu af krafti gegn Spánverjum en var refsað illilega strax á 20. mínútu þegar framherjinn David Villa skoraði fyrsta mark leiksins eftir vel útfærða skyndisókn. Fernando Torres lék á varnarmann Rússa og átti stoðsendinguna á Villa, sem skoraði af öryggi af stuttu færi.

Rússar reyndu að svara og áttu skot í stöng stuttu síðar en það voru Spánverjar sem skoruðu mörkin.

Villa var aftur á ferðinni í lok fyrri hálfleiks þegar hann fékk fullkomna sendingu frá Andrés Iniesta inn fyrir vörn Rússa og kláraði færi sitt vel einn á móti Igor Akinfeev í markinu.

Snemma í seinni hálfleik var framherjanum Torres svo skipt út af fyrir miðjumanninn Cesc Fabregas vegna taktískrar breytingar á spænska liðinu en það stoppaði ekki Villa því á 75. mínútu fullkomnaði hann þrennu sína. Varamaðurinn Fabregas átti þá sendingu á Villa, sem fór illa með tvo varnarmenn Rússa og skoraði í nærhornið. Frábærlega gert hjá þessum knáa framherja, sem var óstöðvandi í leiknum.

Þrátt fyrir markatöluna og oft á tíðum vafasaman varnarleik sýndu Rússarnir fína takta inni á milli og náðu að minnka muninn á 86. mínútu þegar Roman Pavluchenko skoraði með skalla eftir hornspyrnu.

Spánverjar voru hins vegar ekki hættir og í uppbótartíma hirti Fabregas frákastið eftir skot Xavi og skallaði boltann í autt markið.

Lokatölur 4-1 fyrir Spánverja, sem líta feikilega vel út og menn hljóta að spyrja sig hvort tími þeirra til að ná árangri á stórmóti sé nú loksins kominn.



**ÞRENNA** David Villa fór á kostum í fyrsta leik Spánverja á EM í gær og skoraði þrjú glæsileg mörk gegn lánlausum Rússum, sem vissu ekki hvaðan á þá stóð veðrið. NORDIC PHOTOS/GETTY

### Grískur harmleikur

Evrópumeistarar Grikkja höfu titilvörn sína gegn Svíum og spiluðu sinn taktíska leik, þar sem þeir liggja aftarlega á vellinum og treysta mikið á föst leikatriði, sem tryggði þeim Evrópumeistaratitilinn í Portúgal árið 2004.

Svíarnir voru einnig varkárir til að byrja með. Þeir sóttu svo meira eftir því sem líða tók á leikinn, en Grikkir voru fastir fyrir. Það þurfti því einhverja snilld, eitthvert einstaklingsframtak, til þess að brjóta leikinn upp og það kom frá Zlatan Ibrahimovic á 67. mínútu. Markið var einkar glæsilegt en Henrik Larsson lagði boltann aftur á Ibrahimovic sem skaut honum efst í markhornið fjær. Markið sló Grikkina algjörlega út af laginu og þeir þurftu að umturna leikskipulagi sínu. Stuttu síðar gerðu Svíarnir út um leikinn með öðru marki. Varnarmaðurinn Petter Hansson skoraði þá af harðfylgi og þar við sat. Lokatölur 2-0. - óþ



**ÓSÁTTUR** Camaronesi bendir ósáttur á eftir að Nistelrooy skoraði umtalað en fullkomlega löglegt mark. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Ítalskir fjölmiðlar fóru mikinn:

## Tóku landsliðið sitt af lífi í gær

**EM 2008** „Hollendingar áttu sigurinn skilinn, það var eins og þeir væru heimsmeistarar en ekki við,“ sagði meðal annars í ítalska blaðinu Gazzetta dello Sport í gær. Ítalir töpuðu 3-0 fyrir Hollandi og umfjöllun fjölmiðla í heimalandinu var eftir því. „Ái, hvílíkt áfall!“ sagði stórum stöfum og hafa fáir þar á bæ trú á sínu liði eftir útreiðina. - hþh

Tékkar mæta Portúgal í dag:

## Við þurfum að stoppa Ronaldo

**EM 2008** Það er stórleikur í A-riðli í dag sem gæti skorið úr um það hvort Tékkar eða Portúgalar vinna riðilinn. Bæði lið unnu fyrsta leik, missannfærandi. Portúgalar litu vel út en Tékkar ollu mörgum vonbrigðum. „Við þurfum að spila betur en gegn Sviss ef við ætlum að vinna,“ sagði Karel Brückner, þjálfari Tékka. Hann bætti við að Ronaldo væri maðurinn sem þyrfti að stöðva. „Hann er einfaldlega stórkostlegur.“

Sviss og Tyrkland mætast í síðari leiknum í kvöld. - hþh



> **SARAH JESSICA PARKER**

„Ég er mjög þakklát fyrir það hvað mér hafa boðist fjölbreytt hlutverk eftir að þættirnir Sex and the City hættu og ég reyni núna að velja hlutverk sem eru ólík Carrie sem ég lék svo lengi.“ Parker leikur í myndinni Failure to Launch sem er sýnd á Stöð 2 bíó í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SÓLMUNDUR HÓLM ER Á VARÐBERGI FYRIR STÓRA BRÓÐUR

# *Brostu, þú ert í beinni*

Við erum stöðugt að horfa á tækniframfarir. Síminn, sjónvarpið, internetið og bla bla bla. Nú erum við hinsvegar að horfa á þá þróun að myndavélum er troðið í allt sem gengur fyrir rafmagni. Ég fer bráðum að setja fyrir mig ef það er ekki myndavél í ryksugunni sem mér er boðin á góðum kjörum.

Þessi myndavélaþróun hefur gjörbreytt allri fjölmiðlun til hins betra. Nú verður sífellt minni þörf á heimildarmönnum af holdi og blóði, sem þú veist ekki hvort er treystandi eður ei. Myndirnar, eða myndbandsupptökurnar, tala sínu máli. Nærtæk dæmi eru tvö tilfelli af lögregluaðgerðum sem fóru úr böndunum. Fyrst var það árás lögreglumanns á ungling í 10-11 og því næst beiting táragass á Patró. Í fyrra dæminu var það sérstaklega hentugt að atvikið hafði náðst á upptöku. Hver hefði trúað unglingi sem sakar lögreglumann um að hafa tekið sig hálstaki? Það skiptir ekki máli því það er til á teipi.



**ÁRÁS** Hver hefði trúað unglingi sem sakar lögreglumann um harðræði?

Ég man eftir einu fréttamáli úr fyrndinni. Þá náði einhver iðnaðarmaður mynd af pari sem var að svala fýsnum sínum í bíl fyrir utan nýbyggingu. Þá þótti mönnum sú tilviljun ótrúleg að iðnaðarmaðurinn hefði verið með myndavélina á sér akkurat á þessum tímapunkti og myndað klámið. Í dag myndi enginn kippa sér upp við þetta.

Á stórum fréttamómentum kemur þessi nýja tækni að góðum notum og allir gleðjast. Fólk elskar að horfa á þessi myndskeið og hreinlega drekkur þau í sig. Þetta er auðvitað á kostnað einkalífsins og friðhelgi þess og það er auðvitað efni í annan pistil. Ég fagna allavega þróuninni sem fjölmiðlamaður.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.15** Twenty Four
STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.20** Flipping Out NÝTT
STÖÐ 2



▶ **21.00** Style Her Famous NÝTT
SKJÁREINN



▶ **21.35** Úr vöndu að ráða NÝTT
SJÓNVARPIÐ



▶ **21.40** Kraftasport STÖÐ 2 SPORT

## SJÓNVARPIÐ

**15.30 EM 2008 - Upphitun**
**16.00 EM í fótbolta 2008** Bein útsending frá leik Tékka og Portúgala á Evrópumóti landsliða í fótbolta.
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Fréttir**
**18.23 Veður**
**18.25 EM 2008 - Upphitun**
**18.45 EM í fótbolta 2008** Bein útsending frá leik Svisslendinga og Tyrkja á Evrópumóti landsliða í fótbolta.
**20.45 Víkingalottó**
**20.50 Fæðingarheimilið** (8:9) Bandarísk þáttaröð um Addison Montgomery lækni sem heimsækir gömul skólasystkini sín til Kaliforníu.
▶**21.35 Úr vöndu að ráða** (1:7) (Miss Guided) Bandarísk gamanþáttaröð um konu sem var skotspónn skólafélaga sinna vegna útlits og óframfærni en snýr aftur seinna í skólann sem námsráðgjafi. Meðal leikenda eru Judy Greer, Chris Parnell, Kristoffer Polaha, Earl Billings og Brooke Burns.
**22.00 Tíufréttir**
**22.35 EM 2008 - Samantekt**
**23.05 Saga rokksins** (3:7) Bresk heimildarþáttaröð um sögu rokktónlistar frá því um 1960 og til nútímans. Í þessum þætti er fjallað um pönkið og við sögu koma The Sex Pistols, The Clash, Ramones, Television, Patti Smith, The Damned og Buzzcocks.
**23.55 Gríman 2008** Kynntar verða tilnefningar til Grímunnar sem verður afhent á föstudagskvöldið. (e)
**00.20 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.10 Vanity Fair**
**08.25 Blue Sky** (e)
**10.00 Charlie and the Chocolate Factory**
**12.00 Failure to Launch**
**14.00 Blue Sky** (e)
**16.00 Charlie and the Chocolate Factory**
**18.00 Failure to Launch** Rómantísk gamanmynd með Söruh Jessicu Parker og Matthew McConaughey í aðalhlutverkum.
**20.00 Vanity Fair**
**22.15 Borat**
**00.00 Touching the Void**
**02.00 U.S. Seals II**
**04.00 Borat**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Firehouse Tales, Jólaævintýri Scooby Doo, Camp Lazlo og Kalli kanína og félagar.
**08.15 Oprah** (Ask Dr. Oz II)
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella**
**10.15 Homefront** (2:18) (e)
**11.15 Wife Swap** (6:10)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Neighbours**
**13.10 Sisters** (18:24)
**14.00 Grey´s Anatomy** (21:36)
**15.00 Friends**
**15.25 Friends**
**15.55 Skrímslaspilið** (Yu Gi Oh)
**16.18 BeyBlade**
**16.43 Könnuðurinn Dóra**
**17.08 Ruff´s Patch**
**17.18 Tracey McBean**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.30 The Simpsons** (20:22)
**19.55 Friends** (6:23) Ross er óhress með nýju barnapíuna hennar Rachel og Phoebe á erfitt með að velja á milli nýja og gamla kærastans.
▶**20.20 Flipping Out** (1:7) Raunveruleikaþættir sem fjalla um Jeff Lewis sem er furðufugl, framapotari, fjárkúgari, fullkomnunarsinni, fegurðardýrkandi og algjör fantur. Hann býr einn, rekur eigin fasteignasölu og elskar hundana sína meira en nokkurt annað fólk.
**21.05 Grey´s Anatomy** (16:16) Fjórða sería. Ungu læknanemarnir eru orðnir að fullnuma og virðulegum skurðlæknum. Allir nema George sem féll á lokaprófinu og þarf því að slást í hóp með nýju læknanemunum.
**22.30 Oprah**
**23.15 Grey´s Anatomy** (22:36)
**00.00 Rome** (9:10)
**00.55 Rome** (10:10)
**02.00 The Singing Detective**
**03.45 Gargantua**
**05.15 Fréttir og Ísland í dag**
**06.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 LA Lakers - Boston** Úrslitakeppni NBA
**16.35 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið yfir víðan völl.
**17.05 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.
**18.00 Kaupþingsmótaröðin 2008** Sýnt frá öðru móti sumarsins.
**19.00 LA Lakers - Boston** Úrslitakeppni NBA
**21.00 F1. Við endamarkið** Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndveri ræða málin. Farið verður yfir helstu mál líðandi keppni og þau krufin til mergjar.
▶**21.40 Kraftasport - 2007** Keppnin um sterkasta mann Íslands fór fram á þjóðhátíðardaginn 17. júní. Sigurvegari keppninnar vinnur sér rétt til þátttöku í keppninni um sterkasta mann heims. Boris Haraldsson á hér titil að verja.
**22.15 Meistaradeildin - Gullleikir** Bremen - Anderlecht 8.12. 1993. Leikur Werder Bremen og Anderlecht í Evrópukeppni meistaraliða 1993. Fyrir fram var búist með jafnri viðureign en annað kom á daginn og mörkunum bókstaflega rigndi á Weserstadion í Brimarborg.
**00.00 World Series of Poker 2007**

## SPORT 2

**16.50 EM 4 4 2** Íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport ásamt sérfræðingum renna yfir hvern leikdag á EM.
**17.20 Football Icon** Enskur raunveruleikaþáttur þar sem ungir knattspyrnumenn keppa um eitt sæti hjá Chelsea. Sjö þúsund samningslausir knattspyrnumenn skráðu sig til leiks en aðeins fjórtán komust áfram.
**18.10 PL Classic Matches** Tottenham Hotspur - Liverpool, 93/94. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**18.40 Masters Football** UK Masters cup er vinsæl mótaröð þar sem keppa 32 lið skipuð leikmönnum sem gerðu garðinn frægan á árum áður í ensku úrvalsdeildinni.
**21.00 EM 4 4 2**
**21.30 10 Bestu - Arnór Guðjohnsen** Þriðji þátturinn af tíu en að þessu sinni er fjallað um Arnór Guðjohnsen og farið yfir feril hans.
**22.20 PL Classic Matches** Arsenal - Man United, 98/99.
**22.50 Bestu bikarmörkin**
**23.45 EM 4 4 2**

## SKJÁREINN

**07.15 Rachael Ray** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Dynasty** (e)
**09.30 Vörutorg**
**10.30 Óstöðvandi tónlist**
**14.10 Vörutorg**
**15.10 Snocross** Íslenskir snjósleðakappar í skemmtilegri keppni. (e)
**15.40 World Cup of Pool 2007**
**16.30 Girlfriends**
**17.00 Rachael Ray**
**17.45 Dr. Phil**
**18.30 Dynasty**
**19.20 Jay Leno** (e)
**20.10 Top Chef** (5:12) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir kokkar þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldshúsinu.
▶**21.00 Style Her Famous - NÝTT** (1:8) Stjörnustílistinn Jay Manuel, sem áhorfendur kannast vel við úr America´s Next Top Model, er mættur með sinn eigin þátt. Hann heimsækir venjulegar konur sem dreymir um að líta út eins og stjörnurnar í Hollywood og kennir þeim að klæða sig, mála, greiða og haga sér eins og uppáhaldsstjörnurnar þeirra.
**21.25 Style Her Famous** (2:8)
**21.50 How to Look Good Naked** (4:8) Bandarísk þáttaröð. Carson Kressley hjálpar konum með lítið sjálfsálit að hætta að hata líkama sinn og læra að elska lögulegar línurnar.
**22.20 Secret Diary of a Call Girl** (4:8) Bresk þáttaröð um unga konu sem lifir tvöföldu lífi. Vinir og vandamenn halda að Hannah sé í virðulega starfi en kúnnarnir þekkja hana sem Belle de Jeur.
**22.50 Jay Leno**
**23.40 Boston Legal** (e)
**00.30 Jekyll** (e)
**01.20 C.S.I.**
**02.00 Girlfriends** (e)
**02.25 Vörutorg**
**03.25 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir og Að norðan** Endurtekinn á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.05**

### Grey's Anatomy – tvö-faldur lokaþáttur kl. 21.05

Það er komið að tvöföldum lokaþætti fjórðu þáttaraðar eins vinsælasta þáttar Stöðvar 2, Grey´s Anatomy. Nú þurfa pörin að ákveða hvað þau ætla að gera í sínum málum en óvæntur atburður breytir lífi þeirra allra til frambúðar.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**EM í fótbolta BEINT**

### Sjónvarpið kl. 16.00 og 18.45

Sjónvarpið sýnir í dag tvo leiki frá EM í fótbolta í beinni útsendingu. Fyrst er það leikur Tékklands og Portúgals kl. 16.00 en seinni leikurinn er kl. 18.45 og þá spila Sviss og Tyrkland. Þorsteinn J. stjórnar upphitun fyrir hvern leik en einnig verður samtekt úr leikjum dagsins kl. 22.35.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Viltu syngja minn söng ?
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Bravó, bravó !
**15.03** Útvarpssagan: Sérherbergi
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Flækingur
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Tímakorn
**21.10** Út um græna grundu
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Svartfugl
**22.45** Svörtu sönggyðjurnar
**23.30** Loftbelgur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Seinfeld** (11:22) Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.
**17.30 Special Unit 2** (2:19) Gamansamir bandarískir spennuþættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu málin sem lögreglan þarf að hafa afskipti af, mál sem oftar en ekki eru af yfirnáttúrulegum toga.
▶ **18.15 Twenty Four 3** (3:24) Jack finnur pokann hans Kyle með dularfulla hvíta duftinu. Palmer fær meiri upplýsingar um ásakanirnar í garð Anne. Chase er allt annað en sáttur þegar Jack fer að útiloka hann frá aðgerðum sem eru í gangi.
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Seinfeld** (11:22)
**20.30 Special Unit 2** (2:19)
**21.15 Twenty Four 3** (3:24) (e)
**22.00 Shark** (14:16) Sebastian sækir erfiðustu málin fyrir saksóknaraembættið og oftar en ekki hittir hann fyrir harðsvíraða glæpamenn sem hann eitt sinn varði sjálfur.
**22.50 Traveler** (2:8) Tveir skólafélagar standa skyndilega frammi fyrir því að vera hundeltir af alríkislögreglunni og eru hafðir fyrir rangri sök um að hafa valdið sprengingu á safni.
**23.35 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen eru umsjónarkonur. Gestir: Björk Jakobsdóttir, Lísa Kristjánsdóttir, Guðrún Bergmann.
**21.00 Birkir Jón** Þáttur í umsjón Birkis Jóns Jónssonar alþingismanns.
**21.30 Hvað ertu að hugsa?** Umsjón: Guðjón Bergmann. Gestur: Jóna Björg Sætran menntunarfræðingur og ráðgjafi í árangursfræðum.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Kontant **10.35** Aftenshowet 2. del **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Dawson's Creek **13.50** En lille reminder: Zig Zag-grandprix **14.05** Last Exile **14.30** Bernard **14.35** Lucky Luke **15.00** AMIGO **15.30** Der var engang.... **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ud i det blå **18.00** Søren Ryge præsenterer **18.30** De store bjørne **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** En sag for Frost **21.40** Onsdags Lotto **21.45** OBS **21.50** Seinfeld **22.15** Møde med psykiater Tuula Wallsten

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Den lunefulle naturen **10.40** Schrödingers katt **11.35** Fyreiere i blåsten **12.05** Presidenten **12.45** Sunt vett **13.30** To mistenkelige personer **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Danske Vidundere **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Nysgjerrige Nils **16.15** Dyrestien 64 **16.25** Todds verden **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Forbrukerinspektørene **17.55** Veterinær på safari **18.25** Abrahams barn **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Vikinglotto **19.40** Kriseteamet **20.30** Litt som deg **21.00** Kveldsnytt **21.20** Lydverket **21.50** Heaven **23.25** Du skal høre mye jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Himlen över Danmark **10.35** Mitt i naturen **11.25** Analys av ett mord **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Flyttlasset går **15.30** Fantastiska berättelser **16.00** Bolibompa **16.10** Storasyster och lillebror **16.15** Bosse bogserbåt **16.30** Hej hej sommar **16.31** Planet Sketch **16.50** Det femte väderstrecket **17.00** Blue Water High **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Dagen de överlevde **20.00** Big Love **20.50** Rapport **21.00** Kulturnyheterna **21.15** Sommartorpet **21.45** Packat & klart sommar **22.15** Baronessan **22.45** Sändningar från SVT24




**GAMLA MYNDIN**



*„Ég var alltaf svolítill hippi og er það eiginlega enn. Maður er alltaf maður sjálfur.“*

Þórunn Sigurðardóttir, listrænn stjórnandi Listahátíðar í Reykjavík. Myndin var tekin í janúar 1974.

# *Íbúar fagna mjög breyttum lokunartíma*

„Barátta okkar er heldur betur farin að bera árangur. Borgaryfirvöld og lögreglustjóri eru loksins farin að hlusta á okkur. Já, við fögnum en ég hrósa þó ekki happi fyrr en þetta er komið á. Ég vona að yfirvöld séu hörð á þessu en veitingamenn eru að malda í móinn. Ég held þeim sé ekki stætt á því,“ segir Elín Guðrún Gunnlaugsdóttir arkitekt og miðborgarbúi.

Fréttablaðið greindi frá því á föstudag að veitingastöðunum Vegamótum og Ölstofunni við Vegamótastíg hafi verið gert, með bréfi frá borgaryfirvöldum, að stytta opnunartíma sinn frá klukkan hálf sex til klukkan þrjú um helgar. Er um vika í að það komi til framkvæmda. Þessu fagna íbúar í nágrenni við staðina mjög að sögn Elínar og er að vænta yfirlýsingar frá þeim í lok vikunnar vegna orða Kormáks Geirharðssonar verts á Ölstofunni þess efnis að veitingamenn gruni að aðeins sé um að ræða kvartanir til Stefáns Eiríkssonar lögreglustjóra frá einu símanúmeri. Elín segir það af og frá.

„Þetta eru íbúar í um 16 til 17 íbúðum sem ég hef verið í sambandi við og á þessu áhrifasvæði sem ég vil svo nefna. Allir himinlifandi,“ segir Elín og er þá aðallega að tala um þá sem búa við Grettisgötu og Klapparstíg. Þar hafi margir verið orðnir afar þreyttir á ástandinu en sumir ekki haft rænu á að hringja og kvarta.

Elín telur aðspurð styttan opnunartíma bæta ástandið til mikilla muna. Hún talar um að dynur frá tónlist haldi fyrir íbúum vöku og þá einnig arg og garg sem vilji fylga drukknum Íslendingum þar sem þeir standa fyrir utan staðina og reykja. Þá hrökkva íbúar upp af svefni sínum – þeir sem náð hafa að festa svefn. „Við erum í vígahug núna og það eru ýmsar reglur brotnar. Svo sem að fara með vínglös út fyrir hússins dyr. Þá hefur orðið breyting á Oliver við Laugaveg með nýjum rekstraraðilum. Þar eru svalir sem liggja að Grettisgötu 5. Ég er í húsi númer 3. Þangað út fara gestir til að reykja og tónlistin flæðir út. Þetta er alveg yfirgengilegt,“ segir Elín. - jbg



**ELÍN GUNNLAUGSDÓTTIR** Segir íbúa fagna því mjög að borgaryfirvöld hafi gert þeim á Ölstofunni og Vegamótum að loka fyrr um helgar.



**LÁRÉTT**
**2.** stöngulendi, **6.** tvíhljóð, **8.** angra, **9.** fyrirboði, **11.** ætíð, **12.** skrælnuð trjágrein, **14.** ísjaki á sjó, **16.** í röð, **17.** útsæði, **18.** upphrópun, **20.** bor, **21.** innyfla.

**LÓÐRÉTT**
**1.** afturendi, **3.** guð, **4.** endurnefna, **5.** mánuður, **7.** frami, **10.** geislahjúpur, **13.** bókstafur, **15.** hamingja, **16.** kk nafn, **19.** frú.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** brum, **6.** au, **8.** ama, **9.** spá, **11.** sí, **12.** sprek, **14.** hafís, **16.** de, **17.** fræ, **18.** úff, **20.** al, **21.** iðra.
**LÓÐRÉTT: 1.** rass, **3.** ra, **4.** umskíra, **5.** maí, **7.** upphefð, **10.** ára, **13.** eff, **15.** sæla, **16.** dúi, **19.** fr.



**MEÐ MIÐANN GÓÐA** Geiri ásamt dóttur sinni Alexöndru Katrínu sem er að verða níu ára 23. september. Ef afmælisdagur hennar hefði verið á miðanum væri Geiri nú að fagna 260 milljóna króna vinningi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**ÁSGEIR ÞÓR DAVÍÐSSON:** HK FÆR MILLJÓNINA ÚR DÓMSALNUM

# Geiri vann 9 milljónir í lottó

„Ég nota afmælisdaga. En það er erfitt að ná öllum tölum á einn miða þegar maður á 7 börn, 3 barnabörn og 4 barnsmæður. Einhverra hluta vegna er afmælisdagur dóttur minnar sem býr hjá okkur núna ekki þarna með. Þá hefði ég unnið 260 milljónir,“ segir Ásgeir Þór Davíðsson veitingamaður sem betur er þekktur sem Geiri á Goldfinger. Hann var að vinna 9 milljónir í Víkingalottóinu.

Þann 21. maí var heppinn Dani sem var með sex tölur réttar í Víkingalottóinu, ofurtalan var með (19) og fékk hann 505 milljónir. En, þetta sama kvöld var einnig heppinn Íslendingur með fimm tölur réttar og bónustöluna. Hann fékk íslenska bónuspottinn skattfrjálst og er 8,5 milljónum ríkari. Og það er okkar maður. Geiri.

„Já, eða ég fékk 8,9 milljónir af því ég er með kerfisseðil,“ segir Geiri – lukkunnar hrólfur. Sem lýsir aðdragandanum þannig að konan hans var að skamma hann fyrir kveinstafi og benti Geira á að þegar neyðin er stærst er hjálpin næst. Og sú var raunin núna líkt og árið 1984 þegar Geiri vann 500 þúsund sem þá var hæsti vinningur í happdrætti Háskóla Íslands.

„Þá var ég líka næstum því kominn á hausinn. Já, ég var eitthvað að kvarta undan blankheitum. Ég læt reyndar alltaf eins og ég sé milljónamæringur hvort sem ég er blankur eða ekki. Enda skiptir það mig engu máli því menn spyrja mig bara hvort ég kunni annan þegar ég segist blankur,“ segir Geiri og hlær. Hann segist engar áhyggjur hafa af kvabbi og betli þó þetta komi fram. „Það er hvort sem er alltaf verið að kvabba í mér.“

Nýverið vann Geiri meiðyrðamál á hendur Jóni Trausta Reynissyni og Ingibjörgu Dögg Kjartansdóttur og tímaritinu Ísafold. Geiri er mikill velgjörðarmaður og bakhjarl HK í Kópavogi og hafði heitið því að ef hann myndi vinna það mál myndi fjárhæðin sú renna óskipt til íþróttafélagsins. Og telur að Guð almáttugur sé nú að launa honum gæskuna þá með vöxtum. Peningana hyggst hann nota í að borga skuldir. Sem eru ærnar í tengslum við uppbyggingu mikils og glæsilegs veitingastaðar – Steak and Play – sem hann er að reisa við Grensásveg. Verið er að handsmíða innréttingar í útlöndum.

Að sögn Guðbjargar Hólm hjá Íslenskri getspá hafa Íslendingar því miður ekki mikið sótt gull í greipar Víkingalottósins sem skyldi frá því það hófst árið 1993 sem samstarf fimm Norðurlanda. En standa þó nokkurn veginn á jöfnu.

„1. vinningurinn hefur komið 14 sinnum til Íslands og hæsti vinningurinn, 105 milljónir, kom í október árið 2007. Hann fór til Akureyrar,“ segir Guðbjörg en Akureyringar eru öðrum landsmönnum heppnari. Hæsti bónusvinningurinn, 54 milljónir, fór einnig þangað. „Heildarupphæð frá upphafi til Íslands í 1. vinning eru 500 milljónir og 700 á bónusvinninginn.“ **jakob@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Sóley Tómasdóttir**, varaborgarfulltrúi Vinstri grænna og feministi númer eitt, er ekki ýkja sátt við fréttaflutning vefsíðunnar Vísir.is af auglýsingum á einkamal.is. En þar var óskað eftir klámmyndaleikurum, bæði körlum og konum. Sóley sendir ritstjórninnin dulbúin skot með því að auglýsa eftir fólki til að selja eiturlyf. Sóley skrifar af sinni alkunnu kaldhæðni að salan muni aðallega fara fram hérlendis en líka eitthvað smá erlendis og að góð laun séu í boði. Hún vísar síðan áhugasömum á að hafa samband við blaðamenn vísir.is.



Eftir að Fréttablaðið birti niðurstöður í netkönnun bloggarans Jens Guð um verstu íslensku hljómsveitarnöfnin bættust við 800 atkvæði, öll greidd Pláhnetunni. Jens telur að hakkari á vegum Eurobandsins hafi verið að verki og ógilti öll atkvæðin. Eurobandið þykir því eftir sem áður versta íslenska hljómsveitarnafnið. **Friðriki Ómari** er þó eflaust nokk sama og hamast sem aldrei fyrr í líkamsræktinni þar sem Yesmine Olsson ber hann áfram. Kannski á nú bara að taka Eurovision með trompi 2009?



Annars virðast þau **Regína Ósk** og áðurnefndur Friðrik vera staðráðin í að hvílast vel þrátt fyrir að gripið sé í lóðin við og við. Því samkvæmt My Space-síðu hópsins koma þau ekki fram opinberlega fyrr en 14. júní. Þá hefur sveitin í raun ekkert spilað síðan kvöldið örlagaríka í Serbíu en ef marka má síðuna ætla þau að taka land og þjóð með trompi þegar hinu sjálfskipaða leyfi lýkur. - fgg/glh




**Blaðberinn bíður þín**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið



FISKBÚÐIN HAFBERG Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

**Glæný línuýsa, lax, lúða, skötuselurgellur, sigin grásleppa.**

**Úrval fiskrétta á grillið**



**opið**
**mán-fös 10-18:15**
**og lau 11-14:00**


# Leita að gömlum Spur-flöskum

„Við höfum fengið mikið inn, bæði af flöskum, kössum og auglýsingum,“ segir Andri Þór Guðmundsson forstjóri Ölgerðar Egils Skallagrímssonar sem nú auglýsir eftir gömlum munum tengdu fyrirtækinu. „Við erum að stækka við okkur og tökum nýtt hús í notkun í mars á næsta ári. Þar viljum við bjóða gestum okkar að upplifa sögu Ölgerðarinnar.“

Almenningur er kvattur til að láta vita ef hann á vörur tengdar sögu Ölgerðarinnar og eru svalandi verðlaun. „Maður er að sjá allskyns hluti sem maður vissi ekki að væru til,“ segir Andri. „Drykki eins og Sítrón og Kampavín. En svo líka hluti sem menn á miðjum aldri eins og ég muna eftir, Póló-flöskur og Sinalco. Nei, Spur er ekki komið ennþá. Okkur vantar ennþá Spurflösku.“

Ölgerðin heldur upp á aldarafmæli sitt árið 2013 og lofar Andri miklum hátíðahöldum af því tilefni. Malt var fyrsti drykkurinn sem Tómas Tómasson stofnandi Ölgerðarinnar hóf að framleiða og enn er verið að framleiða Malt eftir sömu uppskrift. „Það eru til malt-drykkir um allan heim en þeir eru mun bitrari en okkar Malt,“ segir forstjórinn. „Svo lumar vöruþróunardeildin á ýmsu. Diet Malt? Nei, takk. Við erum nú ekki að fara út í einhverja vitleysu með Maltið!“ - glh



**EKKERT DIET MALT Á LEIÐINNI** Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar, auglýsir eftir munum tengdum fyrirtækinu. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.


[ STÓLA FYRIR ÓLA ]
VIÐ STÓLUM Á ÞIG
KOMDU MEÐ STÓL Í BORGARLEIKHÚSIÐ OG SKELLTU ÞÉR SVO Á FÓLKIÐ Í BLOKKINNI EFTIR ÓLAF HAUK SÍMONARSON Í HAUST
Þann 10. október frumsýnir Borgarleikhúsið glænýjan söngleik eftir Ólaf Hauk Símonarson, Fólkið í blokkinni, í leikstjórn Unnar Aspar Stefánsdóttur. Af því tilefni biðjum við landsmenn um aðstoð. Okkur vantar hvorki fleiri né færri en 400 stóla! Við fölumst eftir þægilegum stólum af öllum gerðum, t.d. borðstofustólum, eldhússtólum og fundarstólum – en hægindastólar eru þó afþakkaðir.
VIÐ TÖKUM VIÐ STÓLUNUM Í ANDDYRI BORGARLEIKHÚSSINS Á MORGUN, FIMMTUDAGINN 12. JÚNÍ KL. 16–18.
Allir sem leggja í púkkið fá gjafakort á forsýningu verksins í október – og fjórir heppnir gefendur eignast áskriftar-kort í Borgarleikhúsinu næsta vetur, á valdar sýningar af stórglæsilegri dagskrá leikhússins á næsta leikári.
LEIKARAR ÚR SÖNGLEIKNUM MUNU TAKA VEL Á MÓTI YKKUR, HEITT Á KÖNNUNNI!
BORGARLEIKHÚSIÐ

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

**MEST LESIÐ:**

Eimskip gæti þurft að afskrifa milljarða
Pólskt brauð í bakaríum Myllunnar
Þorvaldur Gylfason krefur Skuggahverfi um milljónir
Bubbi rómantískur – fór til Parísar í brúðkaupsferð

vísir.is
...ég sá það á visir.is



**BAKÞANKAR**
**Þórhildar Elínar Elínardóttur**

## *Hættulegt hættumat*

Vegvilltur túristi á unglingsaldri var í síðustu viku skotinn á færi í fjallshlíð í Skagafirði. Alfriðaður og hopandi inn í þoku undan kúrekum norðursins sem ekki datt í hug friðsöm leið að lausn málsins. Þetta var að sönnu enginn kettlingur en skyndiniðurstaða málsins var flaustursleg og barbarísk. Hvítabjörninn var reyndar svo lánsamur að aftökuna tók fljótt af, frændi hans fyrir vestan var ekki eins heppinn hér um árið. Af fréttum mætti áætla að sums staðar á landinu byggi fólk með mjög lágt enni og skósíða handleggi.

**AUÐVITAÐ** er eðlilegt að hrökkva í kút í tvísýnu, en yfirvegun viðbragða eru einn mælikvarðinn á menningarstig. En þótt skyndihvöt til að afstýra hættuástandi geti hlaupið með fólk í gönur eins og sannaðist í hvítabjarnarmálinu, þá virðist fágunin líka geta gengið út í öfgar. Svo mjög að augljóst hættuástand fær að njóta vafans langt út fyrir alla skynsemi.

**ÞÓRÐUR** Jónsteinsson er sá ógæfumaður að hafa með vítaverðum akstri orðið valdur að dauða farþega síns og lítillar stúlku í bílnum sem hann keyrði á. Í árekstrinum slasaðist bróðir litlu stúlkunnar svo mjög að síðan er hann bundinn við hjólastól. Hverri heilbrigðri sál væri það óbærilegur harmleikur að hafa orðið slíkur örlagavaldur í lífi og dauða annars fólks.

**EN** Þórður iðrast einskis því þetta var ekki honum að kenna. Hann var nebblega ekki að taka framúr skiluru. Frá því aksturslag hans drap tvær manneskjur og örkumlaði barn hefur hann reyndar verið tekinn fyrir ofsaakstur níu sinnum. Kannski þýðir það sturlaðan akstur í hundrað skipti? Hinn fágaði héraðsdómur úrskurðaði þennan stórhættulega mann í eins árs fangelsi og svipti ökuréttindum í fjögur ár. Eftir þann tíma getur hann skellt sér aftur löglega á rúntinn. Samviskan tandurhrein, hann var ekki að taka framúr, manstu?

**RÉTTLÆTISKENNDIN** æpir og veinar. Ef til vill gæti hið umburðarlynda réttarkerfi tileinkað sér aggalítið af taugaveikluninni fyrir norðan eða vestan. Sumar lífverur eru nefnilega hættulegar í alvörunni. Kannski ættum við ekki að dæma þær í kurteislegt fangelsi og svipta ökuleyfi, heldur senda í almennilega fjallgöngu í Skagafirði.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 11. júní, 164. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.02 | 13.27 | 23.54 |
| Akureyri | 1.55 | 13.12 | 0.33 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

www.toyota.is




**Prius – þú finnur ekki sparneytnari bíl.**

Hækkun á eldsneytisverði er orðin að veruleika. Þess vegna býðst þér ekki hagkvæmari kostur en Prius, bíll sem notar aðeins 4,2 lítra af bensíni á 100 km í blönduðum akstri.

Prius er knúinn bæði rafmagns- og bensínvél. Hann er sjálfum sér nógur um rafmagn og gefur frá sér allt að 55% minna koldíoxíð en hefðbundnir bensínbílar af svipaðri stærð. Hann er umhverfisvænni og mikilvægt skref í átt að hreinni heimi og skynsamlegri notkun á auðlindum jarðar.

Komdu og reynsluaktu Prius – upplifðu sparneytni í verki.

Verð frá 3.660.000 kr.

The power to move forward

Prius leggur frítt í miðborginni

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi, Nýbýlavegi 4, Kópavogur, Sími: 570-5070
Toyota Akureyri, Baldursnesi 1, Akureyri, Sími: 460-4300
Toyota Reykjanesbæ, Njarðarbraut 19, Reykjanesbær, Sími: 420-6600
Toyota Selfossi, Fossnesi 14, Selfoss, Sími: 480-8000
Toyota Austurlandi, Miðási 2, Egilsstaðir, Sími: 470-5070

* Í blönduðum akstri. Viðmiðunartölur framleiðanda